


**SKOÐUN** Jóhanna Axelsdóttir skrifar að spennst hafi upp fátækragildra vegna kerfis Tryggingastofnunar. **13**



**MENNING** Magnús Trygvason Eliassen trommar með tuttugu mismunandi hljómsveitum. **26**



**SPORT** Gunnar Nelson tekur risastökk upp styrkleikalistann í blönduðum bardagaíþróttum. **22**


**Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!**

**93%**

Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna




Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, okt.-des. 2012.



# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
20. febrúar 2013
43. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**MARKAÐURINN**



### Uppgangur í Grænlandi

Fjölmörg íslensk fyrirtæki horfa til Grænlands í leit að viðskiptatækifærum og mikill vilji hjá grænlenskum fyrirtækjum að starfa með þeim íslensku.

**FRÉTTIR**

**FBI-piltur fær áheyrn** Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis ræðir við FBI-piltinn í vikunni. **2**

**Mæðrum á fimmtugsaldri fjölgar** Danskar mæður yfir fertugu hafa aldreið verið fleiri en á síðasta ári. Þá fæddu þær rúmlega 2.000 börn. **4**

**Skaut Reeve óvart** Hlauparinn skaut kærustu sína fyrir mistök að eigin sögn. **6**




**12**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | | A | 7 |
| Akureyri | 4° | | A | 4 |
| Egilsstaðir | 6° | | SA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | | SA | 8 |
| Reykjavík | 7° | | SA | 8 |

**VÆTA SYÐRA** Í dag verða víðast suðaustan 3-10 m/s. Rigning S- og SA-til en annars úrkomulítið. Hiti 2-9 stig. **4**

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Barnaheill | Fólk




# Aukagreiðsla skerðir bætur

Breytt fyrirkomulag á atvinnuleysisbótum þýðir að þeir sem duttu af bótum um áramót fá ekki fulla fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum fyrr en í mars. „Finnst að samfélagið sé að hafna mér,“ segir atvinnuleitandi.

**FÉLAGSMÁL** Nýtt fyrirkomulag á útgreiðslu atvinnuleysisbóta skerðir félagslegar bætur þess hóps sem datt af atvinnuleysisbótum um áramót og leitar nú fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögunum.

Dæmi eru um að fólk hafi ekki fengið neinar bætur frá sveitarfélögum í janúar og fái skertar bætur í febrúar. Um 1.400 manns misstu rétt sinn til atvinnuleysisbóta um áramót þar sem þeir höfðu verið þrjú ár eða lengur á bótunum. Einar Gunnarsson er einn þeirra.

Hann hefur sótt um fjölda starfa síðan hann missti vinnuna en ekkert fengið. Hann segir erfitt fyrir mann á sínum aldri að fá vinnu en hann er 63 ára gamall.

Einar fékk greiddar fullar atvinnuleysisbætur 31. desember, 167 þúsund krónur fyrir skatt, 146 þúsund þegar allt var frá dregið. Þá lagði Vinnumálastofnun 36 þúsund krónur inn á reikning hans 7. janúar, eftirstöðvar af rúmlega 60 þúsund króna greiðslu sem hann átti inni samkvæmt nýja fyrirkomulaginu. Vinnumálastofnun greiðir út bætur eftir á en fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er greidd út fyrir fram. Einar á rétt á rúmlega 163 þúsund krónum á mánuði í fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg. Allar tekjur sem hann hefur skerða þá upphæð hins vegar, þar með talið atvinnuleysisbæturnar. Einar fær því enga fjárhagsaðstoð í janúar frá Reykjavík og aðeins 99.303 krónur í febrúar.

## 800-900 störf

Gissur segir að reynt hafi verið að bregðast við þeim mikla fjölda sem missti rétt á bótum. Hleypt hafi verið af stað átaki sem nefnist Liðsstyrkur. Þeir sem í það komast fá biðstyrk á meðan reynt er að búa til starf handa þeim. Atvinnurekandinn fær síðan styrk í sex mánuði eftir að viðkomandi hefur verið ráðinn. Alls hafa skapast á milli 800 og 900 störf í þessu átaki. Einar segist hins vegar hafa fengið þær upplýsingar hjá Vinnumálastofnun að hann hefði ekki rétt á því að fara í verkefnið.

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segist hafa heyrt af því að komið hafi upp skerðing á bótum þeirra sem þurfa að sækja fjárhagsaðstoð til sveitarfélaganna eftir að hafa misst rétt á atvinnuleysisbótum. Það geti verið vandamál þar sem þeir hafi ekki átt von á þeirri skerðingu.

Einar er að vonum ósáttur við fyrirkomulagið. „Manni finnst að samfélagið sé að hafna manni, að maður sé einskis nýtur pappír og það sé eins gott að maður fari nú helst fljótlega að fara yfir móðuna miklu. Þá er enginn kostnaður við mann,“ segir Einar.

**- kóp**



**Á INSÚLÍNI** Nokkur fjöldi katta og hunda er á insúlíni, að sögn Lísu Bjarnadóttur dýralæknis. Tíðni sykursýki hjá dýrunum hefur aukist á undanförnum árum og er lífsstíllinn í sumum tilfellum ástæðan fyrir sykursýkinni. Auk insúlíns fá dýrin sérstakt fóður vegna veikindanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Besti leikur „ársnis“:

## Villur í kven-Eddustyttunum

**MENNING** „Ég hafði ekki heyrt af þessu en það er minnsta málið að kippa þessu í liðinn. Það var farið yfir allar stytturnar fyrir afhendingu, þær pússaðar og gerðar fínar, en þetta hefur farið alveg fram hjá okkur,“ segir Brynhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Eddunnar. Sömu stafsetningarvillu er að finna á tveimur verðlaunastyttum, fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki og í aukahlutverki. Á skildinum stendur „ársnis“ í stað „ársins“.



Handhafar umræddra verðlaunastytta eru leikkonurnar Sara Dögg Ásgeirsdóttir og María Birta Bjarnadóttir. Hvorug þeirra hafði haft samband við Brynhildi þegar Fréttablaðið ræddi við hana.

**- sm / sjá síðu 26**




*Fiskislóð 39*

Opið alla virka daga
kl. 10–18
og laugardaga kl. 11–15

FORLAGIÐ
BÓKABÚÐ FORLAGSINS


Stórmyndin Everest verður að öllum líkindum tekin upp hér á landi:

# Bale líklegur í nýjustu mynd Balta

**KVIKMYNDIR** Baltasar Kormákur stefnir á að taka upp nýjustu mynd sína, Everest, að stærstum hluta á Íslandi. Áætlað er að myndin kosti um 80 milljónir dollara eða rúma tíu milljarða íslenskra króna.

Samningaviðræður standa nú yfir um að Óskarsverðlaunahafinn Christian Bale, sem meðal annars hefur leikið Batman, muni taka að sér aðalhlutverkið í myndinni. Hann og Baltasar ræddu málin rétt fyrir jól og þar fékk Óskarsverðlaunahafinn meðal annars að sjá Djúpið.

„Bale er sá besti í bransanum og sá erfiðasti að fá. Þessi mynd verður svakalega stór og krefjandi verkefni og hann er fyrsta púslið í því,“ segir leikstjórinn sem getur ekki gefið upp á þessu stigi hvaða aðrir leikarar taka þátt í myndinni.



Bale fékk Óskarsverðlaun fyrir besta leik í aukahlutverki árið 2010 fyrir myndina The Fighter. Hann hefur meðal annars leikið Batman og í American Psycho.

Kostnaðurinn við myndina nemur um 80 milljónum dollara eða rúmum 10 milljörðum íslenskra króna. Með endurgreiðslu ríkissjóðs vegna kvikmyndagerðar má áætla að kostnaðurinn lækki niður í 60 milljónir dollara. Undirbúningur er þegar hafinn og er áætlað að tökur hefjist þann 22. júlí.

„Við erum á leið upp á Vatnajökul að skoða aðstæður og ég er að reyna selja fólkinu þá hugmynd að taka hana upp hér og í Nepal,“ segir Baltasar.

**- kh / sjá síðu 4**




HOLLT OG LJÚFFENGT Í HÁDEGINU

SPÍRAN

BORÐUM VEL

## SPURNING DAGSINS



Stefán, er lögreglan lítið fyrir þetta harða efni?

**„Gleðin er besta víman, eins og Magnús Eiríksson segir.“**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði afskipti af tugum gesta á raftónlistarhátíðinni Sónar um helgina, sem reyndust vera með fíkniefni í fórum sínum. Stefán Eiríksson er lögreglustjóri.

Björgvin G. Sigurðsson segir sjálfsagt að miðdepillinn fái að tjá sig:

# FBI-piltur fær nefndaráheyrn

**ALÞINGI** Pilturinn sem fulltrúar FBI ræddu við hér á landi sumarið 2011 um starfsemi Wikileaks mun koma á fund allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis á fimmtudag. Þetta staðfestir nefndarformaðurinn Björgvin G. Sigurðsson.

„Hann sendi mér erindi þar sem hann spurðist fyrir um það hvort það stæði honum til boða að koma fyrir nefndina ef hann óskaði eftir því. Ég bar það undir mína félaga í meirihlutanum og okkur fannst hann í raun eiga rétt á því, af því að hann er ákveðinn miðdepill í þessari umfjöllun í nefndinni og við fjölluðum mikið um þetta,“ segir Björgvin.



BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON

Nefndin fékk ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, innanríkisráðherra og fulltrúa Wikileaks á fund sinn í síðustu viku til að fara yfir málið, sem snýst um það þegar hópur FBI-fulltrúa var hér á landi í ágúst 2011 og ræddi við piltinn í fimm daga án aðkomu íslenskra yfirvalda.

„Ef honum finnst hann þurfa að fá sama aðgengi og yfirvöld að nefndinni til að skýra frá sínum þætti finnst mér ágætt að hann fái það,“ segir Björgvin.

Hann kveðst líta svo á að umfjöllun nefndarinnar um málið sé lokið að öðru leyti. - sh

Enn einn metmánuðurinn:

# Ferðamönnum fjölgaði um 30%

**FERÐAÞJÓNUSTA** Um 34 þúsund erlendir gestir fóru frá Íslandi um Leifsstöð í janúar. Hafa ferðamenn í janúar aldrei verið fleiri og fjölgaði þeim um 30% frá því í sama mánuði í fyrra sem var sá fjölmennasti frá upphafi þar til núna.

Af einstökum þjóðernum voru Bretar venju samkvæmt fjölmennastir ferðamanna sem hingað komu í mánuðinum. Bandaríkjamenn voru næstfjölmennastir og þá fjölgaði ferðamönnum frá Kína, Japan og Þýskalandi. - mþl



**VERÐLAUN VEITT** Ólafur Ragnar Grímsson afhenti verðlaunin - listaverkið Blessun eftir Bjargeyju Ólafsdóttur.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í 18. sinn:

# Rafstrokin harpa taldist bera af

**MENNING Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2013 voru veitt við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í gær. Verkefnið sem hlaut verðlaunin að þessu sinni heitir OHM – hönnun, þróun og smíði nýs hljóðfæris og var það unnið af Úlfi Hanssyni, nemanda við Listaháskóla Íslands. Leiðbeinandi hans í verkefninu var Hans Jóhannsson hjá Fiðlusmíðaverkstæðinu.**

**Hljóðfærið er 26 strengja rafstrokin harpa, með snertitökkum, en er að auki sjálfspilandi með sérsmíðuðu tölvuforriti sem var hluti hönnunarvinnunnar.**

**Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verðlaunin voru fyrst veitt 1996 og eru því nú veitt í átjánda sinn.** - shá

# Sykursýki í hundum og köttum algengari

Lífsstíll er meðal annars ástæðan fyrir sykursýki í hundum og köttum. Dýrin fá insúlín og mataræði breytt. Eins og að annast langveikt barn, segir dýralæknir.

**DÝR** Tíðni sykursýki hjá köttum og hundum hefur aukist á undanförnum árum. Þó nokkur fjöldi dýra er á insúlíni. Lífsstíllinn er í sumum tilfellum ástæðan fyrir sykursýkinni, að sögn Lísu Bjarnadóttur, dýralæknis á Dýraspítalanum í Víðidal.

„Ég er búin að vera dýralæknir í þrettán ár. Þegar ég byrjaði þekktist þetta varla. Nú sjáum við að þetta er orðið frekar algengt,“ greinir Lísa frá.

Hún getur þess að sum þessara dýra, þá sérstaklega kettir, séu með önnur sykursýki. Þá dugi að setja þá á insúlín og sérstakt fæði í ákveðinn tíma. „Það er einn og einn svoleiðis en sem betur fer er fólk meðvitað um að passa holdafarið á þeim.“

Lísa segir fóðrið misjafnt eftir tegundum. „Betri tegundirnar eru nú þannig að þær eru sérsniðnar að þörfum katta og hunda og það er mikið lagt í rannsóknarvinnu í sambandi við það.“

Sumum hundategundum er hættara við að fá sykursýki en öðrum. „Þetta eru erfðafræðilegir þættir en kannski spilar fæðið einhverja rullu í því. Það er ekki hægt að fullyrða um slíkt í köttum.“

Ef dýrin reynast vera með sykursýki eru þau sett á insúlín og fá þá daglega meðhöndlun. „Það er til sérstök tegund af insúlíni fyrir dýr en hún hentar ekki öllum. Við erum líka með dýr á mannainsúlíni. Það þarf að sprauta dýrin daglega og fólk er bundið yfir þessu. Ef vel á að vera þarf að mæla reglulega sykurmagnið í blóðinu til að kanna hvort sprautu sé þörf. Samtímis þarf að gæta þess að dýrin borði. Þetta er eins og að annast langveikt barn.“



**KÖTTUR OG HUNDUR** Sykursýki í köttum og hundum er orðin frekar algeng, að sögn Lísu Bjarnadóttur dýralæknis. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fyrstu einkenni sykursýki í dýrum

Sykursjúk dýr drekka mikið og pissa mikið, að sögn Lísu Bjarnadóttur dýralæknis.

Ef ekki er brugðist við verða dýrin þurr og mjög slöpp þrátt fyrir mikla drykkju.

Leiði rannsókn í ljós að um sykursýki sé að ræða eru dýrin sett á insúlín og fá sérstakt fæði. Sumum dugar að breyta um fæði.

Í samantekt sænska tryggingafélagsins Agria Djurförsäkringar kemur fram að fjöldi katta í Svíþjóð sem fær sykursýki hefur meira en tvöfaldast á tveimur árum. Í sænskum fjölmiðlum er haft eftir dýralækninum Emmu Strage að kettir hreyfi sig ekki nógu mikið og fái rangt fóður. Algengt er í Svíþjóð að kettir séu eingöngu hafðir innandyra.

Lísa segir að engar tölur séu til yfir fjölgun sykursjúkra dýra á Íslandi en aukningin sé greinileg.

ibs@frettabladid.is

**Þegar ég byrjaði þekktist þetta varla. Nú sjáum við að þetta er orðið frekar algengt.**

*Lísa Bjarnadóttir dýralæknir*

Kóngur rændur í Ósló:

# Stálu ganverskum djásnum á norsku hóteli

**NOREGUR** Þrír perúskir ríkisborgarar hafa verið ákærðir fyrir að hafa stolið krúnudjásnum konungsins af Gana, Otumfuo Osei Tute annars, í anddyri Plaza-hótelsins í Ósló í október í fyrra.

Konungurinn var í opinberri heimsókn í Noregi og var að innrita sig á hótelið þegar ferðatösku með djásnunum var stolið. Talið er að um fjögur kíló af gulli hafi verið að ræða. Aðeins lítill hluti skartsins hefur komið í leitirnar.

Tveir hinna ákærðu voru handteknir í Svíþjóð. Annar þeirra var gripinn á Arlanda-flugvellinum í Stokkhólmi og var hann á leið úr landi. - ibs

Fréttir af loðnu við Grímsey:

# Leita að loðnu fyrir norðan

**SJÁVARÚTVEGUR Tvö skip HB Granda leita að loðnu á hafsvæðinu við Grímsey en þaðan hafa borist spurnir af loðnugengd síðustu dagana.**

**Arnþór Hjörleifsson, skipstjóri á Lundey, segir í frétt á heimasíðu fyrirtækisins að margar vísbendingar hafi borist um að loðnu sé að finna fyrir öllu Norðurlandi en ekki vitað hvort hún er í veiðanlegu magni.**

**„Smábátasjómenn úr Grímsey segjast hafa siglt yfir stórar loðnutorfur og að þorskurinn sé fullur af loðnu. Svipaðar fréttir berast víðar að, til dæmis úr Þistilfirðinum, og það er því ómaksins vert að kanna þetta betur,“ segir Arnþór.** - shá




Metfjöldi tekur þátt í 28. Reykjavíkurskákmótinu sem hófst í gær:

# Þeir efnilegustu í heimi tefla

**SKÁK** N1-Reykjavíkurskákmótið 2013 hófst í Hörpu síðdegis í gær og er haldið í 28. skipti. Mótið er hið fjölmennasta frá upphafi. Keppendur eru 228, þar af 150 erlendir gestir frá 38 þjóðum.

Aldrei hafa fleiri stórmeistarar teflt á alþjóðlegu skákmóti á Íslandi eða 35 alls, en þeirra á meðal er Friðrik Ólafsson, fyrsti stórmeistari Íslendinga sem er 78 ára að aldri. Tveir heimsmeistarar keppa á mótinu og þrír stigahæstu skákmenn heims 20 ára og yngri. Kínverska stúlkan Guo Qi er heimsmeistari stúlkna og Alexander Ipatov er heimsmeistari pilta, og eru meðal margra kornungra snillinga sem setja munu mikinn svip á mótið. Stigahæstur allra er Anish Giri, 19 ára gamall, en meðal annarra meistara eru Wesley So frá Filippseyjum og kínversku ofurstórmeistararnir Bu Xiangzhi, Yu Yangyi og Ding Liren.

Fjölmörg börn og ungmenni tefla á stórmótinu í Hörpu. Margra augu munu beinast að hinum 13 ára Wei Yi, sem er stigahæstur allra í heiminum 14 ára og yngri og er þegar kominn með tvo stórmeistaraáfanga af þremur. Yngsti keppandi mótsins er Óskar Víkingur Davíðsson, 7 ára, sem jafnframt er yngsti keppandinn í 49 ára sögu mótsins.

Alls eru tefldar tíu umferðir og stendur mótið til 27. febrúar. - shá



**SKÁKVEISLAN HAFIN** Áhorfendur eru velkomnir og aðgangur ókeypis. Skákskýringar verða í boði allt mótið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Í þágu heimilanna
Verið velkomin á setningu landsfundar Sjálfstæðisflokksins í Laugardalshöll fimmtudaginn 21. febrúar kl. 17.00
Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, flytur setningarræðu við upphaf landsfundar. Um sautjánhundruð fulltrúar af öllu landinu koma saman til þess að ræða málefni þjóðarinnar, vinna saman að lausnum og sameinast um framtíðarsýn.
Bein útsending á xd.is
Í þágu heimilanna
WWW.XD.IS

## GENGIÐ
19.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,01 | 129,63 |
| Sterlingspund | 199,92 | 200,9 |
| Evra | 172 | 172,96 |
| Dönsk króna | 23,057 | 23,191 |
| Norsk króna | 23,212 | 23,348 |
| Sænsk króna | 20,349 | 20,469 |
| Japanskt jen | 1,3789 | 1,3869 |
| SDR | 196,7 | 197,88 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
234,2163

Konur yfir fertugu fæddu rúmlega 2.000 börn í Danmörku í fyrra:

# Metfjöldi mæðra yfir fertugu

**DANMÖRK** Aldrei hafa fleiri konur yfir fertugu fætt börn í Danmörku en í fyrra. Rúmlega 1.900 börn fæddust mæðrum á aldrinum 40 til 45 ára, og 100 börn fæddust mæðrum yfir 45 ára.

„Samfélagið hefur breyst mikið. Við erum að verða eldri og eldri og heilbrigðari og heilbrigðari. Við sjáum okkur sem tíu árum yngri, félagslegur aldur hefur breyst en líffræðin ekki," segir Karin Erb, yfirlíffræðingur á háskólasjúkrahúsinu í Óðinsvéum við Politiken.

Erb bendir á að líkurnar á getnaði á þessum aldri séu undir tíu prósentum. „Mörg þessara barna eru líklega komin undir með tæknifrjóvgun." Konur geta farið í tæknifrjóvganir til 41 árs aldurs hjá opinberum aðilum en hjá einkareknum heilbrigðisstofnunum til 46 ára aldurs, að sögn Politiken. **- þeb**



**METFJÖLDI** Sérfræðingur telur kreppuna hafa haft áhrif á aldur nýbakaðra foreldra. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjórar tennur brotnuðu:

# Notaði hurðarhún sem vopn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur 26 ára Reykvíkingi fyrir hrottalega líkamsárás á fyrrverandi unnustu sína. Samkvæmt ákærunni sló hann hana með hurðarhúni í mars í fyrra, þannig að hún hlaut stóran skurð og fjórar tennur brotnuðu.

Maðurinn er jafnframt ákærður fyrir að hafa reynt að skalla laganna vörð. Þá er honum gefið að sök að hafa hótað því að taka börn lögreglumannsins af lífi og beita þau kynferðisofbeldi. **- sh**

## LANDIÐ




### Skoða sameiningu slökkviliða

**1** **ÍSAFJÖRÐUR** Ísafjörður, Bolungarvík og Súðavík ætla að ganga til viðræðna um sameiningu slökkviliða bæjanna þriggja. Þetta var samþykkt á fundi bæjarráðs Ísafjarðar í gær, en ráðinu hafði borist erindi frá Súðavíkurhreppi um að skoða þennan möguleika.

Bæjarfélögin þrjú hafa einnig skoðað að hafa sameiginlegar almannavarnir. Að því er fram kemur á vef Bæjarins besta gæti sameining á fleiri sviðum orðið í framtíðinni en Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir auðveldara fyrir bæina að vinna saman vegna betri samgangna og að mögulegt væri að veita fólki betri þjónustu fyrir sama kostnað.

### Fundu ær eftir 80 daga

**2** **FLJÓTSDALUR** Kind sem grófst undir fönn í byrjun nóvember fannst á lífi á dögunum, 82 dögum seinna. Jóhann F. Þórhallsson, bóndi á Brekkugerði í Fljótsdal, á kindina og kom auga á hana í snjóskafli. Hann kannaði málið og fann eina lifandi kind og aðra dauða. „Ærin var ótrúlega spræk og gekk sjálf að fjárhúsunum, um 500 metra og kroppaði gras á leiðinni. En hún er orðin mjög rýr og vart nema beinin og bjórinn," sagði Jóhann við Austurfrétt.

Fleiri Fljótsdælingar hafa heimt fé undanfarna daga, að sögn Austurfréttar.

### 75 þúsund gestir í Hlíðarfjalli

**3** **AKUREYRI** Um 75 þúsund gestir renna sér í brekkum Hlíðarfjalls á hverju ári eftir að snjóframleiðsla var hafin í fjallinu. Áður komu um 20 þúsund manns á ári.

„Staðan er sem sagt allt önnur og betri. Þessi vika verður til dæmis mjög stór og annasöm hjá okkur, nemendur grunnskóla af höfuðborgarsvæðinu koma hingað, þar sem vetrarfrí er í skólunum fyrir sunnan." Þetta segir forstöðumaður Hlíðarfjalls, Guðmundur Karl Jónsson, í Vikudegi. „Hlíðarfjall hefur sannarlega mikið aðdráttarafl og er líklega einn stærsti og öflugasti ferðamannastaður landsbyggðarinnar yfir vetrarmánuðina," segir hann.



# Baltasar kemur heim með nýja stórmynd

Óskarsverðlaunahafinn Christian Bale vill leika aðalhlutverkið í stórmyndinni Everest í leikstjórn Baltasars Kormáks. Áformað er að taka myndina upp hér á landi, meðal annars á Vatnajökli. Kostnaðurinn er áætlaður um tíu milljarðar króna.

**KVIKMYNDIR** Viðræður um að Óskarsverðlaunahafinn Christian Bale leiki aðalhlutverkið í næstu mynd Baltasars Kormáks, Everest, eru langt komnar.

Viðræðurnar hafa staðið lengi yfir og áttu Baltasar og Bale meðal annars fund fyrir jól. Þá sýndi Baltasar honum Djúpið og segir að breski leikarinn hafi orðið afar hrifinn.

„Þá lýsti hann yfir áhuga á að taka verkefnið að sér en það er ekkert staðfest í þeim efnum," segir Baltasar.

„Bale er sá besti í bransanum og sá erfiðasti að fá. Þessi mynd verður svakalega stórt og krefjandi verkefni og hann er fyrsta púslið í því," segir leikstjórinn sem getur ekki gefið upp á þessu stigi hvaða aðrir leikarar munu taka þátt í myndinni.

Myndin byggir á hörmulegu slysi sem varð á Everest-fjalli árið 1996. Þá skall blindhríð á þrjá gönguhópa og létu átta manns lífið. Jon Krakauer, einn eftirlifanda, sagði söguna í bókinni Into Thin Air. Stórfyrirtækin Universal og Working Title standa að baki myndinni. Upphaflega stóð til að David Finch myndi leikstýra myndinni en hann dró sig í hlé.

Baltasar vonast til að geta tekið upp um 80-90 prósent af myndinni hér á landi, bæði uppi á Vatnajökli og í myndveri.

„Við erum á leið upp á Vatnajökul að skoða aðstæður og ég er að reyna selja fólkinu þá hugmynd að taka hana upp hér og í Nepal," segir Baltasar.

Kostnaðurinn við myndina nemur um 80 milljónum dollara eða rúmum 10 milljörðum íslenskra króna. Með endurgreiðslu ríkissjóðs vegna kvikmyndagerðar má áætla að kostnaðurinn lækki niður í 60 milljónir dollara. Undirbúningur fyrir hana er þegar hafinn og er áætlað að tökur hefjist þann 22. júlí.

„Ég vil ýta undir kvikmyndagerð hér á landi og þetta yrði mikil innspýting í hagkerfið. Uppistaðan í tökuliðinu yrði líka Íslendingar, þótt við fengjum einhverja sérfræðinga að utan, enda eru þeir sem vinna orðnir gott og vel þjálfað starfsfólk." **kristjan@frettabladid.is**

## Einn eftirsóttasti leikari heims

Christian Bale er einn eftirsóttasti leikari heims og fékk meðal annars Óskarsverðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverki árið 2010 fyrir kvikmyndina The Fighter.

### → Myndir sem Christian Bale hefur leikið í:

- American Psycho – 2001
- The Machinist – 2004
- Batman Begins – 2005
- The Dark Knight – 2008
- The Fighter – 2010
- The Dark Knight Rises – 2012



> **Bale er sá besti í bransanum og sá erfiðasti að fá.**
> *Baltasar Kormákur kvikmyndaleikstjóri*


## Fiskbúðin Höfðabakka

Fiskbúð • Kjötborð • Heitur matur í hádeginu

Höfðabakka 1 • ☎ 587 5070

Blandaðir sjávarréttir
1.690 kr/kg

Kartöflur í ofni
990 kr/kg

Nautahakk
1.690 kr/kg

Opið 10:00 – 18:30


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
3-10 m/s.




**Föstudagur**
8-15 m/s V-til, annars hægari.

**ÓVENJU MILT** Það verður óvenju milt á landinu næstu daga og má búast við að hitinn fari í 10°C víða einkum syðra. Væta með köflum sunnan og vestan til en nokkuð bjart fyrir norðan og austan.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Billund | 0° | Gautaborg | 0° | London | 4° | Orlando | 22° | San Francisco | 13° |
| Basel | 4° | Frankfurt | 2° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 17° | Ósló | -5° | Stokkhólmur | -2° |
| Berlín | 1° | Friedrichshafen | 2° | Las Palmas | 21° | New York | 1° | París | 7° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**MM Pajero** Instyle 3,2
Árgerð 2007, dísel
Ekinn 86.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.990.000,-**

# MIKIÐ ÚRVAL AF GÆÐABÍLUM Á GÓÐU VERÐI



**Audi Q7** 3,0 TDI 240 hö
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 24.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**10.950.000,-**



**VW Passat** Highline 1.8T
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.290.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 22.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.390.000,-**



**Audi A3** Sportback 1,8T
Árgerð 2008, bensín
Ekinn 82.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.890.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,6TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 26.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.090.000,-**



**VW Golf** Trendl. 1,4TSi AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 28.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.190.000,-**



**VW Passat** Ecofuel
Árgerð 2010, bensín/metan
Ekinn 49.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.990.000,-**



**VW Polo** Trendl. 1,2
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 26.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.150.000,-**



**VW Polo** Comfort 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.700.000,-**



**Toyota Auris** Terra
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 48.300 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.490.000,-**



**Toyota RAV4** GX
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 59.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**3.990.000,-**



**Toyota Yaris** 1,0 Terra
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 64.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.880.000,-**

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is
lykill.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað fannst í hamborgurum í Svíþjóð sem varð til þess að innkalla þurfti átján tonn?
**2.** Hve mikið fé safnaðist handa SÁÁ í tengslum við galakvöldverð í Hörpu?
**3.** Hver segir tillögu á Alþingi um að veita framboðum í alþingiskosningum ókeypis útsendingartíma í sjónvarpi RÚV vera óhæfu?

**SVÖR**

**1.** Kúadella. **2.** 2,5 milljónir króna. **3.** Óðinn Jónsson, fréttastjóri Ríkisútvarpsins.

Stjórnmálahreyfingar fá ekki að framleiða sjálfar efni til sýningar í sjónvarpi:

# RÚV ritstýrir flokkakynningum

**STJÓRNMÁL** „Við treystum RÚV til að ritstýra og framleiða efnið og gera öllum jöfn skil,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, formaður allsherjar- og menningarmálanefndar Alþingis, um tillögu nefndarinnar um tilhögun kynninga í sjónvarpi á framboðum fyrir kosningar. Þverpólitísk nefnd um aðgang stjórnmálahreyfinga að fjölmiðlum hafði hins vegar lagt til að öll framboð gætu sjálf framleitt efni á eigin ábyrgð og fengið ókeypis útsendingartíma í sjónvarpi RÚV.

„Þegar þessi tillaga kom fram olli hún nokkru uppnámi hjá RÚV,“ segir Björgvin sem kveður Pál Magnússon útvarpsstjóra og Finn Beck, formann aðgangsnefndarinnar, því hafa verið kallaða til fundar við allsherjarnefnd á mánudag. Góð samstaða hafi síðan orðið um niðurstöðuna.

„Það er lagt til að RÚV skuli fjalla um fylkingar, framboð og flokka í þingkosningum og þjóðaratkvæðisgreiðslum og gera þeirra helstu stefnumálum skil. En samkvæmt niðurstöðunni hefur RÚV ritstjórnarlegt vald yfir þessu efni. Það er ekki verið að afhenda framboðunum einhvern óheftan aðgang að RÚV og þeirra tækniliði og útsendingartíma eins og kannski mátti skilja af viðbrögðunum,“ segir Björgvin.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON** Formaður allsherjarnefndar segir samstöðu þar um að framboð fái óheftan aðgang að RÚV. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimsendingar í Svíþjóð:

# Sárafáir vilja áfengið sent heim að dyrum

**SVÍÞJÓÐ Afar fáir nýta sér möguleikann á að fá áfengi sent heim frá áfengisverslun ríkisins í Svíþjóð. Í nóvemberbyrjun var boðið upp á heimsendingu áfengis í nokkrum hverfum í Stokkhólmi og í þremur öðrum borgum. Áfengi hafði aðeins verið sent heim í 160 skipti til loka janúar sem eru færri en þrjár heimsendingar á dag, að því kemur fram á fréttavef Dagens Nyheter. Gera á bráðum tilraunir með heimsendingar á fleiri stöðum í Svíþjóð.**

**Í Noregi hafa viðskiptavinir áfengisverslunar ríkisins getað fengið áfengi sent heim að dyrum í tíu ár. Um er að ræða eitt prósent af neyslunni þar í landi.** - ibs

Tvær dæmdar í fangelsi:

# Hugðust ræna úlpu vopnaðar blóðugri nál

**DÓMSMÁL** Tvær stúlkur, 21 og sautján ára, hafa verið dæmdar í skilorðsbundið fangelsi fyrir að ógna stúlku með blóðugri sprautunál á göngustíg í Breiðholti fyrir réttu ári og ræna hana.

Stúlkurnar tvær heimtuðu að fórnarlambið klæddi sig úr úlpu frá 66°Norður og léti þær hafa hana. Hún stökk hins vegar á flótta og missti af sér skólatöskuna, sem í var meðal annars debetkort. Kortið tóku stúlkurnar og versluðu með því í Bónus fyrir 5.600 krónur.

Eldri stúlkan, sem er með einn dóm á bakinu, er dæmd á níu mánaða skilorð og sú yngri á hálfs árs skilorð. - sh



**SAKSÓKNARAR** Starfsmenn aðalsaksóknara Belgíu skýra fjölmiðlum frá ráninu. NORDICPHOTOS/AFP

Demantarán í Belgíu:

# Milljarða virði stolið úr flugvél

**BELGÍA, AP** Átta grímuklæddir menn gerðu gat á öryggisgirðingu við alþjóðaflugvöllinn í Brussel, óku á tveimur svörtum bifreiðum út á flugbraut og stálu þar demöntum úr flugvél, sem átti að fara til Sviss.

Stolnu demantarnir eru metnir á 6,5 milljarða króna. Þar með er þetta eitt dýrmætasta þýfi sögunnar en árið 2003 var skartgripum og verðbréfum fyrir 13 milljarða króna stolið úr öryggisgeymslum í Antwerpen.

Þjófarnir voru klæddir í föt sem líktust lögreglubúningum og voru með blá blikkljós ofan á báðum bifreiðunum, þannig að viðstaddir töldu lögreglu vera á ferðinni. Þeim tókst að aka óáreittir burt. - gb

**ÖRYGGISMÁL**

### Sóttu slasaðan sjómann

Landhelgisgæslunni barst beiðni um aðstoð frá skipstjóra á íslensku loðnuskipi um hádegi í gær eftir að skipverji slasaðist um borð. TF-LÍF, þyrla LHG, var á þessum tíma í eftirlitsflugi og var henni strax snúið í verkefnið. Einnig var varðskipið Þór, sem var á svæðinu, upplýst. Eftir að sjómaðurinn hafði verið hífður um borð var flogið með hann á Landspítalann.

# Segist hafa skotið Reevu fyrir mistök

Oscar Pistorius segist hafa talið sig vera að skjóta á innbrotsþjóf þegar hann drap kærustu sína. Saksóknarar segja hann hafa ætlað sér að drepa og því framið morð að yfirlögðu ráði, hvort sem hann hafi vitað hver varð fyrir skotunum eða ekki.

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** „Ég skil ekki hvernig hægt er að ákæra mig fyrir morð, hvað þá morð að yfirlögðu ráði, úr því ég hafði engin áform um að drepa kærustu mína,“ sagði íþróttakappinn Oscar Pistorius fyrir rétti í Suður-Afríku í gær.

Hann var handtekinn að morgni fimmtudagsins 14. febrúar eftir að kærasta hans, fyrirsætan Reeva Steenkamp, fannst látin á baðherbergisgólfinu á heimili hans í Pretoríu, höfuðborg Suður-Afríku.

Hann skýrði frá sinni hlið málsins í gær. Hann sagðist hafa vaknað um nóttina, farið út á svalir en tekið eftir því að einhver væri inni á baðherbergi. Ekki hefði hvarflað að honum að þar væri Reeva á ferðinni. Hann hélt að hún lægi enn í rúminu.

„Ég var of hræddur til að kveikja ljósin,“ sagði hann. „Ég vissi að ég þyrfti að vernda Reevu og sjálfan mig. Ég taldi að þegar óboðni gesturinn kæmi út af baðherberginu værum við í mikilli hættu.“

Hann sagðist hafa náð í byssu sem hann geymdi undir rúminu. Síðan skaut hann á klósetthurðina og hrópaði á Reevu að hringja í lögregluna. Það var ekki fyrr en hann kom aftur inn í svefnherbergið sem hann tók eftir því að Reeva var ekki í rúminu.

„Það var þá sem ég áttaði mig á því að það gæti hafa verið Reeva sem var inni á baðherbergi.“

Þá reyndi hann að opna klósettdyrnar, en þær voru lokaðar. Hann náði í krikketkylfu og notaði hana til að brjóta sér leið inn á baðherbergið, þar sem hann sá Reevu liggja á gólfinu. Hann hélt á henni niður af efri hæð íbúðarinnar og ætlaði með hana á sjúkrahús, en hún lést í örmum hans.

Saksóknarar halda hins vegar fast í þau áform sín að ákæra hann fyrir morð að yfirlögðu ráði: „Það er engin hugsanleg skýring sem getur stutt þá útgáfu hans að hann hafi talið þarna vera innbrotsþjóf á ferðinni,“ sagði saksóknari fyrir rétti í gær.

„Jafnvel samkvæmt frásögn hans sjálfs, þá gerði hann sig kláran og gekk yfir að baðherberginu með greinileg áform og ætlun um að drepa „innbrotsþjófinn“ og gerði það jafnvel þótt innbrotsþjófurinn hafi verið hættulaus og lokaður inni á klósetti.“

Þar með hafi Pistorius framið morð að yfirlögðu ráði.

gudsteinn@frettabladid.is



**PISTORIUS FYRIR RÉTTI** Íþróttakappinn skýrði í gær í fyrsta sinn opinberlega frá því sem gerðist fimmtudaginn 14. febrúar. NORDICPHOTOS/AFP


Bjóðum nokkur vel valin eintök
af einum vinsælasta sportjeppa landsins
á frábærum kjörum

NOTAÐIR BÍLAR
Chevrolet Captiva
Árgerð: 2012
Verð: 5.590.þús




CHEVROLET CAPTIVA
Árgerð 2012 | dísel | sjálfskiptur | 184 hö | sjö manna

Búnaður
- Hólf fyrir sólgleraugu
- ESP stöðuleikastýring
- Tölvustýrð spólvörn
- ABS hemlalæsivörn
- Fjarlægðarskynjari að aftan
- 6 loftpúðar, gardína.
- Þriggja punkta öryggisbelti
- Hiti í speglum
- Hiti í sætum
- Kæling í hanskahólfi
- Upphitunarkerfi
- Aksturstölva
- Aðgerðarstýri
- Útihitamælir
- Bluetooth tenging
- Áttaviti
- Hiti á rúðuþurrkum
- Eco sparnaðarstilling
- 6 hátalarar
- USB tengi
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- 17” álfelgur
- Rafmagn í speglum, aðfellanlegir
- Sjálfv. birtustillir í baksýnisspegli
- Hleðslujafnari
- Fjarstýrðar samlæsingar
- Rafdrifnar rúður

Verð: 5.590.000

Bílabúð Benna - Notaðir bílar
Bíldshöfða 10 • Sími: 590 2000
www.benni.is • notadir@benni.is

Opið alla virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 12-16

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

# Vestur um haf

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BAKHJARLAR:

VÍS GAMMA

**TÓNLEIKAR Í ELDBORG**

Þri. **26. FEB.** » 19:30

---

**Anna Þorvaldsdóttir** *AERIALITY*
**Edvard Grieg** *Píanókonsert í a-moll*
**Hlynur Aðils Vilmarsson** *bd (frumflutningur)*
**Jean Sibelius** *Lemminkäinen-svíta*

---

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri
**Garrick Ohlsson** einleikari

---

Sinfóníuhljómsveit Íslands er boðið á Norrænu menningarhátíðina Nordic Cool í Kennedy Center í Washington.

Hljómsveitin flýgur vestur um haf með spennandi efnisskrá í farteskinu. Af fjórum tónverkum efnisskrárinnar eru tvö í slensk tónverk, nýtt verk eftir Hlyn Aðils Vilmarsson og AERIALITY eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Efnisskrána fullkomna svo tvö skandínavísk stórvirki.

Einleikari á tónleikunum er bandaríski píanóleikarinn Garrick Ohlsson. Hann vann til fyrstu verðlauna í Chopin-píanókeppninni árið 1970 og hefur síðan þá öðlast alþjóðlegan sess sem einleikari í fremstu röð. Garrick Ohlsson flytur Píanókonsert Griegs, einn þekktasta konsert tónbókmenntanna.

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar









**OPIÐ BÓKHALD** Fjármálaráðherra vill opna bókhaldsskápa ríkisins. Fólk eigi að geta flett því upp á vefnum hvaða ráðgjöf ráðherrar kaupa og hvernig þeir ráðstafa skúffufé. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vill opna öll gögn um fjármál ríkisins

**Fjármálaráðherra hefur skipað starfshóp til að vinna að því að allar fjárhagsupplýsingar ríkisins verði birtar á vefnum. Fyrstu gögnin birtust á vefnum í gær. Ráðherra segir alla eiga að geta flett því upp hvernig ráðherrar fara með ríkisfé.**

**UPPLÝSINGAMÁL** Starfshópur vinnur nú að því að birta fjárhagsupplýsingar ríkisins á netinu og er ætlunin að upplýsingar um tekjur og gjöld verði birtar mánaðarlega. Hópnum er ætlað að leggja til leiðir um það hvernig hægt er að opna sem mest af gögnum um það hvernig skattfé er varið.

Fjármálaráðuneytið og forsætisráðuneytið standa að starfshópnum en að auki kemur innanríkisráðuneytið að verkefninu. Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra segir það sinn draum að hægt sé að opna sem mest af gögnum um fjárreiður ríkisins.

„Við fáum til dæmis fyrirspurnir reglulega um hvernig skúffuféinu sé varið, af hverju eiga menn ekki bara að geta flett því upp? Við höfum ekkert að fela í því og okkur ber að taka þetta saman og sýna þetta,“ segir Katrín, en með skúffufé á hún við ráðstöfunarfé sem ráðherrar hafa til úthlutunar.

„Svo má nefna fyrirspurnir um niðurbrot á útgjöldum. Af hverju ekki bara að láta þetta vera opið og þeir sem hafa áhuga á að leita að því af hverjum ráðherra kaupir ráðgjafaþjónustu, eða eitthvað, þeir geti bara flett því upp. Þetta skapar líka ákveðið aðhald og ég held að þetta sé öllum hollt, bæði samfélaginu öllu og líka þeim sem starfa innan kerfisins.“

Formaður starfshópsins er Finnur Pálmi Magnússon, sérfræðingur í upplýsingatækni, og segir Katrín mikilvægt að fá fólk úr grasrótinni til starfans.

Hópurinn hefur skamman tíma til starfa, en ætlunin er að gögnin verði öll tekin saman og birt á vefsíðunni Island.is.

„Við munum ekki byrja að birta kvittanir strax í næsta mánuði en við ætlum að taka fyrsta skrefið. Endamarkmiðið er að fara eins langt og við getum.“ kolbeinn@frettabladid.is

## Fyrst að sinna lögbundnum skyldum



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði fjármálaráðherra út í starfshópinn á þingi í gær. Hann minnti á að Alþingi hefði samþykkt samhljóða 2010 þingsályktunartillögu um aðgengi fjárlaganefndar að gögnum. Ekkert bólaði á fullnustu þeirrar tillögu.

„En frumskylda okkar hlýtur að vera sú að þingið hafi aðstöðu til þess, og fjárlaganefnd eins og hún hefur verið mjög samstiga um, að rækja þá skyldu sína að rýna þær upplýsingar sem frá stjórnvöldum eru lagðar út á þessar sömu upplýsingaveitur. Fyrst af öllu teldi ég því að við ættum að koma þeim verkferlum í lag áður en við færum að íhuga hvernig við ætlum að birta upplýsingar sem hugsanlega hafa ekki verið rýndar. Það er þetta sem ég er að kalla eftir.“

www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

Caddy* kostar aðeins frá
3.190.000 kr.
(2.541.833 kr. án vsk)

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




CRÉATIVE TECHNOLOGIE

# NÝR CITROËN C4 DÍSIL

**FRÁ 3.390.000 KR.**

Njóttu lífsins á bíl sem er sparneytinn, lipur, hljóðlátur og frægur fyrir frumlega og nútímalega nálgun. Citroën C4 býr yfir nýstárlegri tækni sem dregur úr loftmengun og eldsneytisnotkun. Sérstaða Citroën C4 felst einnig í fjölmörgum smáatriðum sem hámarka þægindi ökumanns og farþega. Hagkvæmni, stíll, þægindi, fágun og þjónusta eru orðin sem marka jákvætt afl hins nýja Citroën C4. Raðaðu saman þessum kostum og niðurstaðan er Citroën C4.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

CITROËN

Nýir og notaðir bílar: Söludeild er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050




## GÖNGU- OG HJÓLREIÐABRÝR VIÐ ELLIÐAÁRÓSA



**ELLIÐAÁR BRÚAÐAR** Framkvæmdir eru hafnar við göngu- og hjólreiðabrýr við Elliðaárósa. Reykjavíkurborg og Vegagerðin standa að framkvæmdinni sem er hluti af hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar. Burðarvirki brúnna verður átján metra hátt og 40 metrar að lengd. Er haft á orði að brýrnar muni verða áberandi kennileiti í borginni til framtíðar litið og auki mikilvægi svæðisins með tilliti til útivistar. Verklok eru áætluð í sumarbyrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






**SITT SÝNIST HVERJUM** Í lok síðasta mánaðar efndi hópur Letta til mótmæla gegn evrunni. NORDICPHOTOS/AFP

Láta ekki efnahagskreppu evruríkjanna trufla sig:

# Lettar sækja um aðild að evrusvæði

**LETTLAND** Lettnesk stjórnvöld hyggjast sækja um aðild að evrusvæðinu í næsta mánuði, þrátt fyrir þá alvarlegu kreppu sem hrjáð hefur evruríkin undanfarin misseri. Lettar vonast til þess að geta tekið upp evruna strax árið 2014.

Lettland, sem er þriðja fátækasta ríki Evrópusambandsins, yrði þar með 18. landið á evrusvæðinu. Nágrannaríkið Eistland fékk aðild að evrusvæðinu árið 2011 og Lettar stefna að því að sækja um aðild á næsta ári. Þar með verða öll Eystrasaltslöndin komin með evru.

„Við lítum á þetta sem eins konar öryggiskerfi," hefur breska dagblaðið The Guardian eftir Algirdas Butkevicius, forsætisráðherra Lettlands. Hann segist ekki hafa áhyggjur af ólgunni á evrusvæðinu, enda sé Lettland nú þegar að verulegu leyti háð evrusvæðinu. „Efnahagur okkar er algerlega evruvæddur: Áttatíu prósent af lánum, heimilishaldi og fyrirtækjarekstri eru í evrum," segir Butkevicius. - gb

TILBOÐSDAGAR




Nú eru þeir kaldir hjá Eirvík

Bjóðum takmarkað magn af kæli- og frystiskápum frá Liebherr. Þeir eru búnir nýjustu tækni, hannaðir af alúð og framleiddir af þýskri nákvæmni. **Einstök framtíðareign.**

| Nr. | litur | Hæð | Stærð í ltr. | Orkufl. | TILBOÐ |
|---|---|---|---|---|---|
| CUsl 3503 | grár | 181,7 cm | K 232 F 91 | A+ | 183.440 |
| CPesf 3523 | stál | 181,7 cm | K 230 F 91 | A++ | 209.995 |
| CP 3523 | hvítur | 181,7 cm | K 230 F 91 | A++ | 190.045 |
| Ces 4023 | stál | 201,1 cm | K 281 F 91 | A+ | 204.745 |
| C 4023 | hvítur | 201,1 cm | K 281 F 91 | A+ | 164.845 |

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is




26. febrúar • 5. mars • 12. mars

Kr. 106.900
**Beverly Park með hálfu fæði**
Netverð m.v. 2 fullorðna og eitt barn í herbergi á mann í 7 nætur.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 119.900 á mann með hálfu fæði. Sértilboð 26. febrúar í 7 nætur.
Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 19.400 fyrir fullorðinn og kr. 9.700 fyrir barn.

Kr. 166.800
**Jardin del Atlantico með allt innifalið í 16 nætur**
Netverð m.v. 2 fullorðna og eitt barn í íbúð með allt innifalið í 16 nætur.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 199.900 á mann með allt innifalið.
Sértilboð 5. mars í 16 nætur.

6. mars • 13. mars

Kr. 134.500
**Villa Tagoro með allt innifalið í 9 nætur**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með allt innifalið í 9 nætur.
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 169.900 með allt innifalið.
Sértilboð 13. mars í 9 nætur.

Kr. 149.900
**Vime Callao Garden með allt innifalið í 14 nætur**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og eitt barn í íbúð með allt innifalið í 14 nætur.
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð kr. 168.900 með allt innifalið.
Sértilboð 6. mars í 14 nætur

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • www.heimsferdir.is

Stefna VG um að torvelda jarðakaup útlendinga:

# Jarðalýðskrumið

Fréttablaðið hefur undanfarið birt flokk fréttaskýringa um eignarhald á jörðum á Íslandi. Hugmyndin að honum vaknaði og vinnan hófst þegar Huang Nubo sóttist fyrst eftir að kaupa Grímsstaði á Fjöllum. Afraksturinn lítur fyrst nú dagsins ljós, enda kom á daginn að erfitt og flókið reyndist að nálgast upplýsingar um íslenzkar jarðeignir, sem er umhugsunarefni út af fyrir sig. Umfjöllunin hittir þó á ágætan tímapunkt, þar sem Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra hefur nýverið lagt fram frumvarpsdrög þar sem lagt er til að þrengt verði mjög að rétti útlendinga til að kaupa jarðir á Íslandi.

Úttekt Fréttablaðsins sýnir fram á að ekkert er til í áhyggjum af því að jarðir safnist á fáar hendur. Eignarhald bújarða er mjög dreift og meirihlutinn er í eigu fleiri en eins einstaklings. Langstærstu jarðeigendurnir eru ríkið og sveitarfélög.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Úttektin rennir heldur engum stoðum undir þá kenningu að jarðakaup útlendinga séu eða gætu orðið vandamál. Jarðir í fullri eigu erlendra einstaklinga eru 0,37 prósent af heildarfjölda bújarða og sé jörðum þar sem útlendingar eiga hlut með Íslendingum bætt við fer hlutfallið í 1,33 prósent. Enginn kippur hefur komið í jarðakaup útlendinga allra síðustu ár.

Ef menn eru á annað borð þeirrar skoðunar að það sé vandamál að erlendir menn eigi jarðir hér á landi, svona eins og Íslendingar eiga jarðeignir í útlöndum, er það að minnsta kosti pínulítið vandamál og vandséð að sérstaka lagasetningu þurfi til að koma á það böndum.

Í Fréttablaðinu í janúar sagði Ögmundur Jónasson: „Það eru brögð að því að auðkýfingar séu að safna hér jörðum án þess að hafa nokkurn tilgang með því að sinni annan en að safna eignarlandi á Íslandi.“ Ráðherrann nefndi sérstaklega landakaup Svisslendingsins Rudolfs Lamprecht í Mýrdal, en bætti því við að hann hygði „að þetta sé líka að gerast annars staðar án þess að ég vilji á þessu stigi fara nánar út í það“.

Gögnin sem Fréttablaðið hefur safnað saman sýna að fullyrðingar ráðherrans eru í meira lagi hæpnar. Og áhugavert er að skoða sérstaklega dæmið um Lamprecht, sem rætt var við í helgarblaði Fréttablaðsins. Hann bendir á að reglur um landnotkun og skipulag á Íslandi séu ekki nógu strangar út frá sjónarmiðum náttúruverndar. Það vandamál á að sjálfsögðu við, sama hvort landeigandinn er Íslendingur eða útlendingur.

Kaup Lamprechts á jörðum í Heiðardal eru knúin áfram af brennandi áhuga á náttúruvernd. Hann hefur lagt stórfé í skógrækt (meira að segja með innlendum tegundum, sem eru VG þóknanlegar), girt fyrir ágang sauðfjár og hyggst fylla aftur upp í frárennslisskurði til að endurheimta votlendi. Þetta vonast hann til að bæti gróðurfarið og lífsskilyrði fugla og fiska og færi landið í sem upprunalegast horf.

Er það nú orðið vont í augum VG að menn friði land í þágu náttúruverndar? Sérstaklega þegar það liggur fyrir að það þarf alls ekki að nýta allt ræktarland á Íslandi til að uppfylla eftirspurn eftir búvörum? Eða er það kannski bara vont þegar útlendingar standa að slíkri friðun?

Þessi pólitík VG um að hefta fjárfestingar útlendinga í bújörðum er ekta gamaldags lýðskrum, sem elur á ótta og andúð á útlendingum. Hún er líka full af mótsögnum og tvískinnungi, þar sem hefðbundin þjóðernishyggja kemur og bítur hinn alþjóðasinnaða umhverfisverndarflokk í afturendann.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

NÁMSKEIÐ

Velkomin í núið
– frá streitu til sáttar

Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy sem tvinnar saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku.

Námskeiðið er í 8 vikur
á Hilton Reykjavík Nordica kl.17:30 til 19:00.
Innifalið er geisladiskur með árvekniæfingum og handbók

Skráning er hjá Nordica Spa í síma 444 5090
og á www.nordicaspa.is

Verð: 49.000 kr. Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Næstu námskeið:

27. febrúar
Leiðbeinendur: Herdís Finnbogadóttir
og Margrét Bárðardóttir sálfræðingar.

16. apríl
Leiðbeinendur: Guðbjörg Daníelsdóttir,
Herdís Finnbogadóttir og
Margrét Bárðardóttir sálfræðingar.

Innifalið
1 vika ókeypis aðgangur í alla opna tíma Nordica Spa, gufu og heita potta

NORDICA SPA & GYM

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Opin stjórnsýsla**

Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra skrifaði grein í Fréttablaðið í síðustu viku um vinnu sem farin er af stað við að gera ítarupplýsingar og bakgrunnsgögn um fjárhag og útgjöld opinberra aðila aðgengileg almenningi á vefnum jafnóðum og þau verða tiltæk. Þetta ku eiga sér hliðstæður erlendis og þykir auka gagnsæi í samfélaginu. Líklega ættu allir að geta verið sammála um að þetta yrði jákvætt skref.

**Of opin**

Greinarkorn þetta varð Kristjáni Þór Júlíussyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, engu að síður tilefni til nokkurrar forundrunar. Hann kvaddi sér hljóðs á þingi í gær, vísaði til greinarinnar og spurði hverju þetta sætti eiginlega – fjárlaganefnd hefði átt í stökustu vandræðum með að afla sér sambærilegra upplýsinga frá ráðuneyti Katrínar og með þessu væri verið að byrja á öfugum enda. Það er auðvitað vont ef þingnefndir fá ekki mikilvægar upplýsingar, en er nema einn endi á þessu máli? Geta þingmenn ekki bara nýtt sér fyrirhugaða upplýsingagátt fyrir almenning og allir eru sáttir?





**Erfið spurning**

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir hefur lagt fram fyrirspurn á þingi til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um stóra FBI-málið. Ein spurningin er svona: „Telur ráðherra heppilegt að hið pólitíska vald hafi aðra sýn á málið en faglegt og sjálfstætt ákæruvald?“ Þessu er erfitt að svara án þess að líta illa út. Spurningin hefði allt eins getað verið: „Telur ráðherra ekki óheppilegt að hið ófaglega og ósjálfstæða pólitíska vald hafi aðra sýn á málið en þá réttu?“

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Afnám stimpilgjalda núna

STIMPILGJÖLD



**Ragnheiður Ríkharðsdóttir**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur nú til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingar á lögum um stimpilgjald nr. 36/1978 og er undirrituð fyrsti flutningsmaður frumvarpsins.

Með frumvarpinu eru tekin fyrstu skref í afnámi stimpilgjalda, þessa óverjandi skatts sem lagður er á fólk og fyrirtæki sem taka lán í formi veðskuldabréfa. Þar er lagt til að stimpilgjöld vegna kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði til eigin nota verði afnumin. Augljós rök hníga að því að auðvelda einstaklingum að koma sér þaki yfir höfuðið og slík viðskipti á ekki að nýta til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð.

Í gildandi lögum er kaupandi undanþeginn stimpilgjaldi við fyrstu kaup en breytingarnar taka til allra almennra kaupa einstaklinga á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að endurfjármögnun lána vegna íbúðarhúsnæðis verði varanlega undanþegin stimpilgjaldi. Nú þegar margir leita leiða til að skuldbreyta húsnæðisláni sínu og íhuga til dæmis að breyta úr verðtryggðu láni í óverðtryggt og að færa sig á milli lánastofnana er eðlilegt að fólk leiti tilboða hjá fjármálafyrirtækjum og beini viðskiptum sínum þangað sem bestu kjörin bjóðast. Afnám stimpilgjalda auðveldar það.

**➜ Við skulum ekki bíða eftir því heldur afgreiða á þessu þingi það frumvarp sem liggur fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd, það yrði gjörningur sem kæmi bæði einstaklingum og fjölskyldum í þessu landi til góða.**

Af veðskuldabréfum og tryggingarbréfum, þegar skuld ber vexti, þarf að greiða 1,5% stimpilgjald af fjárhæð bréfs. Af afsölum, kaupsamningum og öðrum yfirfærslugerningum um fasteign greiðist 0,4% stimpilgjald af fasteignamati eignar að lóðarréttindum eignar meðtöldum. Afnám þessara gjalda, sem geta numið umtalsverðum fjárhæðum, er því til augljósra hagsbóta fyrir einstaklinga og fjölskyldur.

Eftirlitsstofnun ESA hefur gert athugasemdir við stimpilgjöldin og ríkisstjórnin boðaði þess vegna breytingar í október síðastliðnum en hefur nú sagt að nefnd muni skila af sér tillögum á vordögum. Við skulum ekki bíða eftir því heldur afgreiða á þessu þingi það frumvarp sem liggur fyrir í efnahags- og viðskiptanefnd, það yrði gjörningur sem kæmi bæði einstaklingum og fjölskyldum í þessu landi til góða.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Cameron fer íslensku leiðina

ESB



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

David Cameron, forsætisráðherra Breta, hyggst nú fara sömu leið og Íslendingar og óska eftir samningaviðræðum við Evrópusambandið. Að samningaviðræðunum loknum hyggst hann síðan bera samninginn undir þjóðaratkvæði. Þetta hlýtur að teljast hin rökrétta leið, þ.e. að vita fyrst hverju hægt er að ná fram í samningaviðræðunum áður en atkvæðin eru greidd.

Ólíkt því sem haldið er fram á Íslandi telur Cameron að heilmikið sé hægt að semja um við ESB. Þetta er leið sem Bretar hafa farið áður. Þeir sömdu á níunda áratugnum um hinn svokallaða „breska afslátt“ af framlögum sínum til ESB. Þess afsláttar njóta þeir enn þar sem þeir náðu fram varanlegri undanþágu frá framlögum sínum til ESB. Þegar ákvarðanir um nýjustu fjárhagsáætlun ESB var tekin nú á dögunum náðu Danir einnig að semja um verulegan afslátt frá fyrri framlögum sínum til ESB.

**Semja fyrst við ESB**

Aðeins hér á landi heyrast raddir um að greiða eigi þjóðaratkvæði um eitthvað sem enginn veit hvað er. Hér á landi dettur mönnum í hug að betra sé að greiða atkvæði áður en samningur liggur fyrir, áður en vitað er hvað hægt sé að greiða atkvæði um. Aðeins á Íslandi er haldið í þá umræðuhefð að deila um það sem hægt er að staðreyna. Af árangursleysi þeirrar aðferðar ætti þjóðin hins vegar að hafa nægjanlega átakanlega og bitra reynslu. Að hætta aðildarviðræðum í miðjum klíðum er aðeins fallið til að halda lífi í deilum um það sem við fáum ekki botn í nema ljúka aðildarviðræðunum. Það er ekki síður hagsmunamál þeirra sem andsnúnir eru ESB en þeirra sem því eru hlynntir.

**➜ Hér á landi virðast heilu stjórnmálaflokkarnir hverfast um það eitt að vera á móti ESB án þess að vilja vita hvað í aðildinni felst…**

Hér á landi virðast heilu stjórnmálaflokkarnir hverfast um það eitt að vera á móti ESB án þess að vilja vita hvað í aðildinni felst eða yfirleitt að vilja vita hvort þetta gæti reynst heppileg leið fyrir Íslendinga að fara líkt og allar nágrannaþjóðir okkar hafa gert, að Norðmönnum einum undanskildum. Sömu stjórnmálaflokkar koma sér einnig hjá því að setja fram hugmyndir um hvernig þeir sjá framtíð Íslands best borgið og gefa aðeins til kynna það sem þeir vilja ekki í stað þess að segja til um hvað þeir vilja gera.

Alvarlegustu afleiðingar kreppunnar hér á landi urðu vegna stökkbreytinga á lánum heimila og fyrirtækja. Á meðan rataði ekki eitt einasta fyrirtæki eða heimili í neinu nágrannalanda okkar í vandræði vegna hækkunar lána. Hækkun lána í hruninu var séríslenskt fyrirbrigði sem rekja má til íslensku krónunnar. Þessar alvarlegu afleiðingar, einar og sér, ættu að nægja okkur sem áminning um það hvað það kostar okkur að halda úti eigin gjaldmiðli.

# Fátækragildra aldraðra

SAMFÉLAG



Jóhanna Axelsdóttir
lífeyrisþegi

Ég er ein af þeim sem ekki eru hrifnir af kerfinu sem hefur verið til margra ára hjá Tryggingastofnun. Um leið og ég kom þangað inn á 69. aldursári spenntist upp fátækragildra. Það er afskaplega áríðandi að þessu kerfi verði breytt, til hagsbóta fyrir notendur.

Ég segi fyrir mig, að hefði ég ekki fengið aðstoð góðra manna síðari hluta ársins 2012 hefði ég ekki haft í mig og á. Það er afskaplega vond tilfinning að sjá ekki ljós fram undan, koðna niður í fátækt og volæði. Ég var farin að sjá fyrir mér gröfina og heyra í moldinni falla yfir mig. Þessi sífellda njósnaaðferð, að fara inn á bankareikninga og sekta fólk, er ekki mönnum bjóðandi. Mér líður eins og ég sé undir eftirliti lögreglu. Þessi upphæð sem fólk hefur leyfi til þess að vinna fyrir á ári er beinlínis hlægileg. Hvar er hægt að fá vinnu sem býður fólki 40 þúsund á mánuði? Staðan er óþolandi fyrir þá sem hafa ekkert nema lífeyri frá Tryggingastofnun og smávegis frá lífeyrissjóði sem er dregið frá lífeyrinum sem sífellt er verið að skerða.

**Leita til hjálparsamtaka**

Hvers vegna sækja svona margir ellilífeyrisþegar til hjálparsamtaka? Það er ekki eins og við eigum að þurfa að betla, fólk sem hefur lagt sitt til samfélagsins alla starfsævina. Það hafa ekki allir gengið menntaveginn og þar af leiðandi ekki þegið há laun fyrir störf sín um ævina, sbr. þá sem falla undir verkalýðsfélögin. Ég hef heyrt því fleygt að einhverjir geymi fjármuni sína í bankahólfum, jafnvel í útlendum bönkum. Það eru sjálfsagt til margar leiðir sem venjulegt fólk þekkir bara ekki.

**➜ Hvers vegna sækja svona margir ellilífeyrisþegar til hjálparsamtaka? Það er ekki eins og við eigum að þurfa að betla, fólk sem hefur lagt sitt til samfélagsins alla starfsævina.**

Hrunið setti strik í reikninginn fyrir margan manninn sem var t.d. að safna fyrir utanlandsferð eftir starfslok, eða einhverju álíka, til að auðga andann, sem ekki er síður nauðsynlegt á efri árum. Ég setti til hliðar á sparireikninga og hávaxtasjóði sem fóru á hliðina. Ef það eru til stjórnmálamenn sem eru til í að taka þessi mál upp á sína arma mun ég styðja þann flokk og sjálfsagt margir fleiri. Heyrt hef ég utan að mér að fólk ætli ekki að ryðjast í hópum til þess að kjósa, og það er slæmt að nota ekki kosningaréttinn. Það gengur ekki þetta flókna kerfi sem viðgengst, sendandi fólki bréf frá stofnuninni, þar sem koma fram alls kyns skerðingar vegna þessa og hins, sem er líka ákaflega ruglandi. Skattayfirvöld ættu að innheimta skattinn beint af okkur sem erum eitthvað að starfa, eða finna einhverja betri lausn.

# Atvinna eykst í Reykjavík

ATVINNA



Dagur B. Eggertsson
formaður borgarráðs

Nýjar tölur sem unnar hafa verið af Hagstofu Íslands sýna að störfum hefur fjölgað um 3.000 í Reykjavík frá árinu 2010. Á sama tíma hefur dregið hraðar úr atvinnuleysi í Reykjavík en í landinu í heild, ef litið er til meðaltals. Flest hafa þessi nýju störf orðið til á almennum markaði. Reykjavíkurborg hefur stutt við þessa jákvæðu þróun eftir megni með ákvörðunum sínum og stefnumótun. Ný atvinnustefna borginnar miðar að því að auka fjárfestingu í fjölbreyttu atvinnulífi, efla ferðaþjónustu, þekkingariðnað, skapandi greinar og græna hagkerfið. Þetta höfum við meðal annars gert frá 2010:

Í fyrsta lagi var yfirstandandi framkvæmdum borgarinnar flýtt um leið og nýr meirihluti tók við völdum 2010. Einnig var ákveðið að efna til fjárfestingarátaks árin 2011-13 að jafnvirði 6,5 milljarða á ári. Fyrir vikið hefur verið hægt að flýta byggingu nýrra skóla, hjólreiðastíga og endurgera götur og sundlaugar svo fátt eitt sé nefnt.

**Ferðaþjónusta stærsti þátturinn**

Í öðru lagi lagði Reykjavíkurborg fram fé til markaðssetningar í ferðaþjónustu í samstarfi við ríkið og fyrirtæki í ferðaþjónustu undir merkjum Inspired by Iceland. Sömuleiðis var stofnuð Ráðstefnuskrifstofa Reykjavíkur með Icelandair, Hörpu og fleiri fyrirtækjum til að fjölga stórviðburðum og efla ráðstefnuhald í borginni. Ferðaþjónusta er líklega sú grein atvinnulífsins sem á stærstan þátt í fjölgun starfa í borginni.

Í þriðja lagi hefur skipulagi víða verið breytt í takt við nýjar áherslur eftir hrun og til að mæta breyttri eftirspurn. Skipulag styður nú sérstaklega við byggingu lítilla og meðalstórra íbúða miðsvæðis í Reykjavík og uppbyggingu leigumarkaðar. Til að fylgja eftir vexti ferðaþjónustu er uppbygging hótel- og gistirýma jafnframt allvíða í undirbúningi.

Í fjórða lagi hefur verið ýtt undir fjárfestingu í sjávarútvegi með lóðaúthlutun fyrir nýja frystigeymslu HB-Granda og endurnýjun lóðaleigusamninga fyrir Brim. Hafnirnar hafa einnig lagt fram húsnæði fyrir sprotafyrirtæki undir merkjum Sjávarklasans í Bakkaskemmu (við Kaffivagninn). Þá er staðinn vörður um hafnarstarfsemi og sjósókn í nýju skipulagi gömlu hafnarinnar.

Í fimmta lagi hefur verið unnið að skipulagi nýs Landspítala og unnið þétt með Háskóla Íslands til að stuðla að byggingu Vísindagarða við HÍ. Vatnsmýrarsvæðið er hjarta þekkingarhagkerfisins á Íslandi og á gríðarleg sóknarfæri sem borgin vill nýta.

**➜ Á næstu árum þarf að sækja enn frekar fram í atvinnumálum og skapa upprennandi kynslóðum fyrsta flokks lífsskilyrði og spennandi tækifæri. Í því mun Reykjavík ekki láta sitt eftir liggja.**

**Störf í stað bóta**

Í sjötta lagi hefur verið unnið markvisst að því að bjóða hundruðum langtímaatvinnulausra Reykvíkinga störf í stað bóta í samvinnu við Vinnumálastofnun og aðila vinnumarkaðarins. Svipuð úrræði hafa verið þróuð fyrir ungt fólk án bótaréttar.

Þá er þess ógetið að kvikmyndagerð og skapandi greinar hafa verið í miklum vexti. Þar á borgin raunar minnstan þátt en skattaívilnanir vegna kvikmyndagerðar, ásamt blómlegri grasrót framsækinna fyrirtækja, hafa skipt meginmáli. Búast má við enn frekari blóma í kvikmyndagerð með tvöföldun Kvikmyndasjóðs í fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar.

Á næstu árum þarf að sækja enn frekar fram í atvinnumálum og skapa upprennandi kynslóðum fyrsta flokks lífsskilyrði og spennandi tækifæri. Í því mun Reykjavík ekki láta sitt eftir liggja. Borgin vill axla hlutverk sitt sem höfuðborg og varða leiðina út úr kreppunni með því að stuðla að fjárfestingu í fjölbreyttu og spennandi atvinnulífi.


KYNNING Á PAXTON AÐGANGSKERFUM

Í HÚSNÆÐI VÉLA & VERKFÆRA



Þriðjudaginn 26. febrúar kl. 9.00–14.30.
Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir 22. febrúar til vv@vv.is
eða í síma 550 8500. Boðið verður upp á hádegisverð.

Paxton er leiðandi framleiðandi aðgangskerfa fyrir allar stærðir fasteigna með áherslu á einfaldleika í uppsetningu og notkun. Fyrirtækið var stofnað árið 1985 og hefur náð miklum árangri í sölu víða um heim. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Bretlandi.

Með Net2 tölvutengda aðgangskerfinu frá Paxton er hægt að stjórna hundruðum eða þúsundum hurða fyrir allt að 50.000 notendur. Hægt er að stjórna hurðum með fyrirliggjandi nettengingum TCP/IP og þar af leiðandi fjölda bygginga á mismunandi stöðum. Net2 er byggt fyrir framtíðina þar sem auðvelt er að bæta við hurðum á hagkvæman hátt (sérstaklega með þráðlausum lesurum (on-line) sbr. Paxton PaxLock og Assa Abloy aperio). **Uppfærslur á hugbúnaði eru fríar.**

Hægt er að nota nándarlesara (hands free eða Mifare), kortalesara (segul), takkalása og flestar gerðir af lesurum frá öðrum framleiðendum sbr. HID iClass, Assa Abloy aperio iClass o.s.frv. Alhliða lausn á sanngjörnu verði.

FÍTON / SÍA

Paxton www.paxton.co.uk aperio HID iCLASS HID

VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C • 104 REYKJAVÍK • SÍMI: 550 8500 • FAX 5508510 • WWW.VV.IS

# TÍMAMÓT



✝

Elsku hjartans eiginmaður minn,
yndislegi stjúpi, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR JÓNSSON**
**Þórðarsveig 26, Reykjavík,**

lést í faðmi eiginkonu sinnar og bróður á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 15. febrúar.
Útför hans fer fram frá Grensáskirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 13.00.

**G. Ásgerður Jensdóttir**
**Jenný Ágústa Abrahamsen**
**Elmar Jens Davíðsson**
**Hrannar Freyr Abrahamsen**
**Páll Baldvin Guðmundsson**
**Elísa Rut Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**
**Sigurður Bóas Pálsson**
**Helga K. Guðmundsdóttir**



✝

Við þökkum öllum sem auðsýndu samúð og vinarhug vegna andláts foreldra okkar og tengdaforeldra,

**JÓHÖNNU GÍSLADÓTTUR**
**OG ÓLAFS GUÐJÓNSSONAR**
**Skúlagötu 40b.**

Hún lést þriðjudaginn 1. janúar og hann lést fimmtudaginn 31. janúar. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á Droplaugarstöðum fyrir frábæra umönnun.

**Gísli Ólafsson**
**Viðar Ólafsson**
**Þórunn Ólafsdóttir**
**Sveinn Ingi Ólafsson**
**og fjölskyldur.**
**Elísabet Solveig Pétursdóttir**
**Birna Björnsdóttir**
**Gyða Þórðardóttir**



✝

Ástkær móðir, tengdamóðir, dóttir,
systir og frænka,

**ELÍSABET SIGFRIÐSDÓTTIR**
**(Beta)**

lést í Sønderborg, Danmörku, að morgni 12. febrúrar. Útför fer fram frá Guðríðarkirkju Grafarholti, föstudaginn 22. febrúar kl.13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim er vilja minnast hennar er bent á Styrktarfélag langveikra barna.

**Sigfrið Smári Jónsson**
**Hrannar Örn Karlsson**
**Erla Þórðardóttir**
**Þórður Gústaf Sigfriðsson**
**Lára María Sigfriðsdóttir**
**og frændsystkini.**
**Catrine Holm Nielsen**
**Guðfinna Kristinsdóttir**
**Sigfrið Ólafsson**
**Bannika Chaiwan Sigfriðsson**
**Guðmundur Ólafsson**



✝

Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir,
afi og langafi,

**LOFTUR JENS MAGNÚSSON**
**Jöldugróf 7, Reykjavík,**

sem lést 16. febrúar, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 11.00.

**Signý Ágústa Gunnarsdóttir**
**Gunnar Loftsson**
**Magnús Loftsson**
**Rúnar Loftsson**
**Reynir Loftsson**
**Björg Sigurlaug Loftsdóttir**
**Arnar Loftsson**
**Birgir Loftsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Halldóra Guðlaug Ragnarsdóttir**
**Elsa Árný Bjarnadóttir**
**Guðný Elín Jónsdóttir**
**Helga Ágústsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KRISTINN SIGURÐSSON**
**fyrrv. flugumferðarstjóri,**
**Skógarseli 43, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 25. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartaheill og Heilaheill.

**Edda Magndís Halldórsdóttir**
**Sigurður Kristinsson**
**Hjálmar Kristinsson**
**Helgi G. Kristinsson**
**Jóhann Örn Kristinsson**
**Halldór Ívar Guðnason**
**Edda Guðrún Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Anna Dís Bjarnadóttir**
**Hildigunnur Bjarnadóttir**
**Edda Björg Benónýsdóttir**
**Ása M. Blöndahl**
**Sveinn Vignisson**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför systur okkar og frænku,

**GUÐBJARTAR GUÐRÚNAR**
**ERLENDSDÓTTUR**
**Lómasölum 2, Kópavogi.**

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Hlíf Erlendsdóttir**
**Guðfinnur Erlendsson**
**Jóhanna Ellý Sigurðardóttir**
**Erlendur Jónsson**
**Júlíus Sigurðsson**
**Alda Ögmundsdóttir**



✝

Eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

**JÓNA ÞORBJÖRG INGVARSDÓTTIR**
**Höfðatúni 5, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 17. febrúar. Útför hennar fer fram í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 27. febrúar klukkan 13.00.

**Garðar Árnason**
**Inga Rún Garðarsdóttir**
**Árni Valur Garðarsson**
**Þórir Örn Garðarsson**
**Elva Björk Garðarsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**
**Reynir Jóhannsson**
**Hildur Björnsdóttir**
**María Norðdahl**
**Birgir Sigurþórsson**



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir,
amma og langamma,

**MARGRÉT JÓNSDÓTTIR**
**Lindasíðu 2, Akureyri,**

lést þriðjudaginn 12. febrúar síðastliðinn á Dvalarheimilinu Hlíð.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 22. febrúar kl. 13.30.

**Erla Vilhjálmsdóttir**
**Margrét Jónsdóttir**
**Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir**
**Vilhjálmur Þengill Jónsson**
**Jón Arnar Jónsson**
**og aðrir aðstandendur.**
**Jón M. Þengilsson**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KJARTAN INGIMARSSON**
**bifreiðastjóri, til heimilis að**
**Kirkjuteigi 9, Reykjavík,**

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 12. febrúar.
Útförin fer fram frá Laugarneskirkju þriðjudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

**Þóra Kjartansdóttir**
**Ingimar Kjartansson**
**Björg Vigfúsína Kjartansdóttir (Lilla)**
**tengdabörn og barnabörn.**



✝

Elsku hjartans eiginkona mín, yndislega
móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**SIGRÍÐUR HELGA SIGFÚSDÓTTIR**
**snyrtifræðingur,**
**Helgubraut 15, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi aðfaranótt mánudagsins 18. febrúar. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 25. febrúar kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Björn Gíslason**
**Þorsteinn Björnsson**
**Anna Lilja Björnsdóttir**
**Finnbjörn Már Þorsteinsson**
**Tinna Ósk Þorsteinsdóttir**
**Sóley G. Karlsdóttir**
**Ragnar Garðarsson**
**Sigríður Ragnarsdóttir**
**Benedikt Björn Ragnarsson**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**ÞORSTEINN ELÍSSON**
**Laxárdal,**
**síðast til heimilis að Glósölum 7, Kópavogi,**

verður jarðsunginn frá Prestbakkakirkju í Hrútafirði laugardaginn 23. febrúar kl. 14.00.

**Guðný Sigríður Þorsteinsdóttir**
**Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Karólína Dóra Þorsteinsdóttir**
**Elínborg Þorsteinsdóttir**
**Ólöf Þorsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**
**Sveinn Karlsson**
**Jón Einarsson**
**Böðvar Stefánsson**
**Bergvin Sævar Guðmundsson**
**Böðvar Sigvaldi Böðvarsson**



**UMBOÐSMAÐUR BORGARBÚA** Reykvíkingar hafa nú eignast sinn málsvara því Ingi B. Poulsen hefur verið ráðinn í stöðu umboðsmanns borgarbúa.

# Spennandi tækifæri

## Ingi B. Poulsen hefur verið ráðinn í stöðu umboðsmanns borgarbúa.



INGI B. POULSEN

Reykjavíkurborg hefur ráðið Inga B. Poulsen í stöðu umboðsmanns borgarbúa. Ingi er með meistaragráðu í lögfræði frá Háskóla Íslands og hefur stundað framhaldsnám í umhverfis- og auðlindarétti.

„Þetta leggst gríðarlega vel í mig. Þetta er ofsalega spennandi tækifæri og það er mikill metnaður hjá Reykjavíkurborg að innleiða þetta úrræði í sína stjórnsýslu,“ segir Ingi. „Það er einstakt að fá að taka þátt í að móta nýja hugsun inn í stjórnsýsluna með tilliti til réttarverndar borgarbúa. Þetta er starf sem býður upp á mikla sköpun og er þess utan á mínu áhugasviði því minn bakgrunnur kemur að stórum hluta úr sambærilegum verkefnum.“

Ingi fékk héraðsdómslögmannsréttindi árið 2008 og starfaði um tæplega fjögurra ára skeið hjá embætti borgarlögmanns við almenn málflutningsstörf, lögfræðilega ráðgjöf innan borgarkerfisins og málflutning á kærustigi innan stjórnsýslunnar. Síðastliðin ár hefur Ingi starfað sem meðeigandi á lögmannsstofu.

Hugmyndin um umboðsmann borgarbúa nær allt aftur til ársins 1994 þegar R-listinn var við völd. Það er samt ekki fyrr en núna sem núverandi meirihluti ákveður að stíga skrefið og innleiða þetta úrræði inn í stjórnsýsluna en sambærilegt úrræði hefur verið tekið upp á Norðurlöndum með góðum árangri. „Þetta starf verður fremur mótað af forsendum borgarbúa en forsendum borgarkerfisins,“ segir Ingi og hlakkar til að hefja störf 1. mars. „Ég á ekki von á öðru en að þetta gefist mjög vel og leiði til þess að borgarbúar fái betri þjónustu hjá Reykjavíkurborg og leiði jafnframt til þess að stjórnsýslan verði skilvirkari.

freyr@frettabladid.is



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**ÓLAFUR BJARKI RAGNARSSON**

verður kvaddur fimmtudaginn 21. febrúar í Fossvogskirkju kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á líknarfélögin.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Ragnar Ólafsson**
**Kristinn Ólafur Ólafsson**
**Haraldur Ólafsson**
**Helgi Ólafsson**
**afabörn og langafabörn.**
**Pétur Már Pétursson**
**Hólmfríður Jóna Guðmundsdóttir**
**Helga Þórisdóttir**
**Wanpen S. Ólafsson**



✝

Ástkær unnusti minn, sonur, bróðir, mágur,
barnabarn og frændi,

**ANDRI LÍNDAL JÓHANNESSON**

er látinn.

**Viktoría Dröfn Ólafsdóttir**
**Ingigerður Jakobsdóttir**
**Brynjólfur Líndal Jóhannesson**
**Jakob Líndal Jóhannesson**
**Birna Guðmundsdóttir**
**Þórunn Þráinsdóttir**
**og bræðrabörn.**
**Jóhannes Líndal Brynjólfsson**
**Katherine Rose Jónsson**
**Herdís Steinarsdóttir**
**Jakob Helgason**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 20. febrúar 2013 | 4. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Græna prentsmiðjan! UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓNÓ VISTVÆN PRENTSMIÐJA Sími 511 1234 • www.gudjono.is




# ÍSLENSK TÆKIFÆRI Í GRÆNLENSKUM UPPGANGI

- ➜ Markaðurinn er að þessu sinni undirlagður undir umfjöllun um Grænland
- ➜ Fjölmörg íslensk fyrirtæki horfa á viðskiptatækifæri á Grænlandi
- ➜ Auka þarf menntun í landinu til að heimamenn geti sinnt sérfræðistörfum

## Leggja til breytingar á lögum um kynjakvóta í stjórnum

Fyrirtækjaskrá fær skýra heimild til að krefjast skipta á félögum sem ekki uppfylla lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja nái tillögur starfshóps atvinnuvegaráðuneytisins fram að ganga. Hópurinn hefur skilað greinargerð um tillögur að lagabreytingum og aðgerðum til að verjast kennitöluflakki og til að ná markmiðum laga um jöfnun kynja í stjórnum fyrirtækja.

Meðal annarra tillagna hópsins má nefna að sambærileg heimild vegna brota á lögum um ársreikningaskil verði færð frá ráðherra til fyrirtækjaskrár auk þess sem stofnunin fái heimild til að leggja sektir á stjórnarmenn fyrirtækja vegna vanskila á ársreikningum þeirra. Þá telur hópurinn rétt að öll félög sem forms síns vegna falla undir lög um ársreikningaskil skili ársreikningi, hvort sem þau eru með starfsemi eða ekki. Hingað til hafa félög með litla eða enga starfsemi haft undanþágu. Loks leggur hópurinn til viðmið um þann lágmarksfjölda starfsmanna sem fyrirtæki þurfa að hafa svo kynjakvótalögin gildi um þau verði skýrð og gerð þrengri. - mþl

## Seðlabankinn kaupir sex milljarða króna af Landsbankanum

Seðlabanki Íslands hefur gengið frá framvirkum samningum við Landsbankann um gjaldeyrisviðskipti sem miða að því að draga úr þrýstingi á gengi krónunnar á næstu mánuðum. Samningurinn felur í sér að á næstunni mun Seðlabankinn kaupa sex milljarða króna í skiptum fyrir evrur. Í tilkynningu frá bankanum vegna þessa segir að samningurinn muni draga úr þörf á inngripum á gjaldeyrismarkaði á næstunni þótt ekki sé hægt að fullyrða að þau verði óþörf. Bankinn hefur ítrekað gripið inn í á markaðnum upp á síðkastið.

Í tilkynningu frá Landsbankanum vegna viðskiptanna segir að með þessum samningi og öðrum aðgerðum sem þegar hafi verið gripið til hafi Landsbankinn mætt þeim áhrifum sem ráðgerð útgáfa hins svokallaða skilyrta skuldabréfs bankans til LBI (gamla Landsbankans) hafi á gjaldeyrisjöfnuð bankans. - mþl



## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Fjöldi atvinnlausra eftir menntun




Sé atvinnuleysi skipt eftir kyni og menntun sést að flestir atvinnulausir hafa einungis grunnskólanám eða sambærilega menntun að baki. Þannig hefur það verið frá árinu 2000 þó hlutfall kynjana í þessum hópi hafi breyst örlítið á þessum tíma. Næststærsti hópur atvinnulausra eru einstaklingar með háskólmenntun en þar eru atvinnulausar konur í meirihluta.

http://data.is/Zowm9W

### Þróun atvinnuleysi eftir kyni




http://data.is/XiDt0y

Samkvæmt mælingum frá Vinnumálastofnun er atvinnuleysi 5,6%. Heildarfjöldi atvinnulausra karla og kvenna í janúar 2013 er álíka, 4.697 karlar og 4.592 konur eru atvinnulaus. Heildarfjöldi samtals er 9.289 manns. Eins og sést á myndinni fjölgaði atvinnulausum körlum mun meira en konum eftir hrun en fjórum árum síðar er fjöldi atvinnulausra eftir kyni nánast orðinn sá sami.

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 20. febrúar**
- Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis.
- Vísitala byggingarkostnaðar fyrir mars 2013.

**Fimmtudagur 21. febrúar**
- Verðmæti sjávarafla janúar 2013

**Föstudagur 22. febrúar**
- Vísitala kaupmáttar launa í janúar 2013
- Greiðslujöfnunarvísitala í mars 2013
- Vísitala lífeyrisskuldbindinga í janúar 2013
- Mánaðarleg launavísitala í janúar 2013
- Útboð ríkisbréfa

**Mánudagur 25. febrúar**
- Fiskiskipastóllinn í árslok 2012

**Þriðjudagur 26. febrúar**
- Viðskipti með atvinnuhúsnæði í janúar
- Dánir 2012

**Miðvikudagur 27. febrúar**
- Fjöldi útgefinna vegabréfa
- Vinnumarkaðsrannsókn janúar 2013
- Vísitala neysluverðs í febrúar 2013
- Nýskráningar og gjaldþrot í janúar 2013
- Fræðslufundur VÍB um Warren Buffett

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*




# Íslendingar eru velkomnir til Grænlands

*Formaður Samtaka atvinnulífsins á Grænlandi segir landið þurfa á íslenskum fyrirtækjum að halda. Meirihluti stjórnmálamanna á þeirri skoðun að nýta eigi náttúruauðlindir til hagvaxtar.*

**GRÆNLAND**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is

Töluverð tækifæri eru fyrir íslensk fyrirtæki á Grænlandi og mikill vilji er til staðar hjá grænlenskum fyrirtækjum að vinna með þeim íslensku. Þetta segir Brian Bruus Pedersen, formaður Samtaka atvinnulífsins á Grænlandi og stjórnarmaður í Grænlensk-íslenska viðskiptaráðinu.

Samtök Pedersen voru á meðal þeirra aðila sem stóðu að stórri ráðstefnu, „Future Greenland 2013“, sem fór fram í byrjun febrúarmánaðar. Á ráðstefnunni voru staddir fulltrúar frá fjölmörgum íslenskum fyrirtækjum sem annaðhvort eru þegar með umsvif á Grænlandi eða eru að kanna möguleikann á því að hefja starfsemi þar.

Líkt og greint verður ítarlega frá aftar í Markaðnum eru mikil uppgangstækifæri í Grænlandi. Pedersen segir íslensk fyrirtæki vel geta tekið þátt í þeim verkefnum sem fram undan eru. „Það þarf fullt af fyrirtækjum frá Íslandi, Skandinavíu og víðar til að koma hingað og keppa um þá samninga sem eru í boði. Okkur skortir bæði fjöldann og getuna til að geta gert þetta allt saman sjálf. Við þurfum á þessum fyrirtækjum að halda en ætlumst að sama skapi til þess að þau leggi sitt af mörkum til langtímavaxtar Grænlands.“



**STOFNAÐ** Grænlensk-íslenska viðskiptaráðið var stofnað í október 2012. Brian Bruus Pedersen situr í stjórn þess og Sigurður Skagfjörð Sigurðsson er stjórnarformaður.
MYND/KRISTÍN HJÁLMTÝSDÓTTIR

### Á AÐ EFLA VIÐSKIPTI MILLI ÞJÓÐANNA

Í október 2012 var Grænlensk-íslenska viðskiptaráðið stofnað í Nuuk, höfuðstað Grænlands. Á milli 40 og 50 fyrirtæki eiga aðild að ráðinu sem er ætlað að efla viðskipti á milli Íslands og Grænlands. Fyrirtækin eru í ýmsum geirum; byggingariðnaði, ferðaþjónustu, sjávarútvegi og ýmiss konar annarri þjónustu á borð við lögfræði, ráðgjöf, endurskoðun og heilbrigðisþjónustu. Formaður ráðsins er Sigurður Skagfjörð Sigurðsson hjá VJI. Aðrir í stjórn þess eru Árni Gunnarsson hjá Flugfélag Íslands, Brian Buus Petersen hjá Vinnuveitendasambandi Grænlands, Gylfi Sigfússon hjá Eimskip, Hans Gerstrøm hjá Usisaat, Henrik Leth hjá Polar Seafood, Hermann Sigurðsson hjá Ístak, Preben Kold Larsen hjá Permagreen Grønland og Steen Montgomery-Andersen hjá Tele Greenland.

Að sögn Pedersen eru íslensku fyrirtækin sem nú þegar starfa á Grænlandi, til dæmis Ístak og Flugfélag Íslands, alvöru leikendur í grænlensku viðskiptalífi. „Grænlensk fyrirtæki vilja vinna með þeim íslensku.“

Miklar nýtanlegar náttúruauðlindir eru á Grænlandi, sérstaklega olíulindir og námuvinnslutækifæri. Pedersen segir ýmsar hindranir enn vera í vegi fyrir að nýting margra þeirra tækifæra geti hafist en að sérfræðingar fullyrði að þær verði yfirstignar á næstu árum.

Spurður hvort það sé pólitísk samstaða um að feta þann veg að ráðast í þessi stóru verkefni segist hann telja svo vera.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62688 02/2013




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR



# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## NÁMSKEIÐ Á VORMISSERI Á SVIÐI STJÓRNUNAR, STARFSÞRÓUNAR OG FJÁRMÁLA

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Gerð gæðahandbókar fyrir vef
skráningarfrestur til 27. febrúar

Fjarvistastjórnun:
Áhrif veikindafjarvista á vinnustað og aðgerðir til úrbóta
skráningarfrestur til 5. mars

Stjórnun og leiðtogahæfni
skráningarfrestur til 6. mars

Verkefnastjórnun - vinnustofa
skráningarfrestur til 14. mars

Coaching for Clinical Managers
skráningarfrestur til 14. mars

The Manager's Toolkit – Analyzing, planning and executing for improved organizational performance
skráningarfrestur til 18. mars

Rekstur og viðhald á gæðastjórnunarkerfum
skráningarfrestur til 18. mars

Vinnusálfræði – Faglegar ráðningar
skráningarfrestur til 26. mars

Hvatning og starfsánægja
skráningarfrestur til 3. apríl

Tengslanet fyrirtækja
skráningarfrestur til 25. apríl

### STARFSTENGD HÆFNI

Samningatækni
hefst 26. febrúar

Textagerð og hugmyndavinna fyrir auglýsingar
hefst 27. febrúar

Lykillinn að gæðaþjónustu
skráningarfrestur til 25. febrúar

Vinnugleði – mín vinna, mitt viðhorf
skráningarfrestur til 27. febrúar

WordPress II - Framhaldsnámskeið
skráningarfrestur til 28. febrúar

Þróun viðskiptasambanda (CRM)
skráningarfrestur til 4. mars

Innkaup og birgðastýring
skráningarfrestur til 11. mars

Samfélagsmiðlun og framleiðsla efnis
skráningarfrestur til 11. mars

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
skráningarfrestur til 11. mars

Facebook sem markaðstæki I - grunnnámskeið
skráningarfrestur til 11. mars

Facebook sem markaðstæki II – ferð til fjár
skráningarfrestur til 14. mars

Menningarlæsi
skráningarfrestur til 1. apríl

Árangursrík samskipti
skráningarfrestur til 3. apríl

Listin að gera lista:
Markviss forgangsröðun – leið til aukinna afkasta
skráningarfrestur til 5. apríl

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Stofnun og rekstur smáfyrirtækja - vinnustofa
hefst 28. febrúar

Hlutabréfamarkaður
skráningarfrestur til 4. mars

Excel II
skráningarfrestur til 6. mars

Evrópskur skattaréttur – beinir skattar
skráningarfrestur til 13. mars

Virðismat fyrirtækja
skráningarfrestur til 27. mars

Skattlagning óheimillar úthlutunar arðs úr hlutafélögum
skráningarfrestur til 1. apríl

Gerð arðsemislíkana
skráningarfrestur til 2. apríl

Gerð rekstraráætlana
skráningarfrestur til 8. apríl

Excel PowerPivot
skráningarfrestur til 9. apríl

Íslenskur fasteignamarkaður
skráningarfrestur til 10. apríl

Verktaki eða launþegi
skráningarfrestur til 25. apríl

Uppbygging eignasafna (e. portfolio theory)
skráningarfrestur til 30. apríl

Gerð sjóðstreymis
skráningarfrestur til 21. maí

**Hópafsláttur: Ef fyrirtæki eða stofnun skrá fimm eða fleiri á námskeið er veittur 20% afsláttur.**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Hættuleg skref í átt að velmegun

***Grænland er einungis um 300 kílómetra frá Íslandi og þar búa tæplega 57 þúsund manns. Á yfirborðinu er fátt sem virðist gefa tilefni til að augu heimsins beinist að Grænlandi. Þannig er þó staðan og ástæðan er tvíþætt: olía og málmar.***



**MENNINGARÁREKSTRAR** Þau skref sem stigin verða í nýtingu náttúruauðlinda Grænlands munu hafa áhrif á alla samfélagsgerð Grænlendinga. Ljóst er að ekki er vilji hjá öllum íbúum landsins að stíga stórt skref í átt að vestrænni menningu. Þeir vilja flýta sér hægt.

**FRÉTTASKÝRING | GRÆNLAND**

**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Efnahagur Grænlands í dag hvílir í grófum dráttum á tveimur stoðum. Annars vegar greiðir danska ríkið árlega 3,6 milljarða danskra króna, um 83 milljarða króna, til þess grænlenska. Þessi meðgjöf, sem er ekki vísitölutengd og rýrnar því að raunvirði á hverju ári, er til að standa undir stjórnsýslu landsins. Hún er einnig um helmingur tekna Grænlands. Það sem upp á vantar kemur að mestu úr sjávarútvegi, aðallega veiðum og vinnslu á rækju. Þeir veiða líka grálúðu og lítilræði af þorski og hafa nýverið úthlutað sér makrílkvóta.

Það er þó ljóst að Grænland þarf að auka tekjur sínar til að standa undir samfélagsgerð sinni. Niels de Coninck-Smith, stjórnarformaður sjávarútvegsfyrirtækisins Royal Greenland, stærsta fyrirtækis Grænlands, lét hafa eftir sér á ráðstefnunni „Future Greenland 2013“, sem fram fór fyrr í þessum mánuði, að samfélagsgerð landsins væri ósjálfbær. Ef ekki yrðu breytingar á henni myndi það þýða aukningu á opinberum skuldum til að standa undir þeim innviðum sem þegar eru til staðar. „Grænland gæti staðið mjög vel ef landið yrði rekið meira eins og fyrirtæki sem bæri virðingu fyrir menningu og hefðum landsins og einstökum innviðum, frekar en að reka það í takt við skandinavíska stjórnsýslu,“ sagði Coninck-Smith. Ljóst var á mörgum öðrum fundargestum á ráðstefnunni, sem sótt var af blaðamanni Markaðarins, að afar skiptar skoðanir eru um þessa tillögu hans.

#### MIKLAR NÁTTÚRUAUÐLINDIR

Þegar Grænland fékk sjálfsstjórn árið 2009 fékk ríkisstjórn landsins einnig umráðarétt yfir náttúruauðlindum landsins. Vilji hennar hefur staðið til að nýta þær á þann hátt að hægt verði að auka velmegun í Grænlandi, styrkja innviði, fjölga störfum og bæta menntun.

Grænland er enda afar ríkt af nýtanlegum málmum á borð við sink, gull, járn og fleiri. Þar fyrirfinnst meira að segja úran sem er nýtanlegt til að skapa kjarnorku. Nú þegar hefur grænlenska ríkisstjórnin veitt um 150 rannsóknarleyfi vegna málmleitar. Fyrir tíu árum voru þau sautján. Í fyrra eyddu þau fyrirtæki sem standa að rannsóknunum um þrettán milljörðum króna í þær.

Þá hefur hnattræn hlýnun, og bráðnun íss á Norðurslóðum, opnað fyrir þann möguleika að nýta olíulindir við strendur landsins. Olíufélögin sem að henni standa hafa þegar eytt um 130 milljörðum króna í hana. Auk þess eru fjölmargir möguleikar til að byggja vatnsaflsvirkjanir, sem gera Grænland að aðlaðandi stað fyrir til dæmis álfyrirtæki.

Eftir margra ára umræður um hvað sé hægt að gera á Grænlandi hafa nú verið stigin skref í átt að því að gerlegt verði að ráðast í þessi stóru nýtingarverkefni.

Í fyrrahaust kynnti grænlenska ríkisstjórnin nýja áætlun um velmegun og velferð á Grænlandi fram til ársins 2025. Yfirskrift hennar er „okkar framtíð – mín og þín ábyrgð. Á leið til 2025“. Helstu áherslumál áætlunarinnar eru aukin menntun og atvinnuþátttaka. Það er engin vöntun á að gera bragarbót í þessum málum enda voru um 62 prósent af grænlensku vinnuafli ófaglærð í lok árs 2010. Grænlenskt samfélag hefur því hvorki yfir að ráða sérhæfingu né vinnuafli til að þjónusta þau risastóru verkefni sem eru á teikniborðinu í landinu.

#### LÖG UM STÓR VERKEFNI

Þann 7. desember 2012 samþykkti grænlenska landsþingið síðan lög sem á dönsku kallast „Storskalaloven“. Þau skilyrða hvað geti kallast stórframkvæmd og hvaða undanþágur þeir sem standa að slíkum framkvæmdum fá.

Tilgangur lagasetningarinnar er að búa til aukinn hvata fyrir alþjóðleg stórfyrirtæki til að fjárfesta á Grænlandi. Í stuttu máli þýða lögin, sem tóku gildi 1. janúar 2013, að erlend stórfyrirtæki geti ráðist í verkefni sem kosta meira en einn milljarð danskra króna, um 23 milljarða króna, með tilslökunum á grænlenskri vinnulöggjöf. Það þýðir í raun að fyrirtækin geta notað ódýrt erlent vinnuafl í framkvæmdir sínar. Í fréttatilkynningu sem ríkisstjórn Grænlands sendi frá sér þegar lögin voru samþykkt var haft eftir Kuupik Kleist forsætisráðherra að hann vænti þess að hin stóru verkefni myndu leiða af sér aukna atvinnu og þjálfun Grænlendinga til að sinna þeim störfum sem myndu skapast. „Grænland þarf fjárfestingu sem beinist inn á við til að tryggja velsæld á komandi árum,“ sagði Kleist.

#### FIMM ÞÚSUND KÍNVERJAR

Þau tvö verkefni sem líklegust eru að fara af stað, nýting London Mining, bresks fyrirtækis sem knúið er kínverskum peningum og hagsmunum, á járnnámu og bygging Alcoa á álveri, hafa beðið eftir því að umrædd lög yrðu samþykkt. Talið er að flytja þurfi um fimm þúsund kínverska verkamenn til Grænlands til að vinna við þau.

Þó að pólitískur meirihluti sé fyrir því að nýta þessi vaxtar-



Tölvutek & MP banki
Tæknilega fullkomið viðskiptasamband

Þau hjá Tölvutek vita sem er, að ánægðir viðskiptavinir koma aftur og aftur. Þetta er samstilltur hópur sem vill að öll smáatriði séu í lagi til að fyrirtækið geti gengið eins og malandi tölva – og haldið stöðugt áfram að vaxa.

**Þess vegna er Tölvutek í viðskiptum hjá okkur.**

Brandenburg

mp banki
banki atvinnulífsins

Ármúli 13a / Borgartún 26 / 540 3200 / www.mp.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÖRYGGI Á FERÐALÖGUM

**Evrópska sjúkratryggingakortið staðfestir rétt korthafa til heilbrigðisþjónustu í öllum ríkjum EES og Sviss. Nú er hægt að hala niður snjallsímaforrit í símann sem er þeim eiginleikum gætt að hægt er að skoða hver réttindi handhafa evrópska sjúkratryggingakortsins eru, meðal annars á íslensku.**




Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?

Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

BIRKENSTOCK

Misty skor Laugavegi 178

Vertu vinur

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.




**HVALASKOÐUN** Hátíðargestir skoða háhyrninga á hvalahátíðinni Whale Fest í Grundarfirði.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# HVALAHÁTÍÐ Á SNÆFELLSNESI

**FERÐAÞJÓNUSTA** *Fyrirlestrar og skoðunarferðir eru uppistaðan á fyrstu hvalahátíðinni Whale Fest sem haldin er í Grundarfirði.*

Síðasta mánudag hófst hvalahátíðin Whale Fest í Grundarfirði. Þetta er í fyrsta skiptið sem hátíðin fer fram en hún stendur fram á föstudag. Það eru Hótel Framnes og Láki Tours á Snæfellsnesi sem standa að hátíðinni í samstarfi við bresku ferðaskrifstofuna Discover the World. Aðstandendur hátíðarinnar eru ánægðir með aðsóknina fyrsta árið en rúmlega 100 gestir dvelja nú í Grundarfirði og á Hellnum. Að sögn Gísla Ólafssonar, framkvæmdastjóra Hótels Framness og Láka Tours, er stefnt að því að halda hátíðina árlega á meðan háhyrningurinn venur komur sínar á þessar slóðir. „Við erum fyrst um sinn að þreifa okkur áfram með hvað gestum okkar þykir eftirsóknarvert en í ár samanstendur hátíðin að mestu á fyrirlestrum og skoðunarferðum. Öll hátíðin fer fram á ensku enda allir gestir okkar frá Bretlandseyjum.“ Auk fyrrnefndra aðila komu Icelandair og IFAW, International Fund for Animal Welfare, einnig að skipulagningu hátíðarinnar.

Meðal fyrirlesara á hátíðinni er sjávarlíffræðingurinn Erich Hoyt frá Bandaríkjunum sem er að sögn Gísla margverðlaunaður fyrir ritstörf sín og rannsóknir á þessu svið.

Gísli segir hvalaskoðun og skylda starfsemi vera einn stærsta hluta afþreyingar í tengslum við ferðaþjónusta hérlendis undanfarin ár. „Ef ég man rétt velti hvalaskoðun yfir milljarði árið 2008 en um tveimur milljörðum fjórum árum síðar. Þetta er annað árið sem við höfum boðið upp á hvalaskoðunarferðir hér á Snæfellsnesinu. Hingað til höfum við boðið upp á slíkar ferðir yfir veturinn en við ætlum einnig að sigla næsta sumar frá Ólafsvík.“

Yfir vetrartímann geta gestir séð háhyrninga og höfrunga synda í sjónum við Grundarfjörð en yfir sumartímann má einnig sjá hrefnur. Hnúfubakur, steypireyður og langreyður sjást síðan utar við Snæfellsnesið. „Reyndar hefur háhyrningurinn svolítið breytilegt mynstur. Hann eltir síldina en hún á til að breyta göngumynstri sínu á 10-15 ára fresti. Við getum því alveg eins búist við því að hún hverfi héðan eftir tvö til þrjú ár og fari jafnvel austur fyrir land og þar með háhyrningurinn líka. Þá nýtur bara einhver góðs af því á þeim slóðum.“



**LÍF YFIR VETURINN** Háhyrningar og höfrungar synda í sjónum við Grundarfjörð yfir vetrartímann.
MYND/ÚR EINKASAFNI




Tilboði lýkur í dag

10.000 dúnsængur

Við fögnum 10.000 ánægðum viðskiptavinum og bjóðum fleiri í hópinn með risatilboði á öllum dúnsængum.

| Stærð 70x100 | Stærð 100x140 | Stærð 140x200 |
|---|---|---|
| 200 grömm dúnn | 400 grömm dúnn | 790 grömm dúnn |
| Verð 10.980 kr | Verð 14.980 kr | Verð 33.490 kr |
| Tilboð 7.686 kr | Tilboð 10.486 kr | Tilboð 23.490 kr |

100% dúnn
100% bómull

Léttar og hlýjar dúnsængur sem færa þér einstakan svefn. Eingöngu 100% náttúruleg efni, dúnn & bómull.

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176, gamla sjónvarpshúsið Sími 533 2220 www.lindesign.is sendum frítt úr vefverslun á næsta pósthús

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427















# Á SLÓÐUM MAYA

**BAKPOKAFERÐALAG** *Óskar Andri Víðisson og Inga Rúna Guðjónsdóttir eru á leið heim eftir sex vikna ferðalag um Mið-Ameríku.*

Parið Óskar Andri og Inga Rúna fór árið 2010 í sex vikna bakpokaferðalag um Suður-Ameríku. Þar skoðuðu þau meðal annars menningarminjar Inka-indíána. Þau heilluðust svo af þeim að þau ákváðu strax þá að skipuleggja aðra ferð til að skoða Maya-veldin í Mið-Ameríku.

Hinn 8. janúar síðastliðinn lögðu þau af stað að nýju og hófu ferðalagið á Yukatánskaganum í Mexíkó. „Þaðan ferðuðumst við ýmist með langferðarútum eða minni rútum til Belís, Gvatemala, Hondúras, Níkaragva og síðan Kostaríku. Þegar við lögðum af stað höfðum við bara ákveðið hvar ferðin átti að byrja og hvar hún ætti að enda. Það sem við gerðum þar á milli ákváðum við bara á leiðinni," segir Óskar Andri en þau Inga Rúna koma heim á morgun eftir rúmlega sex vikna ferðalag.

Þau héldu sig að mestu á ferðamannaslóðum enda hefur ferðamönnum í Mið-Ameríku fjölgað mikið og lítið orðið um ótroðnar slóðir að sögn Óskars Andra. „Við fórum á tvo nokkuð afskekkta staði sem þó eru orðnir nokkuð þekktir ferðamannastaðir," segir Óskar. Annar þessara staða var eyjan Isla Holbox sem er undan Yukatánskaganum í Mexíkó. „Til að komast þangað þarf að fara með rútu um seinfarinn sveitaveg sem allur er í holum og hraðahindrunum. Þegar ekki er hægt að aka lengra tekur maður ferju yfir í eyjuna. Þetta er alger draumaeyja í Karíbahafinu og alveg tilvalinn staður til að slappa af. Eyjastemningin er rosalega róleg og vinaleg," lýsir Óskar Andri og bætir við að eyjan sé friðland fyrir fugla og því mjög áhugaverð fyrir fólk sem hefur gaman af náttúruskoðun. Allar götur eyjunnar eru moldarvegir og einungis er keyrt um á golfbílum, enda hámarkshraði 30 km/klst.

Hinn staðurinn er Tortuguero á Kostaríku. „Tortuguero er lítið þorp með um 1.300 íbúum. Það er umkringt frumskógi og votlendi og þangað liggja engir vegir. Til að komast þangað frá höfuðborg Kostaríku, San José, þarf að taka tvær rútur og síðan sigla með báti í um einn og hálfan tíma niður þröngt árgljúfur þar til komið er að þessu þorpi. Á leiðinni er hægt að sjá alls kyns dýralíf eins og til dæmis krókódíla, fugla og eðlur og apa í trjánum."

Var eitthvað sem stóð upp úr í ferðinni? „Já, öll þessi mannvirki eftir Maya-indíánana sem hafa staðið af sér öll veður, jarðskjálfta, hamfarir og náttúruöfl í fleiri hundruð ára. Það er alveg ótrúlegt að sjá hversu upplýstar þessar þjóðir hafa verið, til dæmis í sambandi við stjörnufræði og gang himintunglanna og tímans, um arkitektúr og náttúruna. Það var líka alveg stórfenglegt að fá að sjá með berum augum fullt af framandi dýrum í sínu náttúrulega umhverfi," segir Óskar Andri. Það sem kom þeim Ingu Rúnu þó mest á óvart var hvað fólkið sem þau hittu var hjálplegt og almennilegt en þau höfðu fengið margar viðvaranir um Mið-Ameríku. „Flestum fannst alveg stórmerkilegt að rekast á Íslendinga svona langt að heiman," segir hann glettinn.

Óskar Andri og Inga Rúna eru ferðaglöð og hafa ferðast mikið um Ísland. „Við förum mikið um torfærari leiðir og látum oft örlögin ráða því hvar við endum hvert sinn," segir Óskar en í langar utanlandsferðir hafa þau aðeins farið í tvisvar. Hann efast þó ekki um að þær verði fleiri. „Þegar maður er byrjaður að ferðast svona hættir maður því ekki. Við erum strax farin að láta okkur dreyma um hvert skal halda næst."

■ **solveig@365.is**

**SKOÐAR DÚKA** Inga Rúna skoðar borðdúka á markaði í Antígva sem er í Gvatemala. Konan á myndinni er með barnið vafið utan um sig.
MYND/ÓSKAR ANDRI



**Í FRUMSKÓGI** Inga Rúna og Óskar Andri í regnskóginum í kringum pýramídana í Tikal í Gvatemala.



**PÝRAMÍDI** „Nútíma" Mayar færa fórnir við hæsta pýramída Mayanna í allri Mið-Ameríku sem er í Tikal í Gvatemala.

# TÓKÝÓ ER DÝRASTA BORGIN

Reykjavík er ekki meðal þeirra borga þar sem talið er dýrast að lifa og búa. The Economist gerði nýlega könnun á því hvar væri dýrast og hvar ódýrast að lifa á árinu 2013. Útreikningurinn tekur tillit til ýmissa þátta, svo sem matar, klæðnaðar, síma, orku, samgangna og fleira. Í ljós kom að Tókýó er dýrasta borgin en hún hefur oft hafnað í efstu sætunum. Japanska borgin Osaka vermir annað sætið. Mesta athygli vekur hversu verðlag fer stígandi í Ástralíu og eru Sydney og Melbourne í efstu sætum listans. Ósló er í fjórða sætið og deilir því með Melbourne. Fyrir tíu árum voru engar borgir í Ástralíu á þessum lista.



**DÝRASTA BORGIN** Tókýó hefur lengi verið dýr borg, bæði til að heimsækja og ekki síður til að búa.

**Dýrustu borgirnar**
1. Tókýó, Japan
2. Osaka, Japan
3. Sydney, Ástralía
4. Ósló, Noregur
5. Melbourne, Ástralía
6. Singapúr
7. Zürich, Sviss
8. París, Frakkland
9. Caracas, Venesúela
10. Genf, Sviss

**Ódýrustu borgirnar**
1. Karachi, Pakistan
2. Mumbai, Indland
3. Delhi, Indland
4. Katmandú, Nepal
5. Algeirsborg, Algería
6. Búkarest, Rúmenía
7. Kólombó, Srí Lanka
8. Panamaborg, Panama
9. Jeddah, Sádi-Arabía
10. Teheran, Íran




# Styðjum við mannréttindi barna og njótum samvista við fjölskylduna

**Fjáröflunarátakið Út að borða fyrir börnin hófst á föstudag og stendur til fimmtánda mars. Sextán veitingastaðir hafa ákveðið að styðja verkefni Barnaheilla. Á tímabilinu rennur hluti af verði valinna rétta á þessum stöðum til verkefna sem stuðla að vernd barna gegn ofbeldi.**

„Þetta er í þriðja sinn sem átakinu er hrundið af stað. Á síðasta ári tóku þrettán veitingastaðir þátt en nú eru þeir sextán talsins. Þetta eru veitingastaðirnir Caruso, Culiacan, Dominos, Grill 66, Hamborgarafabrikkan, Íslenska kaffistofan, KFC, Nauthóll, Nings, Pizza Hut, Rossopomodoro, Serrano, Skrúður, Strikið á Akureyri, Subway og Taco Bell,“ segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

### TVÆR FLUGUR Í EINU HÖGGI

„Markmiðið með átakinu er tvíþætt. Annars vegar að afla fjár í verkefnin okkar og hins vegar að stuðla að samverustundum fjölskyldunnar en rannsóknir sýna að reglulegar samverustundir með fjölskyldu minnka líkur á áhættuhegðun hjá börnum. Þetta er kjörið tækifæri fyrir alla fjölskylduna til að slá tvær flugur í einu höggi; fara saman út að borða og styðja í leiðinni við mannréttindi barna. Erna segir liðsinni veitingastaðanna miklu máli skipta fyrir frjáls félagasamtök eins og Barnaheill. „Það er gaman að segja frá því að í ár bættist einn staður á landsbyggðinni við. Það er veitingastaðurinn Strikið á Akureyri. Okkur telst til að milli átta til tíu þúsund fjölskyldur hafi stutt við átakið í fyrra. Með tilkomu fleiri veitingastaða vonumst við til að þær verði enn fleiri í ár.

### VERND BARNA GEGN OFBELDI

Ágóðinn af Út að borða fyrir börnin rennur til verkefna sem snúa að vernd gegn ofbeldi. „Öll börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, hvort sem um er að ræða líkamlegt, andlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Þau eiga sömuleiðis rétt á vernd gegn einelti og vanrækslu. Ofbeldi gegn börnum í ýmsum myndum er því miður staðreynd á Íslandi. Það er hlutverk hinna fullorðnu að gæta þess að hvert og eitt barn njóti réttar síns,“ segir Erna.

Helstu verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi snúa að vernd barna gegn ofbeldi. Samtökin gefa meðal annars út fræðsluefni, vinna að vitundarvakningu, reka ábendingarhnapp um óviðeigandi eða ólöglegt efni á netinu í samvinnu við ríkislögreglustjóra, vinna að vernd barna gegn klámi, standa að gagnvirkum fræðsluvef um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og reka fræðslu- og upplýsingavefinn verndumborn.is. Þá veita samtökin ráðgjöf og vinna að fjölda lagaumsagna þar sem þrýst er á stjórnvöld að tryggja með lögum að réttindi barna séu tryggð.

Yfir helmingur af starfsemi Barnaheilla fer fram innanlands og er rík áhersla lögð á að vinna að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði íslenskra barna. Þá eru samtökin hluti af Alþjóðasamtökum Save the Children International og taka þátt í hvers kyns neyðarhjálp og réttindabaráttu barna í heiminum. „Einnig styðjum við verkefni í Norður-Úganda sem snýst um uppbyggingu skóla í Pader og Agogo héruðum sem komu hvað verst út úr áratuga stríðsástandi sem lauk fyrir nokkrum árum,“ segir Erna. Allar nánari upplýsingar um átakið og starfsemi Barnaheilla er að finna á heimasíðunni www.barnaheill.is. Þar er líka hægt að gerast heillavinur og styrkja samtökin með



**Okkur telst til að milli átta til tíu þúsund fjölskyldur hafi stutt við átakið í fyrra. Með tilkomu fleiri veitingastaða vonumst við til að þær verði enn fleiri í ár.** MYND/GVA







# Hamingjudagar hjá Barnaheillum



**Vigdís Finnbogadóttir er einn af stofnendum samtakanna og verndari Barnaheilla - Save the Children á Íslandi. Vigdís á einnig hugmyndina að nafninu Barnaheill. Á myndunum má sjá hana við afhendingu viðurkenningar Barnaheilla en myndirnar sýna einnig skemmtilega viðburði úr starfi samtakanna; frá hjólasöfnun, hjólakeppni, árlegu barnamaraþoni og þeim tímamótum þegar Ísland varð í fyrsta sæti yfir hvar best væri að vera barn 2012.**








# Tilkynnum ólöglegt efni á netinu

**Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfrækja ábendingalínu í samvinnu við Ríkislögreglustjóraembættið þar sem fólk getur tilkynnt ef það verður vart við efni á netinu þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfenginn hátt.**

Í gagnagrunni alþjóðalögreglunnar Interpol er að finna eina milljón mynda þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi. Stærstur hluti myndefnis þar sem börn eru beitt ofbeldi er vistaður á netþjónum í löndum utan Evrópu.

„Talið er að allt að 20 þúsund börn séu á myndunum en Interpol hefur aðeins upplýsingar um að 800 þessara barna hafi fundist og fengið stuðning," segir Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Hún segir kynferðisofbeldi gegn börnum vera alvarlegt vandamál um allan heim.



**Sigríður Guðlaugsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum.**

„Myndefni á netinu, þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan eða klámfengin hátt, er ein birtingarmynd þess ofbeldis. Slíku efni hefur lengi verið dreift manna á milli en með tilkomu netsins hefur umfangið aukist til muna og orðið æ erfiðara að hefta dreifingu þess og uppræta það."

Öll skoðun, öflun, varsla og dreifing á slíku efni er ólögleg og brot á réttindum barna. Sá sem verður uppvís að slíku skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

„Að framleiða slíkt efni er ofbeldi gegn barni en skoðun á efninu er líka ofbeldi," útskýrir Sigríður. „Vitneskja barns um að myndefni af því hafi verið dreift eykur enn á þann mikla sálræna skaða sem barnið hefur þegar orðið fyrir vegna ofbeldisins."

### FINNUM GERENDUR OG ÞOLENDUR

Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur fyrir nafnlausar ábendingar um myndefni á netinu þar sem börn eru beitt ofbeldi eða sýnd á kynferðislegan og/eða óviðeigandi hátt.

„Með því að senda ábendingar getur almenningur lagt hönd á plóg við að loka vefsíðum með efni þar sem börn eru beitt kynferðislegu ofbeldi og stuðlað að því að gerendur og þolendur finnist," segir Sigríður um ábendingar almennings, sem eru mikilvægur liður í að stöðva ofbeldi gegn börnum.

„Þáttur netþjónustuaðila er einnig mikilvægur. Hafi þeir vitneskju um ólöglegt efni á vefsíðum sínum ber þeim að loka síðunum og hindra aðgang að efninu. Þjónustuveitendur sem hýsa slíkt myndefni geta borið refsiábyrgð á hýsingunni hafi þeir vitneskju um hvers eðlis efnið er."




**Ábendingahnappur Barnaheilla er á www. barnaheill.is.**

### FRÆÐUM BÖRNIN UM HÆTTURNAR

Á undanförnum árum hafa í auknum mæli borist ábendingar um myndefni af íslenskum börnum og unglingum á samskiptasíðum og svokölluðum félagsnetsíðum þar sem hver og einn getur sett inn efni og myndir nafnlaust.

„Fræðsla til barna og foreldra um netöryggi er afar mikilvæg og börn þurfa að þekkja rétt sinn til að geta varið sig. Það er til dæmis mikilvægt að brýna fyrir bæði börnum og unglingum að leyfa aldrei að teknar séu af þeim myndir sem þau vilja ekki að rati inn á netið. Foreldrar þurfa að vera á varðbergi og uppfræða börnin og þeir sem vinna með börnum þurfa að hafa þekkingu á þessum málum og vera vakandi," segir Sigríður.

„Þótt erfitt sé að uppræta efni sem eitt sinn er komið á netið er mikilvægt að gera allt sem mögulegt er til að stöðva dreifingu þess, finna fórnarlömbin og koma þeim til hjálpar. Virkt eftirlit og þátttaka almennings í slíku eftirliti er afar mikilvægt."



**Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra tekur brosandi við undirskriftalistum.**

### ● BARNAHEILL STUÐLAR AÐ BÆTTRI TANNVERND

Barnaheill stóðu í fyrra fyrir málþingi um tannheilsu íslenskra barna, sem þá var í sjötta neðsta sæti af OECD-löndunum, og settu af stað undirskriftasöfnun. Tæplega sex þúsund manns skrifuðu undir áskorun á yfirvöld og aðra hlutaðeigandi að tryggja íslenskum börnum þá tannvernd sem þeim ber samkvæmt ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Undirskriftalistar voru afhentir Guðbjarti Hannessyni velferðarráðherra í haust og voru veigamikil lóð á vogarskálarnar þegar Alþingi samþykkti að bæta úr og gera áætlun um frekari niðurgreiðslu á tannlæknaþjónustu til barna.

# Út að borða og allir vinna

**„Frá árinu 2008 hefur verið erfitt að afla fjár fyrir frjáls félagasamtök eins og Barnaheill. Verkefni eru eingöngu rekin á frjálsum framlögum og þeim styrkjum sem fást. Það hefur orðið til þess að við höfum endurhugsað fjáröflun okkar því miklu skiptir fyrir samtök eins og Barnaheill að fá stuðning almennings. Þótt fólk hætti að greiða mánaðarlega hættir það ekki að vera neytendur. Með liðsinni þessara veitingastaða og viðskiptavina þeirra leggur fólk okkur lið í gegnum eigin neyslu. Þannig vinna allir og verkefni í þágu barna fá aukið vægi í leiðinni."**

***– Sigríður Guðlaugsdóttir verkefnastjóri***

## Barnaheill á netinu

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru einnig á Facebook, Twitter og Instagram.

**Barnaheill - Save the Children.**
**Ritstjórn:** Sigríður Guðlaugsdóttir **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal

# Börnin eru okkur hugleikin

**Fjölskylduveitingastaðurinn Pizza Hut styður verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Út að borða fyrir börnin.**



Food, Fun and Family eru einkunnarorð Pizzahut. MYND/PIZZA HUT

„Pizza Hut er fyrst og síðast fjölskylduveitingastaður. Einkunnarorð okkar eru Food, Fun and Family, og allt okkar starf tekur mið af fjölskyldunni og gæðum matarins,“ segir Þórdís Lóa, eigandi og framkvæmdastjóri hjá Pizza Hut.

„Við erum ekki skyndibitastaður eins og margir halda þó við tilheyrum pitsumenningunni, heldur veitingastaður þar sem fjölskyldan sest niður og fær fulla þjónustu. Börnin geta hlaupið hér um frjáls og afslöppuð og allt okkar starfsfólk er sérþjálfað í að umgangast börn. Við bjóðum upp á sérstakan barnamatseðil og meðan beðið er eftir matnum geta börnin kíkt í barnahornið þar sem eru skemmtileg leikföng og lesefni fyrir þau eldri. Eftir matinn geta þau síðan farið á ísbarinn og búið sjálf til ísinn í eftirrétt. Það finnst þeim óendanlega skemmtilegt,“ segir Þórdís Lóa.

Hjá Pizza Hut er rík áhersla lögð á ferskleika og gæði og er allur matur unninn á staðnum. „Við gerum okkar sósur hér og útbúum okkar eigin hummus. Hjá Pizza Hut hefur alltaf verið mjög hár gæðastuðull á mat og ekkert gefið þar eftir,“ segir Þórdís Lóa. „Gæði matarins og gæði þess að fjölskyldan kemur saman skiptir okkur öllu máli. Íslensk börn eru okkur hugleikin.“

Pizza Hut er alþjóðlegt vörumerki og styður hjálparstarf um allan heim. Síðustu ár hefur Pizza Hut á Íslandi stutt innlent hjálparstarf, m.a. Barnaheill.

Tuttugu og fimm prósent af því sem keypt er af barnamatseðli Pizza Hut fram til 15. mars, renna óskipt til Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.



*„Börnin geta hlaupið um afslöppuð …“*

**ÞÓRDÍS LÓA. EIGANDI OG FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÁ PIZZA HUT.**




**25%** af því sem keypt er af barnamatseðli Pizza Hut til 15. mars renna til Barnaheilla.

# Mexíkósk hamingja og ferskleiki



Jón Ragnar hefur umsjón með sjö veitingastöðum Serrano á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Verið er að breyta þeim og gera þá enn huggulegri um þessar mundir. Nýjasti staðurinn í Spönginni í Grafarvogi er gott dæmi um það. MYND/GVA

**Serrano er sennilega hollasti skyndibitinn í bænum. Staðurinn tekur þátt í átaki Barnaheilla, Út að borða fyrir börnin, og renna 25 prósent af verði Mission Quesadilla og Quesadilla Verde á matseðlinum óskipt til samtakanna á meðan á átakinu stendur.**



Serrano er með gott úrval af gómsætum quesadillas.

„Við bjóðum upp á holla mexíkóska hamingju og ferskleika,“ segir Jón Ragnar Jónsson, rekstrarstjóri Serrano, hress í bragði.

Jón hefur í nógu að snúast enda hefur hann umsjón með sjö veitingastöðum Serrano á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Alls eru staðirnir reyndar tólf því að fyrirtækið hefur opnað fimm staði í Svíþjóð og náð þar góðum árangri. Til marks um það má nefna að Serrano var valinn besti skyndibitastaðurinn í Svíþjóð.

„Það stendur í raun mikið til því að við erum að breyta stöðunum okkar og gera þá huggulegri,“ segir Jón Ragnar. „Við leggjum áherslu á góðan mat, sem er fljótlegt að elda, og viljum bera hann á borð í notalegu umhverfi. Nýjasti staðurinn okkar, í Spönginni í Grafarvogi, er gott dæmi um það. Við framleiðum alla réttina sjálfir og leggjum áherslu á hollustu, ferskleika og gæði. Þess vegna segjum við í auglýsingum að Serrano sé „partur af heilsuátaki þínu“ og viljum halda því fram að við séum líklega með hollasta skyndibitann í bænum. Við viljum að hver og einn fari mettur út, eftir að hafa borðað hjá okkur, ánægður og án þess að hafa nokkurt samviskubit.“ Á Serrano eru eingöngu notuð náttúruleg hráefni. „Allar sósur eru búnar til frá grunni og við erum til dæmis sérstaklega stoltir af guacamoleinu okkar.“

Þessar megináherslur í starfseminni hafa skilað sér í mjög traustum viðskiptavinahópi sem kemur aftur og aftur. „Fólk veit að hjá okkur fær það gómsætan mexíkóskan mat sem er bæði hollur, ódýr og hægt að fá afgreiddan nánast á stundinni. Mikið af íþróttafólki og fólki sem stundar líkamsrækt hefur uppgötvað okkur og birtist aftur og aftur inni á einhverjum Serrano-staðnum.“

Jón Ragnar segir það sérstakt ánægjuefni að vera í samstarfi við Barnaheill. „Við erum fjölskyldustaður og bjóðum upp á fjölskylduvæna máltíð sem er bæði holl og ódýr. 25 prósent af verði Mission quesadilla og Quesadilla verde af matseðlinum okkar renna óskipt til Barnaheilla á meðan á átakinu stendur.“

# Hollt og gott fyrir alla fjölskylduna




Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan, með dýrindis Hot Plate.



Hot Plate-réttirnir eru bornir fram á heitum járndiskum þar sem ostur og sósa bráðna.




Börnin verða södd og sæl af heilnæmri quesadilla, nachos og ávaxtasafa.

**Það er skemmtilegt ævintýri fyrir bragðlaukana að fara með börn út að borða á mexíkóska heilsustaðinn Culiacan. Þar fá krakkar að skapa sína eigin útfærslu af fylltum, mexíkóskum pönnukökum og prófa sig áfram með freistandi hráefni. Á Culiacan verður öll fjölskyldan södd án samviskubits.**

Við erum alltaf í skapi til að láta gott af okkur leiða og um leið hvetjum við börn og fullorðna til að borða hollan, ferskan og ljúffengan mat," segir Sólveig Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Culiacan, sem gefur 25 prósent af verði barnarétta hússins til Barnaheilla.

„Börn eru yfirleitt mjög hrifin af mexíkóskum mat og hingað koma margir fastagestir á barnsaldri með foreldrum sínum og forráðamönnum sem eru meðvitaðir um mataræðið og velja hollustu á diska barna sinna," upplýsir Sólveig í sófa á Culiacan þar sem fer vel um fjölskyldufólk og börnin geta dundað sér í dálitlu barnahorni.

„Krökkum þykir gaman að vera þátttakendur í að búa til matinn og fyrir bragðið verða þau viljugri að prófa sig áfram í nýjum hráefnum og bragðupplifunum. Þá verður eftirvæntingin líka meiri og maturinn enn girnilegri í munn og maga."

Barnamáltíð Culiacan samanstendur af quesadillas-pönnuköku með kjöti og grænmeti að eigin vali. Með henni fylgir nachos, ostasósa og ávaxtasafi.

„Hjá fullorðna fólkinu nýtur nú mestra vinsælda að fá sér Hot Plate sem er hollt og brakandi ferskt sælkerafæði borið fram á heitum járnplatta. Matseðill Culiacan er annars allur ómótstæðilegur og stemningin ávallt jafn ljúf og notaleg."

Culiacan er á Suðurlandsbraut 4a. Opið alla daga frá klukkan 11.30 til 22. Sjá www.culiacan.is




Grill 66 eru grillstaðir fyrir alla fjölskylduna og eru á mörgum stærri bensínstöðvum Olís víða um land.




Barnaboxið inniheldur hamborgara, franskar kartöflur og glaðning fyrir börnin.

MYND/GVA

# Fyrsta flokks hráefni og eldamennska

**Réttir á matseðli Grill 66 bera nöfn bæja og borga sem standa við þjóðveginn goðsagnakennda í Bandaríkjunum. Boðið er upp á úrval hamborgara, steikarsamloka og annarra gómsætra rétta fyrir alla fjölskylduna.**

Grill 66 eru safaríkir grillstaðir fyrir fjölskylduna og eru á mörgum stærri bensínstöðvum Olís víða um land. Matseðill hússins inniheldur safaríka hamborgara og ljúffengar steikarsamlokur en einnig úrval fjölbreyttra rétta á borð við BBQ-rif, mínútusteikur og hinn sívinsæla plokkfisk. Margir viðskiptavinir byrja einnig daginn á Grill 66 með góðum kaffibolla og staðgóðum morgunverði þar sem til dæmis er boðið upp á beikon og egg með ristuðu brauði. Grill 66 tekur þátt í átakinu Út að borða fyrir börnin þriðja árið í röð og segir Sigurjón Bjarnason, rekstrarstjóri þjónustustöðva Olís og ÓB, ástæðuna einfalda; fyrirtækið vilji láta gott af sér leiða í þágu góðs málefnis. „Við höfum verið með upphafi og höldum því að sjálfsögðu áfram. Við rekum ellefu Grill 66 staði víða um land og munu 25% af andvirði barnaboxins renna til Barnaheilla. Barnaboxið inniheldur hamborgara, franskar kartöflur og glaðning frá okkur."

Nafnið Grill 66 vísar í þjóðveginn goðsagnakennda í Bandaríkjunum og bera réttir matseðilsins nafn bæja og borga sem liggja við þjóðveginn, til dæmis El Rino, Oklahoma, Hollywood og Oro Grande.

„Við opnuðum fyrsta staðinn fyrir þremur árum en höfðum fram að þeim tíma prófað okkur áfram undir eigin nafni. Þar vorum við fyrst og fremst að svara eftirspurn viðskiptavina okkar sem borða stöðugt meir og meir á ferðinni enda hefur neyslumynstur landans breyst talsvert undanfarin ár."

Grill 66 býður upp á mikla breidd á matseðli sínum, til dæmis hefðbundna skyndibita en einnig fisk og kjúkling. „Svo má ekki gleyma plokkfisknum okkar en hann hefur verið gríðarlega vinsæll alla tíð. Eins hafa hamborgararnir okkar verið mjög vinsælir og fengið góða dóma. Sumum finnst þetta vera bestu hamborgarar landsins þannig að við erum afar ánægð með viðbrögðin. Við leggjum mikla áherslu á að hráefni og eldamennskan séu fyrsta flokks. Auk þess erum við með eftirlit á hverjum stað, bæði innanhúss og eins utanaðkomandi."

Grill 66 leggur mikið upp úr því að bjóða upp á sama matinn á öllum veitingastöðum sínum þannig að viðskiptavinurinn finni engan mun milli staða. „Núna erum við til dæmis að þróa fjóra nýja rétti sem koma vonandi inn á matseðilinn eftir nokkrar vikur. Hvaða réttir það verða kemur í ljós bráðlega en við erum aðeins að auka við gamla góða mömmumatinn okkar. Í því tilfelli erum við, eins og oft áður, að bregðast við eftirspurn viðskiptavina okkar en við eigum nú orðið stóran hóp af föstum viðskiptavinum."

Nánari upplýsingar um hvar staðina er að finna og matseðilinn má finna á www.grill66.is.

# Nauðsynlegt að styðja börnin

**Veitingastaðir KFC og Taco Bell taka þátt í átakinu „Út að borða fyrir börnin“ og gefa af því tilefni 25 prósent af sölu barnamáltíða til átaksins.**

„Okkur þykir sjálfsagt að taka þátt í þessu átaki og í raun nauðsynlegt. Þetta snýst um börnin sem eru það dýrmætasta sem við eigum,“ segir Rut Helgadóttir hjá KFC og Taco Bell. „Til að styðja átakið gefum við tuttugu og fimm prósent af öllum barnamáltíðum á báðum veitingastöðum til Barnaheilla.“

Úrvalið á barnamatseðli staðanna er nokkuð. Þar má velja milli nokkurra rétta á borð við kjúklingaleggi, kjúklingapoppkorn og taco. „Í hverju barnaboxi er einnig meðlæti og skemmtilegt leikfang,“ lýsir Rut.

KFC á sér langa sögu á Íslandi. Það var fyrst stofnað árið 1980 og er því 33 ára. Alls eru reknir átta staðir á landinu í Hafnarfirði, Kópavogi, þrír í Reykjavík, á Selfossi, í Reykjanesbæ og Mosfellsbæ.

Taco Bell á sér styttri sögu á Íslandi en fyrsti staðurinn var opnaður fyrir sex árum. Veitingastaðirnir á Íslandi eru nú tveir, annar í Hjallahrauni í Hafnarfirði og hinn við Þjóðhildarstíg í Grafarholti.




Rut Helgadóttir

KFC og Taco Bell gefa 25 prósent af sölu barnamáltíða til Barnaheilla.

MYND/VILHELM

### HEIMSÞEKKTAR KEÐJUR

Bæði KFC og Taco Bell eru merki sem þekkt eru um allan heim. KFC er stærsta kjúklingabitaveitingahúskeðja í heiminum með meira en 17 þúsund veitingastaði í 115 löndum. Á öllum þessum stöðum er boðið upp á kjúklingabita sem gerðir eru eftir upprunalegri uppskrift Harland Sanders ofursta. Í mörgum löndum er eitthvað sérstakt í boði sem endurspeglar menningu þess lands. Í Japan er til dæmis boðið upp á laxasamloku, í Bandaríkjunum er það kjúklingabaka og á Íslandi kokkteilsósan.

Taco Bell er bandarísk keðja sem býður texmex-mat. Veitingastaðir þess eru yfir sex þúsund en flestir þeirra eru í Bandaríkjunum.

Opið er á öllum stöðum KFC og Taco Bell frá 11.00-22.00 og það er bílalúga á öllum stöðum.




KFC barnamáltíð

# Stoltur styrktaraðili Barnaheilla

**Domino's hefur tekið þátt í átakinu Út að borða fyrir börnin frá upphafi.**

„Við höfum átt frábært samstarf við Barnaheill undanfarin ár,“ segir Magnús Hafliðason, markaðsstjóri Domino's, en fyrirtækið tekur nú þátt í „Út að borða fyrir börnin“ í þriðja skipti. „Það er okkar ánægja að styðja við svona gott málefni. Barnaheill vinnur frábært starf hérlendis og er mikilvægur málsvari barna. Þar ber hæst fræðslustarf, að standa vörð um réttindi barna, berjast gegn ofbeldi gegn börnum, sinna heilbrigðismálum þeirra og ýmislegt fleira.“

### MIKILVÆGT AÐ GEFA AFTUR TIL SAMFÉLAGSINS

„Við styðjum við hin ýmsu verkefni í hverri viku og leggjum áherslu á góðgerðarmál, þar á meðal hin ýmsu mál sem tengjast til dæmis menntun og forvörnum,“ segir Magnús. Domino's heldur úti umsóknarformi á vef sínum, dominos.is, þar sem aðilar geta sótt um styrki vegna verkefna sem unnið er að.

„Við fáum mikið af umsóknum og reynum að aðstoða eins og hægt er hverju sinni.“ Verkefnin eru fjölbreytt og jafn ólík og þau eru mörg en Domino's hefur undanfarið meðal annars styrkt ungt fólk í stuttmyndagerð, nemendafélög, íþróttafélög og hin ýmsu góðgerðarfélög.

„Við viljum gefa til baka til samfélagsins. Víða í þjóðfélaginu er verið að vinna gott starf en oftar en ekki vantar fjármagn eða aðra styrki til þess að halda því úti.“

### SNÝST EKKI ALLT UM PENINGA

„Við erum svo heppin að vera með vinsæla vöru í höndunum sem oft nýtist öðrum vel,“ segir Magnús og vísar þar til þess að styrkir snúast ekki endilega um peninga heldur sé vinsælt sé að fá pitsur til styrkar hinum ýmsu verkefnum.

„Við styrkjum mörg málefni einfaldlega með pitsugjöf. Margir þurfa að fæða sjálfboðaliða, vilja selja vöruna okkar til styrkar ákveðnu málefni eða einfaldlega að nota þær sem veitingar fyrir einhverja viðburði og þá kemur sér vel að fá heimsendar pitsur sem aftur gerir allt starfið aðeins auðveldara.“

### VONAR AÐ FÓLK STYÐJI VIÐ VERKEFNIÐ

Átakið Út að borða fyrir börnin stendur til fimmtánda mars en Magnús vonar að landsmenn geri sér glaðan dag og styrki gott málefni í leiðinni. „Er ekki tilvalið að gera vel við sig með því að bjóða fjölskyldunni upp á góðan mat og gera vel við aðra í leiðinni? Það held ég og vona ég að landsmenn styðji verkefnið af krafti næstu vikur.“



„Við styðjum við hin ýmsu verkefni í hverri viku og leggjum áherslu á góðgerðarmál, þar á meðal hin ýmsu mál sem tengjast menntun og forvörnum,“ segir Magnús Hafliðason, markaðsstjóri Domino's.

# Stöndum vaktina fyrir börnin

**Í gegnum tíðina hefur mörgu verið ábótavant hvað varðar viðbrögð samfélagsins við ofbeldi gegn börnum. Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri Barnaheilla, segir ótrúlega margt hafi áunnist á liðnum árum hvað varðar réttindi barna en enn sé þó víða pottur brotinn.**

Margrét segir að eitt af meginhlutverkum Barnaheilla sé að vera á vaktinni varðandi allt sem snertir mannréttindi barna, ekki síst hvað varðar vernd þeirra fyrir hvers kyns ofbeldi. „Undanfarnar vikur höfum við til dæmis verið önnum kafin við að veita umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem tengjast málefnum barna. Jafnframt hefur mikið verið leitað til okkar vegna umræðunnar í samfélaginu um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, en það er málaflokkur sem Barnaheill hafa sérstaklega beitt sér í frá stofnun samtakanna,“ segir Margrét Júlía.

### KYNFERÐISOFBELDI OFARLEGA Á BAUGI

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi, líkamlegu, andlegu og kynferðislegu og gegn vanrækslu. „Við teljum mjög mikilvægt að þetta sé skoðað heildstætt og unnið með það þannig. Undanfarið hefur kynferðisofbeldi verið mikið í umræðunni að gefnu tilefni og mikilvægt að hulunni sé svipt af þeim málum, fólk stígi fram, leiti réttar síns og fái aðstoð. Umræðan hefur þó gefið dálítið villandi mynd af veruleikanum,“ segir Margrét og bætir við að hinn dæmigerði kynferðisbrotamaður sé ekki ókunni maðurinn á skólalóðinni eða einhver sem er að vinna á stofnun fyrir börn eins og margir telja. „Í 80 prósentum tilfella er gerandinn einhver sem barnið þekkir og treystir, jafnvel einhver mjög nákominn.“

### VIÐBRÖGÐ SAMFÉLAGSINS

Harkaleg og heiftúðleg ummæli hafa birst á netinu og víðar í garð gerenda og varar Margrét við þess konar orðræðu. „Umræðan getur jafnvel leitt til þess að börn segja ekki frá því ofbeldi sem þau hafa verið beitt þar sem þau vilja ekki að gerandinn fái þau örlög sem netheimar óska honum.“

### BREYTTIR TÍMAR

Nýlega hafa dunið á okkur sögur af kynferðisofbeldi sem átti sér stað fyrir mörgum árum, jafnvel áratugum. Ofbeldi sem samfélagið vissi jafnvel að átti sér stað án þess að bregðast við. „Bæði voru lögin á þessum tíma veikari en nú og vitundin minni, þannig að fólk vissi ekki hvernig átti að bregðast við. Það var jafnvel lítið fram hjá ýmiss konar hegðun og ofbeldi. Í dag vona ég að allir séu meðvitaðri um tilkynningaskyldu sína ef grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi, bæði einstaklingar og stofnanir.“

### BREYTT LÖG

„Lög og lagaumhverfi hefur breyst og batnað til muna á undanförnum árum. Nýverið voru samþykkt ný barnalög og sífellt er verið að breyta barnaverndarlögum til að stuðla að aukinni vernd barna. Í ársbyrjun 2012 var samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun fullgiltur á Íslandi og um leið var hegningarlögum breytt. Ein af þeim breytingum sem þá var gerð er að Íslendingur sem verður uppvís að kynferðislegu samneyti við barn í öðru landi geti verið dæmdur fyrir það á Íslandi samkvæmt íslenskum lögum, jafnvel þó að slíkt sé ekki ólöglegt í landinu þar sem brotið var framið. Í þessu samhengi má nefna að vegna fátæktar og erfiðra aðstæðna leiðast 1-2 milljónir barna út í vændi á ári, þau eru beitt kynferðisofbeldi af ferðamönnum. Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja mjög mikilvægt að fram fari vitundarvakning á þessu sviði og að þessi háttsemi sé algjörlega óásættanleg og gróft brot á börnum.

### VEIKLEIKI KERFISINS

Barnaheill hafa unnið ýmsar rannsóknir sem tengjast ofbeldi gegn börnum. „Við gerðum rannsókn á kennsluháttum háskólanna árið 2007 þar sem kannað var hvernig staðið væri að fræðslu um barnavernd og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi hjá þeim sem ættu eftir að vinna með börnum eða að málefnum þeirra, fagaðilum eins og leik- og grunnskólakennurum, sálfræðingum, lögreglu og fleirum. Þar kom í ljós að engin heildstæð stefna var til staðar og fræðslan tilviljunarkennd. Fólk gat klárað grunnnám í þessum fræðum og farið að vinna með börnum án þess að hafa fengið nokkra fræðslu um ofbeldi gegn börnum eða barnavernd almennt. Félagsráðgjafadeildin var þó undantekning.“ Barnaheill kynnti niðurstöðurnar fyrir skólunum og hvatti þá til að marka sér stefnu og tryggja að enginn útskrifaðist og færi að vinna með börnum án þess að hafa fengið slíka fræðslu. „Við teljum að enn hafi ekki verið mörkuð stefna eða gerð bragarbót hvað þetta varðar á nægilega mörgum stöðum en vonum að fljótt verði breyting á. Jafnframt er mikilvægt að fólk, sem lokið hefur menntun án þess að hafa fengið þessa fræðslu, fái hana.“

### BÖRN ERU Á ÁBYRGÐ OKKAR ALLRA

Það hefur sýnt sig að skólastofnanir eru tregar til að tilkynna ofbeldi gegn barni. „Ég tel það vera vegna þess að þær þurfa að tilkynna undir nafni og nálægðin er svo mikil. Við verðum að ná að yfirstíga óttann og hugsa um velferð barnsins umfram annað.“ Margrét nefnir einnig mikilvægi þess að sveitarfélög og stofnanir setji sér reglur um ráðningar starfsmanna á stofnanir sem vinna með börnum og hvernig eigi að bregðast við ofbeldi eða ef grunur vaknar um slíkt. „Það þarf líka að setja reglur um foreldra eða aðra sjálfboðaliða sem fara í skólaferðir, ferðir foreldra með íþróttafélögum og fleira. Það þarf að móta heildstæða stefnu og reglur sem við förum eftir. Þetta á ekki að þurfa að vera neitt viðkvæmnismál og alls ekki til þess gert að reyna að sjá skrattann í hverju horni. Það er mjög mikilvægt að umræðan fari ekki á það plan.“

Á vefsíðu Barnaheilla www.verndumbörn.is má finna ítarlegar upplýsingar um hvers kyns ofbeldi gegn börnum, einkenni og afleiðingar og hvað beri að gera ef grunur vaknar um slíkt.



**„Ég vona að allir séu meðvitaðari um tilkynningaskyldu sína en áður, ef grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi, bæði einstaklingar og stofnanir,“ segir Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnastjóri hjá Barnaheillum.** MYND/GVA

> *„Lög og lagauhverfi hefur breyst og batnað til muna á undanförnum árum.*

## Barnasáttmáli Save the children

**Það var Eglantyne Jebb, stofnandi Save the Children, sem átti hugmyndina að Barnasáttmálanum og ritaði fyrstu drög hans árið 1923. Þessi drög voru innleidd í Genfarlýsingu Þjóðarbandalagsins og urðu grundvöllurinn að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eins og við þekkjum hann í dag. Árið 1989 voru Barnaheill – Save the Children á Íslandi stofnuð, ekki síst til að þrýsta á íslensk stjórnvöld að staðfesta sáttmálann, en það var gert 1992. Nú stendur fyrir dyrum lögfesting sáttmálans, sem verður mikil réttarbót fyrir börn á Íslandi.**




## Þetta er líkaminn minn

**Útgáfa bókarinnar „Þetta er líkaminn minn“ er liður í fræðslu- og forvarnarverkefni samtakanna um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman um ofbeldi á opinn og óþvingaðan hátt. Samtökin sjá um dreifingu á bókinni í samstarfi við heilsugæslustöðvar.**






Crispy aromatic-önd borin fram með pönnukökum, agúrku og vorlauk ásamt sérlagaðri Pekingandarsósu og ristuðum hrísgrjónum.

# Ný heimasíða og matseðill á Nings

## Meðal nýrra rétta á matseðli eru:

**Grilluð kjúklingabringa með brokkólíi, chili, hvítlauk, engifer og yakitori-sósu. Taílensk kjúklingasúpa með grænmeti, kókos, chili, lime og fersku kóríander. Orange-önd, hægeldað andalæri með appelsínusósu borið fram með grænmeti og engiferristuðum hrísgrjónum. Crispy aromatic-kjúklingur borinn fram með chili-satay-sósu, plómu-hoisin-sósu og steiktum hrísgrjónum. Snöggsteiktur lambainnanlærisvöðvi og grænmeti í sterkri drekasósu. Bleikja á japanska vísu með hvítlaukshrísgrjónum og sesam.**

***Allir velkomnir á Nings sem lætur 50 prósent af barnamatseðli renna til Barnaheilla.***

**Nings tekur þátt verkefninu Út að borða fyrir börnin sem Barnaheill stendur fyrir. Í tilefni af því lætur Nings 50 prósent af barnamatseðli renna til átaksins. Mikið er að gerast hjá Nings. Nýrri heimasíðu var hleypt af stokkunum nýverið, þróaður hefur verið nýr matseðill með glænýjum réttum og að auki hafa tveir af veitingastöðum Nings fengið andlitslyftingu.**

Veitingastaðurinn Nings hefur í 22 ár kitlað bragðlauka Íslendinga. Alla tíð hefur Nings staðið vörð um gæði, góða þjónustu og ferskt hráefni.

Staðirnir eru þrír, á Suðurlandsbraut, í Hlíðarsmára og á Stórhöfða. Auk þess rekur Nings veisluþjónustu þar sem framleitt er ferskt sushi og ýmsir sælkeraréttir alla daga fyrir veislur af öllum stærðum og gerðum.

Nings tekur þátt í verkefninu „Út að borða fyrir börnin“ sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi stendur fyrir. Í tilefni af því er veittur fimmtíu prósenta afsláttur af barnamatseðli Nings til 15. mars. Á barnamatseðlinum eru ljúffengir og heilsusamlegir réttir og má þar nefna eggjanúðlur, kjúklingaleggi, tröllagrjón og djúpsteiktan fisk.

Nýverið var opnuð ný heimasíða Nings á www.nings.is. Þar má nálgast allar helstu upplýsingar um staðinn, matseðilinn og ýmsa rétti. Auk þess er boðið upp á bráðskemmtileg myndbönd af stofnanda staðarins, herra Ning, að matreiða hina ýmsu rétti af matseðli Nings.

Veitingasalir Nings hafa einnig gengið í endurnýjun lífdaga. Staðurinn á Suðurlandsbraut var tekinn í gegn fyrir ári en nýlega var klárað að standsetja Nings í Hlíðarsmára og geta gestir nú notið matarins í glænýju rými.

Enn ein nýjungin hjá Nings er nýr og endurbættur matseðill. Fjölmargir réttir hafa bæst við þá yfir hundrað rétti sem fyrir voru. Nú fylgja hverjum rétti á matseðli upplýsingar um orku-, prótín-, kolvetni- og fituinnihald. Einkar hentugt fyrir þá sem vilja fylgjast með því sem þeir setja ofan í sig.

# Hollusta og fjölbreytni í fyrirrúmi

**Subway á Íslandi rekur 23 staði hér á landi og inniheldur matseðillinn úrval ljúffengra báta, vefjur og holl salöt. Staðurinn hefur lengi lagt góðum málefnum lið og tekur nú þátt í átaki Barnaheilla þriðja árið í röð.**




Subway opnaði nýjan stað í Bankastræti síðasta haust. Þar er opið lengur um helgar.

MYND/GVA

Veitingastaðurinn Subway á Íslandi tekur þátt í fjáröflunarátakinu Út að borða fyrir börnin þriðja árið í röð. Subway á Íslandi rekur 23 staði hérlendis en sá nýjasti var opnaður í Bankastræti í Reykjavík síðasta haust. Helga Hrönn Þorbergsdóttir, gæðastjóri Stjörnunnar ehf., sem er sérleyfishafi fyrir Subway á Íslandi, segir fyrirtækið hafa styrkt góð málefni reglulega undanfarin ár enda vilji það láta gott af sér leiða. „Við viljum gjarnan taka þátt í þessu átaki og leggja okkar af mörkum til að styðja þetta góða málefni. Allir Subway-staðirnir munu láta 25% af andvirði rétta á barnamatseðli renna til verkefnis Barnaheilla sem meðal annars stuðlar að vernd barna gegn ofbeldi.“

Barnamatseðill Subway inniheldur skinkubát og túnfisksbát og fá börnin einnig djús og köku með. „Við bjóðum reyndar líka upp á gos en viljum auðvitað hvetja krakka til að fá sér frekar Trópí með matnum en að drekka gos.“

Fyrsti veitingastaður Subway á Íslandi var opnaður árið 1994 í Skeifunni í Reykjavík. Nú eru þeir orðnir 23 talsins eins og fyrr segir og hægt er að njóta ljúffengra Subway-báta í Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ, Selfossi, Akranesi, Egilsstöðum, Ísafirði og í Vestmannaeyjum. Nýi staðurinn í Bankastræti í Reykjavík mun hafa rýmri opnunartíma en aðrir Subway-staðir. Þar verður opið til fimm um nóttina um helgar og opnað 7.30 á morgnana á virkum dögum en kl. 11 á morgnana um helgar. „Einnig má benda á að við höfum þrjá sólarhringsstaði sem eru á BSÍ, í Ártúni og á Fitjum í Reykjanesbæ. Næsti staður sem við munum opna verður í Hafnarfirði síðar á árinu.“

Helga segir Subway stöðugt vera að prófa skemmtilegar nýjungar en þrátt fyrir það sé Bræðingur enn vinsælasti báturinn hjá þeim. „Síðan eru Íslendingar mikið að hugsa um heilsuna og velja mikið heilsubátana okkar, vefjur og salötin sem við bjóðum upp á. Við höfum boðið upp á ljúffeng salöt frá upphafi og þau hafa alltaf notið vinsælda hjá okkur. Viðskiptavinir okkar geta auk þess séð næringarupplýsingar fyrir heilsubátana inni á vefnum okkar, www.subway.is, og verið er að vinna í því að setja inn frekari næringarupplýsingar á vefinn. Það er um að gera að velja rétt ef viðskiptavinir vilja hollustuna því við höfum við upp á margt að bjóða.“




Barnamatseðill Subway inniheldur skinkubát og túnfisksbát og fá börnin einnig djús og köku með.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Út að borða fyrir börnin

## — 15. feb - 15. mars —

Með því að borða á eftirtöldum veitingastöðum styðlar þú að vernd barna gegn ofbeldi.
Hluti af verði valinna rétta rennur til verkefna Barnaheilla.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Ristorante Caruso | 25% | af tveimur þriggja rétta matseðlum | Culiacan Mexican Grill | 25% | af barnamatseðli |
| Domino's Pizza | 35% | af pizzum á matseðli (gildir ekki á tilboðum) | Grill 66 | 25% | af barnaboxi (hamborgari og franskar) |
| Íslenska Hamborgarafabrikkan | 25% | af barnamatseðli | Íslenska Kaffistofan | 25% | af kaffidrykkjum |
| KFC | 25% | af barnamatseðli | Nauthóll | 50% | af barnamatseðli |
| Nings | 50% | af barnamatseðli | Pizza Hut | 25% | af barnamatseðli |
| Rossopomodoro | 25% | af barnamatseðli | Serrano Fresh • Happy • Mex | 25% | Af Mission- og Verde Quesadilla |
| Skrúður bistro • restaurant • bar | 25% | af barnamatseðli | Strikið | 25% | af barnamatseðli |
| Subway | 25% | af barnamatseðli | Taco Bell | 25% | af barnamatseðli |

## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö ÞRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.







**ER ÖSPIN TIL AMA ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

## Bókhald

Öll bókhaldsþjónusta, VSK, uppgjör, framtöl, launavinnsla, ráðgjöf, eignaumsýsla og stofnun fyrirtækja. Ábyrg þjónusta - Vönduð vinnubrögð Korrekt viðskiptaþjónusta Borgartúni 24, sími 445 5500

Viðskiptafr. aðstoðar við bókhald og fjármál, sanngjarnt verð. S: 845 3452. Sjálfbærni ehf.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

**BJÖSSI MÁLARI KEMUR HÚSINU Í STAND!**
Geri tilboð í málningarvinnu utan húss sem innan. Einnig múr- og þakrennuviðgerðir. Hagstætt verð. S: 896 4824 malarameistarar@simnet.is malarameistarar.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Tölvur

**APLÚS TÖLVUÞJÓNUSTA**
Sanngjarnt verð. Sæki og sendi heim. S. 822 7668 www.aplus.is

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu









AGV Longway hjálmarnir komnir aftur ! Þessir frábæru opnanlegu hjálmar fást á aðeins 39,500 kr. VDO Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

**ÓDÝR HEIMILSTÆKI**
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. S. 845 5976.

Fender Strat, Fender Princeton 112 magnari, Yamaha Magistomp o.fl. fylgihl. til sölu. Verð kr. 80.000 stgr. Sími 8967137.

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin ) Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir 20 og 40ft gámum. Uppl. s. 896 6551

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Býð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/síðumúli S. 894 4817.

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



2 yndislegir yorkastrákar í leit að góðu framtíðarheimili. Tilbúnir til afhendingu. Áhugasamir hafa samband við hrönn í síma 868-0410/ Klara 8450009.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 M2 IÐNAÐARBIL**
Tvö bil af þessari eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. 10 m2 milliloft að auki. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Góðir gluggar. Sýningarbíl á staðnum. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Kambasel 7 - 109 Reykjavík**
**5 herbergja raðhús á tveimur hæðum.**
**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.00-17.30**




Mjög gott 5 herbergja 188,9 fm raðhús að meðtöldum 20,8 fm. sambyggðum bílskúr. Opið nýlegt eldhús. Stofa með aukinni lofthæð. Arinstofa með útgengi á svalir til austurs. Nýlega endurnýjað baðherbergi. Fjögur herbergi. Eign sem hefur fengið gott viðhald alla tíð. Falleg ræktuð lóð.
**Verð 42,9 millj. Verið velkomin.**

**Holtsgata 37- 101 Reykjavík**
**4ra herbergja íbúð ásamt bílskúr.**
**OPIÐ HÚSÍ DAG FRÁ KL. 17.00 – 17.30**




Falleg og vel skipulögð 95,3 fm. 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í góðu steinhúsi í vesturborginni. Íbúðinni fylgir 40,5 fm. bílskúr þar sem búið er að innrétta 2ja herbergja íbúð. Samtals 135,8 fm. Íbúðin skiptist í hol/gang, bjarta stofu með útgengi á stórar suðursvalir, eldhús með eldri innréttingum, þrjú svefnherbergi og baðherbergi. Sér geymsla við inngang íbúðar og á jarðhæð.
**Verð 36,5 millj. Íbúð merkt 0301. Verið velkomin.**

## fasteignir

**HÚSIN Í BORGINNI**
F A S T E I G N A S A L A



Telma Róbertsdóttir
Löggiltur fasteignasali
telma@husin.is



Ólafur Sævarsson
Sölustjóri
oli@husin.is

**Suðurvangur 8, 220 Hafnarfjörður**
**Opið hús miðvikud. 20. feb. kl. 17:30-18:00**




Mjög góð 4ra herb, 113 fm íbúð á 3.hæð í snyrtilegu fjölbýlishúsi. Falleg innr. í eldhúsi, nýuppgert baðherbergi. Parket og flísar á gólfi.
**V. 25,9m**

**Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • sími 511 5005 • www.husin.is**

**OPIÐ HÚS Í DAG**



**Tjarnarból 4** 170 Seltjarnarnesi
miðvikudag 20. febrúar
**frá kl. 17:30-18:30**



Nánari upplýsingar veitir
**Ólafur Finnbogason**
sölufulltrúi
**sími:** 822 2307
olafur@miklaborg.is

125 FM 4-5 herbergja
Gott skipulag
Mikið endurnýjað hús
Frábær staðsetning



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: **31,6 millj.**

F A S T E I G N A S A L A N
**MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

## ÆTLA AÐ TÆMA NÁMU Á FIMMTÁN ÁRUM

Rannsóknir á mögulegri námuvinnslu í Grænlandi hafa staðið yfir áratugum saman. Um hundrað einkaleyfi hafa verið gefin út, en þau voru sautján árið 2002. Nú virðist sem vinnsla sé að fara af stað.

Breska fyrirtækið London Mining, sem skráð er í kauphöllina í London, stefnir á að hefja framkvæmdir í Isua-járnnámunni, um 150 kílómetrum frá Nuuk, á þessu ári. Gangi það eftir mun rekstur námunnar hefjast árið 2016 og reiknað er með að hún verði tæmd á fimmtán árum. Verkefnið er hins vegar fjármagnað af Þróunarbanka Kína (CDB), einum stærsta banka í heimi. Sá er að fullu í eigu kínverska ríkisins og hefur þá stefnu að tryggja aðgang þess að auðlindum víðs vegar um heiminn. Danskir fjölmiðlar segja að bankinn sé tilbúinn að setja marga milljarði dala í þetta risaverkefni. Á meðal þeirra framkvæmda sem þarf að ráðast í til að það verði framkvæmanlegt er að gera um 150 kílómetra langan veg og útskipunarhöfn. Vart þarf að taka fram að til stendur að flytja allt járnið til Kína.

London Mining hefur þegar sótt um að flytja inn um þrjú þúsund kínverska verkamenn til að vinna við þær framkvæmdir sem ráðast þarf í vegna námunnar. Stóriðjulögin sem samþykkt voru í desember í fyrra gera fyrirtækinu kleift að gera slíkt, enda framkvæmdin langt yfir lágmarksfjárfestingunni sem lögin segja til um. Þó er gert ráð fyrir að Grænlendingar muni vinna við rekstur námunnar þegar hún er tilbúin.



Ótal fleiri námuvinnslufyrirtæki eru með leyfi til rannsókna, og eftir atvikum nýtingu, á steinefnum á Grænlandi. Gert er ráð fyrir að minnsta kosti sex námum á Grænlandi í fyrirsjáanlegri framtíð. Arðbærni þess að ráðast í verkefnin fer þó mikið eftir heimsmarkaðsverði þeirra málma sem hægt er að vinna úr steinefnum námanna og því er erfitt að tímasetja nákvæmlega hvenær ráðist verður í verkefnin.

Fyrirtækið Nunamineral var sérstaklega stofnað af landsstjórninni í Grænlandi árið 1999 til að sjá um helstu leyfin í lögsögu landsins. Það var einkavætt árið 2005 en grænlenska landsstjórnin á enn þriðjung í fyrirtækinu, sem er skráð á markað í Kaupmannahöfn.

tækifæri væri það ofsögum sagt að einhugur væri um hvernig ætti að gera það. Í byrjun febrúar boðaði Kleist til kosninga, sem haldnar verða í mars. Þar mun nýr flokkur, Inúítaflokkurinn, bjóða fram. Helsta kosningamál hans er að nýju lögin um stóru verkefnin verði borin undir þjóðaratkvæði.

### FLÝTA SÉR HÆGT

Af samræðum við áhrifafólk á Grænlandi er ljóst að margir vilja flýta sér hægt. Þeir hafa áhyggjur af viðkvæmri náttúru, viðkvæmri menningu og áhrifum risaverkefna á viðkvæma innviði.

Maliina Abelsen, fjármálaráðherra Grænlands, vakti mikla athygli fyrir að tala tæpitungulaust í tölu sinni á ráðstefnunni. Hún eyddi meðal annars tíma í að tala um þá tortryggni sem ríkti gagnvart Kínverjum í landinu, en sagði að ríkisstjórnin myndi ekki útiloka fyrirtæki frá neinu sérstöku landi frá því að taka þátt í þeim verkefnum sem möguleg eru í Grænlandi. Enginn væri útilokaður fyrir fram. Abelsen talaði einnig, líkt og margir aðrir framsögumenn á ráðstefnunni, um að aukning á menntun væri það mikilvægasta sem Grænlendingar stæðu frammi fyrir. Auka þyrfti hlutfall þeirra sem ljúka grunnnámi og mennta Grænlendinga til þess að geta sjálfir unnið í þeim fjölmörgu sérfræðingastörfum sem myndu fylgja nýtingu náttúruauðlindanna. „Ef við fáum ekki okkar eigið fólk í hin nýju störf sem skapast hefur okkur mistekist,“ sagði Abelsen.

## MIKLAR OLÍULINDIR

Samkvæmt áætlunum er talið að um 13 prósent af vannýttum olíulindum heims séu á norðurslóðum. Þær eru að stærstum hluta innan yfirráðasvæðis Bandaríkjanna, Kanada, Noregs og Grænlands. Auk þess eru vísbendingar um að olíuauðlindir séu á yfirráðasvæði Íslands, á hinu svokallaða Drekasvæði.

Olíuleit á svæðinu í kringum Grænland er mun erfiðari en víða annars staðar í heiminum, meðal annars vegna mikils hafíss. Það hefur hins vegar ekki stöðvað stór alþjóðleg olíufyrirtæki á borð við ExxonMobile, Petronas, Shell, Husky, Cairn Energy, ConocoPhillips, Dong Energy, Maersk Oil og fleiri við að tryggja sér rannsóknarleyfi við strendur Grænlands. Alls hafa olíuleitarverkefni við strendur Grænlands kostað um 130 milljarða króna. Því er ljóst að mikil alvara liggur að baki leitinni.

Leitin fer öll fram í samvinnu við NUNAOIL, fyrirtæki sem er í eigu grænlenska og danska ríkisins.

## ATVINNULÍF Í OPINBERRI EIGU

Stærsta fyrirtæki Grænlands, sjávarútvegsrisinn Royal Greenland, er að fullu í eigu grænlenska ríkisins. Það veiðir að mestu rækju, sem er helsta útflutningsvara Grænlands. Royal Greenland skilaði besta uppgjöri í sögu sinni á síðasta ári. Hagnaður þess var þá um fjórir milljarðar króna og veltan, sem var 115 milljarðar króna, jókst um fimm prósent á milli ára. Mikill viðsnúningur hefur orðið á rekstri Royal Greenland á undanförnum árum.

Polar Seafood er síðan stærsta sjávarútvegsfyrirtækið í einkaeigu sem er með starfsemi í Grænlandi. Það veiðir rækju, grálúðu, þorsk og fleira. Sjávarfanginu, og öðru, er síðan komið á viðeigandi markaði af skipafyrirtækinu Royal Arctic Line, sem hefur einkaleyfi á gámaflutningum til og frá Grænlandi.

Tveir bankar starfa í landinu, hinn færeyski Bank Nordik og Bank Greenland. Þá á grænlenska ríkið símafyrirtækið Tele Greenland og flugfélagið Air Greenland.

## KRAFTUR Í FERÐAÞJÓNUSTU

Árið 2011 komu tæplega 70 þúsund erlendir ferðamenn til Grænlands með flugi. Einhverjir til viðbótar komu með skemmtiferðarskipum. Það sem gerir ferðaþjónustunni á Grænlandi erfitt fyrir er skortur á boðlegum samgöngum. Flugvellirnir geta ekki tekið á móti þotum og ekkert þjóðvegakerfi er til staðar. Til að komast á milli staða þarf að fara með þyrlum. Eða, þegar við á, sleðum.

Töluverður kraftur hefur verið settur í að auka við ferðaþjónustu á undanförnum árum. Það sem helst er verið að markaðssetja eru sleðaferðir, siglingar um firði landsins og það sem getur varla kallast annað en ævintýraferðir.

## FJÖRUTÍU PRÓSENT ÍBÚA BYGGJA ÁLVER

Alþjóðlegi álrisinn Alcoa, sem meðal annars á og rekur Fjarðaál á Reyðarfirði, ætlar sér að byggja álver á Grænlandi, nánar tiltekið í Maniitsoq í vesturhluta landsins, um 150 kílómetra frá Nuuk. Íbúar bæjarins eru rétt um 2.700.

Málið hefur verið mörg ár í vinnslu og talið er að samþykkt stóriðjulaganna í desember muni ýta framkvæmdum í gang. Verði það að veruleika þarf að reisa álverið sjálft, tvær vatnsaflsvirkjanir til að sjá því fyrir rafmagni, höfn til að þjónusta það og um sex hundruð íbúðir í Maniitsoq. Gert er ráð fyrir því að Alcoa muni flytja inn um tvö þúsund kínverska verkamenn á lágmarkslaunum til að vinna við framkvæmdirnar. Þeir yrðu þá rúmlega fjörutíu prósent íbúa í bænum ef af yrði.

Alcoa segir að álverið muni skapa um 600 störf. Vart þarf að taka fram að verði bygging þess að veruleika er hér um stærstu einstöku fjárfestingu sem ráðist hefur verið í í sögu Grænlands.


Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Bæjarlind 6, 201 Kópavogi



Til leigu 545 fm. gott verslunarhúsnæði á þessum vinsæla stað við Bæjarlind. Góð staðsetning og næg bílastæði. Möguleiki er á að skipta húsnæðinu niður í um 155 fm. verslunareiningar. **Laust strax!**

Smiðjuvegur 72, 200 Kópavogi



585,7 fm. lager-/iðnaðarhúsnæði með tvennum innkeyrsludyrum, þ.a. eru um 190 fm. skrifstofu- og söluaðstaða. Mjög gott útisvæði m.t.t. gáma, það stærsta við Smiðjuveginn. **Laust strax!**

Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali, s. 534 1024 / 897 7086 hmk@atvinnueignir.is

534 1020
www.atvinnueignir.is



Skrifstofuhúsgögn













Dönsku Prima línunni má raða saman á ótal vegu. Níðsterk og endingargóð húsgögn á mjög góðu verði, til afhendingar strax.

Hirzlan
Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040
www.hirzlan.is

# Íslensk fyrirtæki þegar haslað sér völl

*Nokkur fjöldi íslenskra fyrirtækja hefur þegar komið að verkefnum á Grænlandi. Sem dæmi má nefna að Ístak hefur velt þar um fjórum milljörðum á ári síðustu ár.*



HERMANN OG KOLBEINN HJÁ ÍSTAKI Stjórnendur Ístaks sjá mikil tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á Grænlandi á næstu árum en vara þó við því að menn setji sig í gullgrafarastellingar auk þess að hvetja til þess að samstarf og samskipti þjóðanna verði aukin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**FRÉTTASKÝRING | GRÆNLAND**
**Þórður Snær Júlíusson** | thordur@frettabladid.is
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Verktakafyrirtækið Ístak hefur í ríflega áratug haft nokkur umsvif á Grænlandi í tengslum við virkjunarframkvæmdir og ýmis önnur verkefni. Á síðustu árum hefur velta fyrirtækisins vegna verkefna á Grænlandi verið í kringum fjóra milljarða króna á ári. Til samanburðar var heildarvelta þess á bilinu níu til 22 milljarðar á árunum 2001 til 2011 og því ljóst að verkefni á Grænlandi eru þegar orðinn stór hluti af starfsemi fyrirtækisins.

„Við höfum verið að vinna á Grænlandi nokkuð lengi. Það sem við höfum verið að gera umfram annað síðustu ár er að byggja virkjanir. Það höfum við gert í svokallaðri alverktöku sem þýðir að við berum ábyrgð á hönnun, framkvæmd, háspennulínum, öllum rafbúnaði og öllu öðru. Við einfaldlega förum út í móa og gerum allt. Síðan afhendum við virkjunina og rekstur hennar hefst,“ segir Kolbeinn Kolbeinsson, framkvæmdastjóri Ístaks.

Auk virkjunarframkvæmda hefur Ístak á síðustu árum byggt og lengt flugbrautir, búið til hafnir og íbúðir auk þess að reisa skóla í Nuuk. „Þessi verkefni hafa krafist nokkurs mannafla. Í fyrrasumar vorum við með 150 manns á Grænlandi en þegar mest var höfum við verið með ríflega 200 manns. Yfir háveturinn er þó yfirleitt lítið um að vera,“ segir Kolbeinn.

Hermann Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks, segir að félagið hafi byggt upp orðspor á Grænlandi og komið sér upp viðskiptatengslum. Hann segir fyrirtækið því í góðri stöðu til að nýta þau tækifæri sem kunna að bjóðast í landinu á næstu árum og áratugum.

### EFLA ÞARF TENGSLIN

Kolbeinn segir ljóst að gríðarlega mikil tækifæri leynist á Grænlandi. „Landið er auðugt af málmum og alls konar verðmætum hrávörum og þá er sennilega olía þarna. Spurningin er hvenær fremur en hvort vinnsla á þessum auðlindum hefst af alvöru og einnig í hve miklum mæli Íslendingar munu taka þátt í þessu,“ segir Kolbeinn og heldur áfram: „Við erum kannski ekki að fara að sjá um námuvinnsluna eða olíuvinnsluna sjálfa en fyrir alla þessa starfsemi þarftu raforkuver, hafnaraðstöðu, flugvallaraðstöðu, vegi, jarðgöng og svo framvegis og þar komum við inn í myndina.“

Þá segir Kolbeinn að þar sem fyrirséð verkefni á Grænlandi séu mörg hver af mjög stórum skala geti þau skipt verulegu máli fyrir íslensk fyrirtæki og jafnvel íslenskt hagkerfi þegar fram líða stundir.

Hermann segir þó að þetta geti allt saman tekið tíma. „Menn hafa rætt um jarðefnavinnslu og auðlindanýtingu á Grænlandi í áratugi. Þróunin hefur þó alltaf verið hægari en sú umræða hefur bent til. Ég held að það sé enn reyndin og að þessi stóru verkefni kunni að vera aðeins lengra í framtíðinni en menn hafa væntingar um,“ segir Hermann.

Kolbeinn tekur undir þetta og varar við því að Íslendingar setji sig í einhvers konar gullgrafarastellingar. „Það eru vissulega mörg verkefni í burðarliðnum sem við ættum að geta haft góðan aðgang að. Við ættum þó að skoða þessi mál í stærra samhengi. Ég held að Íslendingar ættu til dæmis að leggja áherslu á að efla samstarf, samskipti og viðskipti við Grænlendinga. Ég sé fyrir mér að við getum boðið ungum Grænlendingum til Íslands í nám og átt samstarf við þá um mennta- og heilbrigðismál. Slík tengsl auðvelda allt samstarf og viðskipti. Þetta er það land sem er næst okkur og við erum það land sem er næst þeim. Aukin tengsl ætti því að geta orðið mjög jákvæð fyrir bæði lönd.“

## EIMSKIP: ERU ÞEGAR Í GRÆNLANDSVIÐSKIPTUM



Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips, situr í Grænlensk-íslenska viðskiptaráðinu og heimsótti Grænland í fyrsta sinn í febrúar. Hann segir að Eimskip hafi verið að horfa á ýmsa möguleika í landinu. „Eimskip hefur verið að einbeita sér að Norður-Atlantshafinu og nýverið ákváðum við að byrja að sigla til Maine í Bandaríkjunum og sú leið gæti nýst til að auka Grænlandsviðskipti. Þá erum við í viðskiptum við grænlenska aðila í dag. Við hlöðum gáma fyrir Royal Arctic Line í Reykjavík. Þeir koma síðan á þriggja vikna fresti og sækja vörur sem fara til Nuuk og þaðan til frekari dreifingar. Þetta er hins vegar lítið magn.“

Hann sér einnig möguleika fyrir Eimskip í þeim stóru verkefnum sem ráðgerð eru. „Fyrir okkur eru aðalverkefni framtíðarinnar við Grænland olíuborpallarnir á vesturströndinni. Við höfum rætt við bæði Royal Arctic Line og Maersk um samstarf á þessum vettvangi. En það er langt í þetta.“

## ÞETTA UMHVERFI Á VEL VIÐ OKKUR



Verkfræðistofan Efla hefur unnið að fjölda verkefna á Grænlandi síðustu ár. Guðmundur Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri Eflu, segir fyrirtækið eygja mikil tækifæri á norðurslóðum. „Stærstu verkefnin hafa tengst háspennulínum en við höfum hannað slíkar línur í tengslum við orkuframkvæmdir auk þess að byggja upp flutningskerfi fyrir raforku. Þess utan höfum við átt í ágætu samstarfi við grænlensk fyrirtæki um minni verkefni og komið að ýmsum verkefnum sem tengjast fyrirætlunum um auðlindanýtingu og námuvinnslu,“ segir Guðmundur.

Enn sem komið er eru grænlensku verkefnin einungis lítill hluti af veltu Eflu. Guðmundur segir þau hins vegar góðan undirbúning fyrir næstu ár og áratugi. „Við höfum kynnst þessu umhverfi og það hentar okkur vel að vinna í því en það á kannski ekki við um alla. Nú er verið að horfa til þess að þarna verði mikil uppbygging enda gríðarlegar auðlindar að finna í grænlenski jörð. Það er því hægt að sjá fyrir sér mikil framtíðartækifæri fyrir okkur í tengslum við það, til dæmis í uppbyggingu á orkuverum vegna auðlindanýtingarinnar og svo ýmiss konar stoðþjónustu.“

Loks segir Guðmundur að Grænland og raunar norðurslóðir allar séu að verða sífellt mikilvægara svæði, bæði fyrir Íslendinga og allan heiminn. „Ýmis þjónusta við auðlindanýtingu á þessum slóðum getur átt sér stað á Íslandi. Þessar metnaðarfullu fyrirætlanir á Grænlandi gætu því einnig kallað á umtalsverða uppbyggingu á Íslandi en ekki bara þar.“

## GRÆNLAND SPENNANDI VAXTARBRODDUR



HRV Engineering er útrásararmur verkfræðistofanna Mannvits og Verkís. Félagið hefur tekið þátt í ýmsum framkvæmdum á Grænlandi og hefur sömuleiðis haft umsvif í Noregi. Símon Þorleifsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá félaginu, segir engan vafa leika á því að uppbyggingin í Grænlandi sé spennandi vaxtarbroddur fyrir íslensk fyrirtæki. „Við hjá HRV sjáum mikil tækifæri í því að koma að verkefnum sem byggja á námavinnslu, olíuleit og olíuvinnslu og svo uppbyggingu álvera. Við höfum verið að kanna þessi tækifæri í nánu samstarfi við grænlensk fyrirtæki og erum þess fullviss að þangað er margt að sækja.“

## FLUGFÉLAG ÍSLANDS: ÆTLUM AÐ VAXA



Við erum búnir að vera að fljúga til Grænlands frá 1958. Þannig að við erum náttúrulega ekki að hefja okkar umsvif á Grænlandi,“ segir Ingi Þór Guðmundsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Flugfélags Íslands. Það býður nú upp á flug til fjögurra áfangastaða á Grænlandi.

Ingi segir að umsvif Flugfélagsins hafi vaxið hratt að undanförnu. „Við byrjuðum að fljúga til Nuuk árið 2007 og það er núna heilsárs áfangastaður. Við hófum síðan að fljúga til Ilulissat á vesturströndinni árið eftir. Markmiðið er að gera það að heilsársáfangastað líka.“

Að sögn Inga er Flugfélagið fyrst og síðast að horfa á að byggja upp Grænland sem ferðaáfangastað, þó auðvitað verði afleidd áhrif af uppbyggingu tengdri auðlindanýtingu. „Við erum ekki að skoða nýja áfangastaði eins og er en stefnan er að vaxa á þeim stöðum sem við fljúgum þegar til á Grænlandi.“

## ÍSLANDSBANKI FYLGIST MEÐ

Það eru ekki einungis verktakar og verktakafyrirtæki sem sjá tækifærin á Grænlandi heldur einnig fjármálastofnanir. Þannig sendi Íslandsbanki frá sér sendinefnd á ráðstefnuna „Future Greenland 2013“ sem fram fór í Nuuk fyrr í mánuðinum. Í svari bankans við fyrirspurn Markaðarins um hvaða möguleika bankinn sér í landinu kemur meðal annars fram að hér á landi hafi skapast þekking og reynsla á sviðum á borð við verkfræðiráðgjöf, hönnun og byggingu virkjana, mannvirkjagerð og verkefnastýringu sem geti gagnast Grænlendingum í þeirri viðleitni sinni að nýta þær miklu náttúruauðlindir sem í landinu er að finna. Íslandsbanki kemur að þessu á þann hátt að viðskiptavinir bankans hafa í nokkrum mæli unnið að verkefnum í Grænlandi. Þá horfir bankinn til aukinna umsvifa á Norður-Atlantshafssvæðinu í áherslum sínum erlendis.



# Atvinnuhúsnæði sem hentar þér



Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtæki landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Okkar sérsvið er að finna þínu fyrirtæki rétt húsnæði.

Kringlunni 4–12
103 Reykjavík

www.Reitir.is
Reitir@Reitir.is

Sími
575 9000

REITIR
*25 ár í fasteignum*

Hin hliðin




MARÍA LOVÍSA ÁRNADÓTTIR


## Upplifanir skipta máli

Á tímum ótakmarkaðs framboðs, aukinna netsamskipta og mikils áreitis hefur fólk enn takmarkaðri tíma, athygli og áhuga. Sama hvað verið er að selja og hvort sem verið er að höfða til íslenskra eða erlendra viðskiptavina duga hefðbundnar og fjöldaframleiddar markaðshugmyndir ekki lengur til. Til þess að heilla viðskiptavini þurfa þjónustu- og söluaðilar að sýna enn meiri frumleika og skapa einstakar upplifanir sem lifa í hugum fólks um ókomna tíð. Hefur sköpun upplifana aldrei skipt meira máli og í viðskiptaumhverfi samtímans er upplifunin sjálf kjarni markaðssetningar fyrirtækja.

**Upplifana-hagkerfið Ísland**

Hagkerfi tuttugustu og fyrstu aldar hefur verið nefnt upplifana-hagkerfið og ver fólk meiri fjármunum en nokkru sinni fyrr í alls kyns upplifanir, hvort heldur sem er ferðalög, skemmtanir, menningarviðburði, matarmenningu, afþreyingu, vörur eða tækni. Það sem fólk velur fram yfir annað byggist á hversu jákvæða og einstaka upplifun viðskiptavinurinn öðlast við val sitt og þau fyrirtæki sem þrífast eiga viðskiptavini sem segja frá upplifun sinni vítt og breitt. Ísland í heild sinni er einn stór upplifana-rekstur sem sést vel á þeim fjölda ferðamanna sem hingað streyma til þess eins að fá að upplifa eitthvað einstakt og eftirminnilegt. Óskert og stórbrotin náttúran er okkar helsta „söluvara“ þó svo við séum að bjóða upp á hana gjaldlaust og tekjuöflun tengist umgjörðinni í kringum hana. Íslendingar sjálfir eru þó kjarni verslunar og þjónustu í landinu og erum það við sem mest um það ræðum okkar á milli hvaða upplifun við höfum af hinu og þessu fyrirtæki og auglýsa Íslendingar gjarnan uppáhaldsfyrirtækin sín innan sem utan landsteinanna.

**Er þitt viðskiptaframboð eftirminnilegt?**

Auðkenning, ímynd, útlit, umhverfi, vefsíður, merkingar og annað skiptir miklu máli þegar verið er að fanga athygli viðskiptavinarins. Ættu fyrirtæki aldrei að horfa fram hjá mikilvægi þess að nýta vel sjónræna skynjun þar sem hún er það fyrsta sem fólk metur. Sjónræn skynjun er þó aðeins fyrsta þrepið og þar á eftir byggist mat okkar á tilfinningalegri skynjun eða „upplifuninni“ í heild sinni og þar skiptir frumleiki og mannlegt viðmót höfuðmáli. Þegar upplifunin staðfestir jákvæða sjónræna skynjun má segja að vel hafi tekist til. Af hverju veljum við eitt veitingahús fram yfir annað, eina prentþjónustu fram yfir aðra, eina vöru fram yfir aðra eða einn banka fram yfir annan? Þegar viðskiptaframboðið er í raun svipað sést glöggt að upplifunin er hin raunverulega söluvara. Hver er upplifun viðskiptavina þinna og hvernig gæti hún orðið enn stórfenglegri? Þegar upp er staðið, hvað ertu í raunninni að selja?


ÍSLENSKI FJÁRSTÝRINGARDAGURINN
RÁÐSTEFNA UM FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA



**Föstudaginn 8. mars**
í Háskólanum í Reykjavík

Kynntu þér nýjungar og bættu tengslanetið.

Áhættu- og fjárstýring fyrirtækja er flókin og oft vanmetin. Alltaf er hægt að gera betur. Hvernig má bæta fjárstýringu fyrirtækis þíns?

Skráning á:
fjarstyringardagurinn.is

IFS og HR standa að ráðstefnunni

Dagskrá

**Design Failures of the Eurozone: Can they be fixed?**
**Paul De Grauwe**, prófessor í alþjóðahagfræði við LSE.

**Hvað er efst á baugi við fjárstýringu alþjóðlegs fyrirtækis?**
**Guðjón Gústafsson**, yfirmaður fjárstýringar hjá Actavis.

**Rekstraröryggi fjárstýringar**
**Ólafur Briem**, forstöðumaður áhættustýringar hjá Icelandair.

**ACT (Samtök fjármálastjóra í Bretlandi) – Kynning og mögulegt samstarf**
**Peter Matza**, Engagement Director hjá ACT í Bretlandi.

**Áhættustýring í höftum – Hvað geta fyrirtæki gert?**
**Kristín Erla Jóhannsdóttir**, sérfræðingur í gjaldeyris- og afleiðumiðlun Arion banka.

**Áhrif hafta á fjárstýringu Orkuveitunnar**
**Ingvar Stefánsson**, framkvæmdastjóri fjármála hjá Orkuveitu Reykjavíkur.

**Fjármögnun fyrirtækja í höftum**
**Hilmar Pétur Valgarðsson**, framkvæmdastjóri fjármála hjá Eimskip.

**Skuldabréfafjármögnun fyrirtækja**
**Benedikt Gíslason**, framkvæmdastjóri hjá MP banka.

**Höft á fjármagnsflutninga: Ástæður, losun og framtíðarfyrirkomulag**
**Már Guðmundsson**, seðlabankastjóri.

**Horfur 2013–2015**: Skipst á skoðunum og spurningar í sal
Pallborð: Fulltrúar frá greiningaraðilum og atvinnulífi.

Styrktaraðilar:
Arion banki · actavis · EIMSKIP · Primera · Orkuveita Reykjavíkur

Nánari upplýsingar:
fjarstyringardagurinn.is



SHARP



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A113B
32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Rafrænn innri strimill 3000 línur
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 54.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A207B
99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐSVÉL
XE-A307
99 vöruflokkar.
Allt að 10,000 PLU númer.
SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Mjög auðveld í forritun
Kr. 89.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP
EÐALVÉL

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39

Verð frá 1050 dkr/nóttin
f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11036
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is

stracta

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**KJÖTSMIÐJAN EHF.**
Óskum eftir að ráða mann, vanan úrbeiningu / aðstoðamann í kjötvinnslu.
**Umsóknir sendist á: birgir@kjotsmidjan.is eða í s. 557 8866**

Bakarameistarinn

**KAFFIHÚS, BAKARÍ**
Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslusstörf virka daga í Húsgagnahöll, vinnutími alla virka daga frá 10-19 og/eða 13-19, einnig vantar frá kl. 11-19 í Smáratorgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

Fiskvinnsla í Hafnarfirði óskar eftir handflakara til starfa. Eingöngu vanir flakarar koma til greina. Áhugasamir vanir flakarar sendi póst á skrifstofa@hamrafell.is

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

**HEIMILSHJÁLP**
Ef þrif vantar aðstoð við heimilsstörfin, nudd á t.d herðar, axlir, fætur og hendur eða annað sem þú átt erfitt með að gera. Endilega hafðu samband. Dísa Þórðar nuddfræðingur og fl. í s. 868 3379

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

## atvinna

VERKTAKI **SVEINBJÖRN SIGURÐSSON hf.**

**Óskum eftir að ráða vanan rafvirkja eða rafvirkjameistara**

Við óskum eftir að ráða vanan rafvirkja eða rafvirkjameistara til starfa. Gerð er krafa um góða samskiptahæfileika, mikla reynslu í faginu sem og reynslu af verkstjórn. Umsóknir berist á svenni@verktaki.is og í síma 698 7976, Svenni.

## fasteignir

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

**Ingólfstorg 3, 101 Reykjavík**



Til leigu lítill söluturn sem hentar f. ísbúð, pylsu- og/eða pizzasölu á einum besta stað í miðborginni. **Laus strax!**
**Allar nánari upplýsingar veitir Helgi Már Karlsson, lögg. fasteignasali, s. 534 1024 / 897 7086 hmk@atvinnueignir.is**

534 1020
www.atvinnueignir.is

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Sigtún 37 – 105 Reykjavík**




**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00**
Rúmgóð og falleg 136,6 m2, sérhæð á 1. hæð ásamt 31,5 m2 bílskúr við Sigtún 37 í Reykjavík. Eignin skiptist í forstofu, 3 svefnherbergi, tvær samliggjandi stofur, hol, eldhús og baðherbergi. Íbúðinni fylgir sérgeymsla/herbergi auk salernis í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 39,9 m.**

**Hlaðhamrar 14 – 112 Reykjavík**




**OPIÐ HÚS Í DAG MIÐVIKUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00**
Fallegt 144,5 m2 endaraðhús með rislofti ásamt 27,7 m2 bílskúr við Hlaðhamra 14 í Reykjavík. Eignin skiptist í: forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús/geymsla, eldhús, stofa og sólstofa. Risloft: herbergi/stofa, baðherbergi og geymsla. Eignin er laus til afhendingar strax. **V. 39,9 m.**

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Sigtún 37 – sérhæð með bílskúr.**




Mjög góð og vel skipulögð sér hæð á 1. hæð þessum frábæra stað miðsvæðis í Reykjavík. Hæðin er með sér inngangi og skiptist í forstofu, forstofuherbergi, rúmgott hol, tvær samliggjandi stofur með arni, lítið barnaherbergi, hjónaherbergi, baðherbergi og eldhús. Tvennar svalir eru á hæðinni.
**V. 39,9 millj. Eignin verður sýnd í dag frá kl. 12:00 og kl. 12:30.**

**Ásgarður 73 – íbúð 0101 ásamt bílskúr**




Falleg og vel skipulögð 4ra-5 herbergja íbúð á 1 . hæð ásamt bílskúr og auka útleigu herbergi í kjallara. Íbúðin skiptist í hol, snyrtingu, rúmgott eldhús, þrjú herbergi, baðherbergi, stofu og borðstofu (Borðstofa er svefnherb. skv. teikningu). Í kjallara fylgir stórt sér herbergi sem hefur verðið í útleigu og geymsla. Í sameign er m.a. hjólageymsla, þvottaherb., þurrkherb. o.fl.
**V. 35,9 millj. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 20.febrúar frá kl. 17:30 -18:00**

**Hlaðhamrar 14 – raðhús.**




Endaraðhús sem er 144,5 fm og er á tveimur hæðum með suðurgarði. Góð staðsetning í Grafarvoginum. Húsið er laust til afhendingar strax. **V. 39,9 millj. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 20.febrúar milli kl. 12:30 og kl. 13:00.**

**Öldusloð 6 Hfj.– efri hæð og bílskúr.**




Mjög björt og góð 130,4 fm efri hæð og ris í tvíbýlishúsi á þessum rólega og gróna stað í Hafnarfirði. Eigninni fylgir ca 60 fm óskráður bílskúr með góðri lofthæð, snyrtingu og stórum geymslukjallara. **V. 29,9 millj. Eignin verður sýnd miðvikudaginn 20.febrúar milli kl. 17:30 og kl. 18:00.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

## fasteignir

**Opin hús í dag!**
**kl. 17 – 17.30**
**Lausar til afhendingar**

**Sigtún 37 – sérhæð**




Um er að ræða neðri hæð í fjórbýli með sérinngangi. Íbúðin er 136,6 fm. og bílskúrinn 31,5 fm. Flísalagt anddyri,. Svefnherbergisálma, stofur og eldhús. Hjónaherbergi er rúmgott, þaðan útgengt á svalir. Tvö herbergi með fataskápum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf, baðkar með sturtu, innrétting. Rúmgóðar og bjartar stofur með útskotsglugga og arni, útgengt á suður svalir. Eldhús endurnýjað með ljósri innréttingu, keramik helluborð, flísar á gólfi. Flest gólfefni er fiskibeinalagt mahogny parket eða flísar.
**LAUS STRAX Verð 39,9 millj. Davíð Davíðsson sölufulltrúi sýnir eignina S.897-1820.**

**Brautarás 19 – raðhús**




Einstaklega vel staðsett 297,9 fm endaraðhús (hús 255,9 fm og bílskúr 42,0 fm) á tveimur hæðum með aukaíbúð í kjallara á frábærum stað í Árbænum. Húsið stendur innst í i botnlanga. Fjölskylduvænt hús með 6 herbergjum. Stutt í alla þjónustu - verslun, skóla, leikskóla, heilsugæslu og fl. Aukaíbúð er góð til útleigu. **Verð 54,7 millj.**
**Gísli Rafn sölufulltrúi sýnir eignina. S. 893-8323**

**Hlaðhamrar 14 – raðhús**




Endaraðhús sem er hæð og ris 145 fm ásamt bílskúr 28 fm eða samtals 173 fm á góðum stað í Grafarvoginum. Gott skipulag og mikil lofthæð í hluta hússins. Gólfefni eru parket og flísar, rúmgóð herbergi, sólskáli og sérgarður til suðurs.
**Ólafía Ólafsdóttir sölufulltrúi sýnir eignina. S. 898-8242**

FASTEIGNASALAN **fasteign.is**
Suðurlandsbraut 18 • Reykjavík • Sími 5 900 800
Ólafur B. Blöndal Lögg. fasteigna- fyrirtækja og skipasali.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** á eftir, **6.** frá, **8.** stansa, **9.** net, **11.** hróp, **12.** lítið glas, **14.** aðfall, **16.** borðaði, **17.** sjáðu, **18.** yfirbreiðsla, **20.** hreyfing, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** djæf, **3.** tveir eins, **4.** vaðsekkur, **5.** skaði, **7.** skóhljóð, **10.** hestaskítur, **13.** suss, **15.** kk nafn, **16.** árkvíslir, **19.** mun.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** næst, **6.** af, **8.** æja, **9.** nót, **11.** óp, **12.** staup, **14.** aðsog, **16.** át, **17.** sko, **18.** lak, **20.** ið, **21.** akur.

**LÓÐRÉTT: 1.** dans, **3.** ææ, **4.** sjópoki, **5.** tap, **7.** fótatak, **10.** tað, **13.** uss, **15.** goði, **16.** ála, **19.** ku.






# Sama hvaðan gott kemur

**BAKPANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Konudagurinn nálgast óðum og þá gefa margir blóm. Sætur siður, að mati flestra. Valentínusardagurinn svokallaði er nýliðinn og þá gefa líka einhverjir blóm. Það þykir þó ekki eins sætur siður, allavega ekki ef marka mátti samskiptavefinn Facebook þennan dag. Þar kepptist fólk við að lýsa frati á daginn, kallaði hann ameríska sölubrellu sem ætti ekkert erindi við okkur Íslendinga. Við ættum okkar eigin aldagömlu bónda- og konudaga. Ættum við kannski bara að innleiða 4. júlí sem hátíðisdag líka eða hvað?

**KONUDAGUR** er fyrsti dagur góu samkvæmt gamla tímatalinu. Á Vísindavef HÍ komst ég að því að „Í bréfi frá séra Jóni Halldórssyni í Hítardal til Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn árið 1728, segir að bændur eigi að innbjóða góu á sama hátt og húsfreyjur bjóði þorra: ganga út fyrir dyr kvöldið fyrir góukomu og bjóða henni inn sem góðum virðingargesti með fögrum tilmælum um að hún væri sér og sínum létt og ekki skaðsöm.“

**DAGURINN** var reyndar ekki kallaður konudagur á fyrr en um miðja 19. öld, las ég á Vísindavefnum. Dagurinn snerist ekki um að dekra við konur sérstaklega, heldur var verið að vonast eftir góðu vori. Daginn ber alltaf upp á sunnudag svo kannski hefur þó verið eitthvað gott með kaffinu. En líklega þurftu konurnar að baka það sjálfar. Það var svo ekki fyrr en snjöugir kaupmenn tóku upp á því að auglýsa sérstök konudagsblóm á sjötta áratug síðustu aldar að konudagurinn varð sá rómantíski blómadagur sem við þekkjum.

**VALENTÍNUSARDAGURINN** er aftur á móti mjög nýtt fyrirbæri á Íslandi og jú, Bandaríkjamenn virðast mjög hrifnir af honum ef marka má blómyndirnar. Ég þekkti hann ekkert en með því að fletta upp á Vísindavefnum og Wikipediu gat ég ekki betur séð en að þennan sið, að halda sérstakan dag kærustupara, megi rekja allt til 14. aldar. Og að hann er upprunninn í Evrópu, kenndur við heilagan Valentínus, rómantískan prest sem á að hafa verið fangelsaður fyrir að gifta þá sem ekki máttu giftast.

**SUMIR** segja að verja verði íslenska menningu fyrir óæskilegum áhrifum. Passa upp á arfinn fyrir komandi kynslóðir og það er sjálfsagt rétt. En mér finnst ekkert óæskilegt að ýta undir smá rómantík. Er ekki sama hvaðan gott kemur?

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





# *HÖFUNDARKVÖLD MEÐ HANNE-VIBEKE HOLST*

## í Norræna húsinu í kvöld kl. 20.00








NÝ KILJA

- HALLDÓRA JÓNSDÓTTIR þýðandi ræðir við Hanne-Vibeke um verk hennar
- Spurningar úr sal
- Hanne-Vibeke áritar bækur sínar sem verða til sölu á staðnum
- ALLIR VELKOMNIR!

★★★★

„... áhrifamikil ættar- og samtímasaga."

Bjørn Bredal / Politiken



NORRÆNA HÚSIÐ

VAKA-HELGAFELL

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

# Leitar að því sem brennur á samfélaginu

Cry Havoc er titillinn á listgjörningi sem Eva Ísleifsdóttir stendur fyrir. Fólk getur sent Evu tillögur að húsum og byggingum sem það vill sjá eyðilögð og Eva „kveikir í þeim“ á táknrænan hátt. Flestir sem hafa sent inn tillögur vilja kveikja í opinberum byggingum.

„Ég er að rannsaka samfélagslegt minni og reyna að komast að því hvort hin samfélagslega samviska eigi sér einhver sameiningartákn,“ segir Eva Ísleifsdóttur um listgjörninginn Cry Havoc, sem hún stendur fyrir. Verkefnið er partur af Make Space vinnustofudvöl í Reykjavík, sem Eva tekur þátt í og er haldin af The Nordic Residency Project á vegum The Festival í Reykjavík og The Anti Festival í Finnlandi.

„Það var send út tilkynning um að listamenn gætu búið til verkefni í kringum konseptið hlýja,“ útskýrir Eva. „Ég ákvað að gera verkefni um eldinn því hann getur bæði verið sameiningartákn, til dæmis varðeldurinn sem fólk safnast saman í kringum, og eyðileggingarafl.“

Titill verksins er dreginn af frönsku herópi en inntak verksins er eins konar herhvöt, þar sem Eva óskar eftir tillögum frá fólki um hús og byggingar sem það vill sjá eyðilögð. Öll hús koma til greina, bæði opinberar byggingar og íbúðarhús. Í framhaldinu velur Eva eitt hús sem hún „kveikir í“ á táknrænan með eldskúlptúrum þannig að húsið verður „alelda“ í einn dag. En til þess þarf leyfi húsráðanda.

„Þar verður til samtal, sem verður jafnframt hluti af verkinu og setur það í nýtt samhengi. Sumir senda kannski tillögur inn í gamni en það getur verið sláandi fyrir fólk að heyra að einhver vilji brenna ofan af því – þá fær verkið skyndilega alvarlegan tón,“ segir Eva, sem ákveður hvaða bygging verður fyrir valinu út frá fjölda tilnefninga og meðfylgjandi rökstuðningi. Í framhaldi gjörningsins verður gefin út bók þar sem allar helstu upplýsingar og samtöl verða teknar saman á einn stað.

Evu hefur þegar borist fjöldi tilnefninga og segir greinilegt mynstur farið að myndast.

„Stofnanir og opinberar byggingar eru algengastar, það beinist greinilega mikil reiði að stærri byggingum.“

Gjörningurinn verður kynntur á opnum fundi í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 20 í kvöld. Auk Evu halda þar erindi Alexander Roberts og Ásgerður G. Gunnarsdóttir, sem flytja stutta kynningu á verkefninu Make Space; Magdalena Sigurðardóttir arkitekt fjallar um arkitektúr og umhverfi og Jón Örn Loðmfjörð ljóðskáld flytur erindið Góðmenni í hádeginu, níðingur á kvöldin – allt litróf samviskunnar.

bergsteinn@frettabladid.is



**EVA ÍSLEIFSDÓTTIR** Rannsakar samfélagslegt minni í listgjörningi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Frestur fram á föstudag

Þeir sem vilja tilnefna hús geta sent Evu tölvupóst á netfangið evaisleifs@gmail.com. Auk upplýsinga um bygginguna þarf að koma fram hvers vegna viðkomandi bygging varð fyrir valinu og hvar sá sem sendir póstinn býr. Frestur til að senda inn tilnefningu er fram á föstudag.

Eva Ísleifsdóttir er fædd árið 1982. Hún lauk BA-prófi í myndlist frá LHÍ 2008 og útskrifaðist með meistarapróf í skúlptúr frá The Edinburgh College of Art árið 2010.


## AÐALFUNDUR

Aðalfundur Eignarhaldsfélags Suðurnesja verður haldinn **mánudaginn 11. mars kl. 16:00** á Hótel Keflavík að Vatnsnesvegi 14, Reykjanesbæ.

**Dagskrá**

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Önnur mál

Stjórnin

## Jólaskraut - vorið nálgast

Vorhreinsun er hafin í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Kópavogskirkjugarði og Hólavallagarði við Suðurgötu. Þeir aðstandendur, sem settu jólaskraut á leiði eru hvattir til að koma í garðana og huga að leiðum ástvina sinna. Fjarlægja jólaskraut af leiðum og létta undir með starfsmönnum Kirkjugarðanna og koma í veg fyrir að eigulegt skraut lendi í glatkistunni.

KIRKJUGARÐAR REYKJAVÍKURPRÓFASTSDÆMA

**Tökum öll höndum saman!**
**Garðyrkjudeild Kirkjugarðanna**

**Málstofa**
**Stefnumörkun á Stór-Fjallabakssvæðinu**
**Hvoli, Hvolsvelli**
**miðvikudagskvöldið 27. febrúar**
**kl. 19.30**

Stýrihópur á vegum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Skaftárhrepps stendur fyrir málstofu um stefnumörkun á sviði samgangna og ferðaþjónustu í Hvolnum, Hvolsvelli miðvikudagskvöldið 27. febrúar kl. 19.30.

Stór-Fjallabakssvæðið tekur yfir stærstan hluta af hálendissvæðum sveitarfélaganna þriggja sem standa að verkefninu, þ.m.t. Hekla, Landmannalaugar, Torfajökull, Þórsmörk, Laki og Langasjór.

Nánari upplýsingar má sjá á heimasíðu sveitarfélaganna og á steinsholtsf.is

Allir áhugaaðilar eru hvattir til að mæta og kynna sér verkefnið.

VERTU MEÐ
Í NÝJU
MARKAÐSAFLI



PIPAR\TBWA · SÍA · 130515

**Stofnfundur Markaðsstofu Kópavogs ses. fer fram fimmtudaginn 21. febrúar kl. 12:00 í bæjarstjórnarsalnum, Fannborg 2.**

Markaðsstofa er nýr samstarfsvettvangur bæjarins og atvinnulífsins um ferða- og markaðsmál. Markmiðið er að sameina krafta allra þeirra sem vilja efla atvinnulífið í bænum.

Á fundinum verða kosnir þrír fulltrúar atvinnulífsins í stjórn Markaðsstofu Kópavogs til tveggja ára. Allir fundarmenn hafa kjörgengi og kosningarétt.

Fulltrúar fyrirtækja og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta eru hvattir til að mæta.

Kópavogsbær

kopavogur.is

# Koma á óvart með Nacho cheese

Anna Hrund Másdóttir og Hildigunnur Birgisdóttir sýna í Kling & Bang gallerí.

„Við sýnum bæði verk sem við höfum unnið hvor í sínu lagi og svo líka verk, innsetningu, sem við höfum unnið saman,“ segir Anna Hrund Másdóttir listakona en sýning hennar og Hildigunnar Birgisdóttur verður opnuð í gallerí Kling & Bang á föstudag og stendur til 23. mars. Sýningin ber heitið Nacho cheese en Anna Hrund færist undan þegar hún er beðin um að útskýra titilinn: „Við ætlum að koma á óvart með sýningunni og viljum ekki útskýra verkin í þaula fyrir opnun,“ segir hún.

Í fréttatilkynningu kemur fram að sýningin hafi verið unnin í samstarfi og nánast samruna þeirra tveggja. „Anna Hrund sýnir ný verk sem unnin eru í hefðbundna miðla, til að mynda gerir hún postulínsskúlptúra og þrykk, auk verka úr sælgætisdropum og partískrauti,“ segir þar um verk Önnu Hrundar og um Hildigunni: „Hildigunnur tekst á við tímabundið (eða ef til vill varanlegt) áhugaleysi á því að framleiða meira af dóti til að fylla heiminn af.



**LISTAKONURNAR** Anna Hrund og Hildigunnur sýna í Kling og Bang.


# Ísland besti áfangastaðurinn

## Fjárfestingar í ferðaþjónustu 20. febrúar í Hörpu kl. 14:00 til 17:00.



*Steingrímur J. Sigfússon*



*Björgólfur Jóhannsson*



*Ólöf Ýrr Atladóttir*



*Sigurlaug Sverrisdóttir*



*Björn Ólafsson*



*Leifur Dagfinnsson*



*Rakel Sveinsdóttir*

Frummælendur á Íslenska þekkingardeginum:
**Steingrímur J. Sigfússon,** atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra
**Björgólfur Jóhannsson,** forstjóri Icelandair Group
**Ólöf Ýrr Atladóttir,** ferðamálastjóri
**Sigurlaug Sverrisdóttir,** eigandi og framkvæmdastjóri Ion hótel
**Björn Ólafsson,** framkvæmdastjóri Þríhnúka
**Leifur B. Dagfinnsson,** framleiðandi og eigandi Truenorth

Fundarstjóri er **Rakel Sveinsdóttir,** framkvæmdstjóri Spyr.is

Bláa lónið, Icelandair Group og Truenorth eru tilnefnd til Íslensku þekkingarverðlaunanna 2013. Þá verður viðskipta- eða hagfræðingur ársins verðlaunaður.

Íslenski þekkingardagurinn er opinn öllum. Léttar veitingar eru innifaldar í verði, 3.450 kr. fyrir félagsmenn og 7.900 kr. fyrir aðra.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS vodafone mpbanki EIMSKIP ICELANDAIR

Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga





# Verkir í hálsi og öxlum?

Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!




VOL130102

Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



**SIGRÚN GUNNARSDÓTTIR**
**ALDUR:** 21 árs. Nemi í lögfræði í HR
**JAKKI:** Hennes & Mauritz
**STÍGVÉL:** 38 Prep
**BELTI:** WAREHOUSE
**TOPPUR:** ZARA
**BUXUR:** OASIS



**HILDUR GUÐRÚN ÞORLEIFSDÓTTIR**
**ALDUR:** 21 árs. Nemi í líffræði í HÍ
**KÁPA:** Vintage
**PEYSA:** 9 Líf
**PILS:** Urban Outfitters
**SKÓR:** 9 Líf



**ÞÓRHILDUR ÞORKELSDÓTTIR**
**ALDUR:** 22 ára. Nemi í mann- og fjölmiðlafræði í HÍ
**JAKKI:** Kron by KronKron
**BUXUR:** Levi´s
**SKÓR:** Vagabond

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vel klæddir háskólanemar í rigningunni

Það er ávallt forvitnilegt að gefa fjölbreyttri götutískunni gaum. Fréttablaðið fór á stúfana til að leita uppi vel klædda háskólanema. Þrátt fyrir rigningu og sudda var fatavalið frumlegt þar sem gömlum flíkum út fataskáp foreldra var oftar en ekki blandað saman við nýlegan tískuklæðnað að utan.



**GUÐRÚN ÓLÖF OLSEN**
**ALDUR:** 20 ára. Nemi í lögfræði í HR
**PEYSA:** Forever 21
**SKYRTA:** American Apparel
**SKÓR:** Converse



**ARNAR FREYR REYNISSON**
**ALDUR:** 22 ára. Nemi í viðskiptafræði í HR
**SKYRTA:** Levi´s
**BUXUR:** Urban Outfitters
**PEYSA:** Frá pabba
**VESTI:** Next
**HÚFA:** Smash



**PÉTUR HAUKUR LOFTSSON**
**ALDUR:** 25 ára. Nemi í viðskiptafræði í HR
**JAKKI:** Frá pabba
**TASKA:** Geysir
**HÚFA:** Burton
**BUXUR:** Cheap Monday

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
5%
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| A GOOD DAY TO DIE HARD | 8, 10.10(P) | 16 |
| ZERO DARK THIRTY | 6, 9 | 16 |
| VESALINGARNIR | 6, 9 | 12 |
| KVIKUR SJÓR | 6 | L |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMBIO.IS




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| WARM BODIES VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 6 - 8 (10:10 3D ÓTEXTUÐ) | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| WRECK-IT RALPH ÍSL TAL | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 8 | 16 |
| A GOOD DAY TO DIE HARD | KL. 10:10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| A GOOD DAY TO DIE HARD | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 5:50 - 10:30 | 16 |
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| RIGOLETTO ÓPERA | KL. 18:00 | L |
| WARM BODIES | KL 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSL TAL | KL. 6 | L |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 8- 10:10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WARM BODIES | KL. 8 | 16 |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 10 | 16 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 8 - 10:10 | 16 |




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 5 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| DIE HARD LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ZERO DARK THIRTY | KL. 8 | 16 |
| DJANGO | KL. 8 | 16 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 3.30 | L |
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| LAST STAND | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.40 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| EUGENE ONEGIN ÓPEREA | KL. 7. 15 | L |
| DIE HARD 5 | KL. 5.40 - 10.30 | 16 |
| KON-TIKI | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN | KL. 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| DIE HARD 5 | KL. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| ZERO DARK THIRTY | KL. 10 | 16 |
| HVELLUR | KL. 5.50 | L |
| THE LAST STAND | KL. 8 | 16 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

| | | |
|---|---|---|
| BEYOND THE HILLS | (16) | 18:00, 21:00 |
| KON-TIKI | (12) | 17:45, 20:00 |
| HOLY MOTORS | (16) | 22:15 |
| HVELLUR | (L) | 18:00, 20:00 |
| XL | (16) | 22:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!
SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



**TIL FRAKKLANDS** Cheek Mountain Thief er á leiðinni til Frakklands.

# Cheek ferðast um Frakkland

Hljómsveitin Cheek Mountain Thief er á leið í stóra tónleikaferð um Frakkland um miðjan mars. Hljómplata sveitarinnar hefur fengið stórgóðar viðtökur þar í landi en hún var gefin þar út af breska útgáfufélaginu Full Time Hobby síðastliðið haust. Platan endaði meðal annars á árslista tónlistartímaritsins Les Inrock. Tónleikaferðin hefst með tónleikum í París 15. mars og svo mun hljómsveitin ferðast vítt og breitt um Frakkland og leika á síðustu tónleikunum í borginni Vannes hinn 23. mars. Forsprakki Cheek Mountain Thief er Mike Lindsay sem hefur verið búsettur á Íslandi.

# Að seljast upp á Globetrotters

**Eins og flestir vita eru körfuboltasnillingarnir í Harlem Globetrotters væntanlegir til landsins og ætla að standa fyrir fjölskylduskemmtun í Kaplakrika þann 5. maí næstkomandi. Þetta verður þeirra fjórða heimsókn til landsins, en sú fyrsta frá árinu 2002. Sala á skemmtunina hófst laust fyrir áramót og eru nú á þriðja þúsund miða seldir, en Kaplakriki tekur aðeins 2.800 manns í sæti. Það stefnir því allt í að uppselt verði á skemmtunina von bráðar en svokallaðir VIP-miðar eru nú þegar allir farnir.**



**VINSÆLIR** Örfáir miðar eru eftir á körfuboltaskemmtunina í Kaplakrika. NORDICPHOTOS/AFP



**EFNILEG** Carly Rose er hörkusöngkona þrátt fyrir ungan aldur, en hún verður 14 ára í apríl. NORDICPHOTOS/AFP

# Rose flytur Little Talks

Söngkonan unga Carly Rose Sonenclar er best þekkt fyrir að hafa lent í öðru sæti í annarri seríu raunveruleikaþáttanna The X Factor í Bandaríkjunum nú í desember. Hún vakti mikla athygli í þáttunum þar sem hún þótti sérstaklega góð miðað við aldur, en stúlkan verður 14 ára í apríl. Hún gerði sér lítið fyrir á X Factor-sviðinu og fetaði þar í fótspor listamanna á borð við Ettu James, Celine Dion, Adele, Mariah Carey, John Lennon og Leonard Cohen og nú hefur íslenska hljómsveitin Of Monsters and Men komist á þennan flotta lista því söngkonan hefur sett myndband af sér og bróður sínum, Russell, að flytja lag þeirra Little Talks og inn á Youtube. Systkinin tileinkuðu flutninginn vinkonu sinni, Katie, sem glímir við sjúkdóminn EOS. - trs


Skipulagsstofnun

## Sorpurðun í landi Tjarnarlands

### Mat á umhverfisáhrifum - álit Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b. Skipulagsstofnun telur að ekki sé að vænta þess að mengun berist í grunn- eða yfirborðsvatn frá fyrirhuguðum urðunarhólfum fyrir almennt sorp en undirstrikar mikilvægi vöktunar og eftirlits með grunn- og yfirborðsvatni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða. Varðandi urðunarhólf fyrir sláturúrgang verður sigvatn meðhöndlað og hreinsað áður en það fer úr lokuðu frárennsliskerfi urðunarhólfsins ef mengun í sigvatninu mælist yfir mörkum. Skipulagsstofnun telur að hægt sé að setja ákvæði í starfsleyfi sem kveða nánar á um fyrirkomulag hreinsunar/meðhöndlunar sigvatnsins. Skipulagsstofnun telur að ef vel tekst til að framfylgja þeim verklagsreglum sem fyrirhugaðar eru verði neikvæð áhrif lyktarmengunar ekki veruleg en hugsanlega verða íbúar á bænum Tjarnarlandi varir við við ólykt frá urðuninni í ákveðnum vindáttum. Stofnunin telur að eðli málsins samkvæmt verði neikvæð sjónræn áhrif bundin við rekstrartíma en að almennt séð verði þau ekki veruleg neikvæð þar sem urðunarstaðurinn er fjarri byggð og vegum og mannvirki verða ekki umfangsmikil eða áberandi. Vegna nálægðar bæjarins Tjarnarlands við urðunarstaðinn geta þó sjónræn áhrif fyrir íbúa á bænum og þá sem verða á ferð í nágrenni hans orðið talsvert neikvæð.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Fljótsdalshéraðs er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulagsstofnun.is**.

Skipulagsstofnun



# GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Frábær fjármögnun í boði

Mercedes-Benz




**Árg. 2012, ekinn 14 þús. km, dísil, 170 hö., sjálfsk., eyðsla 6,6 l/100 km í bl. akstri.**

Aukabúnaður: Leðuráklæði, hiti í sætum, rafdrifin sæti, PARKTRONIC fjarlægðarskynjarar, off-road tæknipakki, aftengjanlegur dráttarkrókur, 17" felgur.

**Verð 7.390.000 kr.**

**Mercedes-Benz GLK 220 CDI 4Matic**




**Árg. 2012, ekinn 7 þús. km, bensín, 123 hö., beinsk., eyðsla 6,2 l/100 km í bl. akstri.**

Aukabúnaður: Aksturstölva, fjarlægðarskynjarar, kastarar, loftkæling, hraðastillir, rafdrifnar rúður og speglar, rafdrifin leðursæti með minni, upplýsingaskjár, stafrænt mælaborð, þjófavörn.

**Verð 4.590.000 kr.**

**Mercedes-Benz B 180**




**Árg. 2007, ekinn 92 þús. km, bensín, 303 hö., sjálfsk.**

Aukabúnaður: Fjarlægðarskynjarar, dráttarbeisli, glertopplúga, handfrjáls búnaður, hraðastillir, hiti í sætum, leðuráklæði, litað gler, loftkæling, minni í sætum, rafdrifin sæti, Xenon aðalljós, þjófavörn, fjórhjóladrif.

Verð 5.990.000 kr.

**Tilboðsverð 4.990.000 kr.**

**Mercedes-Benz ML 500**




**Árg. 2008 (nýskráður 2010), ekinn 37 þús. km, eyðsla 8,3 l/100 km í bl. akstri. bensín/metan, 164 hö., sjálfsk.**

Aukabúnaður: Glertopplúga, fjarlægðarskynjarar, hiti í sætum, hraðastillir, leðuráklæði, loftkæling, rafdrifin sæti, Xenon aðalljós og margt fleira.

**Verð 6.390.000 kr.**

**Mercedes-Benz E 200 NGT Kompressor**

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-0189

## Gunnar tók risastökk á MMA-listanum



**MMA** Gunnar Nelson hoppaði upp um heil 44 sæti á nýjum styrkleikalista í veltivigt í MMA, blönduðu bardagaíþróttum, sem birtur er á Fightmatrix-vefsíðunni. Til að koma til greina þurfa bardagamennirnir að hafa keppt að minnsta kosti einu sinni á síðustu 450 dögum.

Gunnar er nú í 20. sæti á listanum eftir sigur sinn á Brasilíumanninum Jorge Santiago um síðustu helgi en Santiago er aftur á móti í 52. sæti listans. Gunnar er með 230 stig, sextán stigum meira en næsti maður á eftir honum og er jafnframt aðeins einu stigi á eftir manninum í 19. sætinu sem er Bandaríkjamaðurinn B.J. Penn.

31 árs gamall Kanadamaður, Georges St. Pierre, er langefstur á listanum en hann er með 1.032 stig eða 445 stigum meira en næsti maður. St. Pierre hefur unnið 23 af 25 bardögum sínum á ferlinum. - óój

## AC Milan mun reyna að stöðva Messi

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslitin í Meistaradeild Evrópu halda áfram í kvöld. Þá tekur Galatasaray á móti Schalke en Barcelona sækir AC Milan heim. Aðalleikur kvöldsins er eðlilega rimma stórveldanna Milan og Barcelona.

„Það eru gríðarlega mikilvægir leikir fram undan hjá okkur. Við gerum okkur vel grein fyrir því að leikurinn gegn Milan verður gríðarlega erfiður þó svo fjölmiðlar keppist við að tala Milan niður,“ sagði miðjumaður Barcelona, Xavi.

„Milan hefur unnið fleiri Evróputitla en við. Það er mjög erfitt að leggja þetta lið að velli. Við munum aftur á móti mæta beittir og sýna hvort liðið er betra.“

Margir eru spenntir fyrir að sjá nýtt lið Galatasaray en liðið hefur bætt við sig þeim Wesley Sneijder og Didier Drogba í janúar.

„Við erum klárir og getum hreinlega ekki beðið eftir því að spila þennan leik. Þetta verður frábær leikur,“ sagði Sneijder sem kom til liðsins frá Inter.

„Við eigum að spila okkar leik og fara með forskot til Þýskalands. Við þekkjum styrkleika og veikleika Schalke. Það skiptir samt mestu máli



að við spilum vel. Við ætlum að gefa í og vinna leikinn.“

Leikirnir hefjast klukkan 19.45 og eru í beinni á sportrásum Stöðvar 2. - hbg

## ÚRSLIT

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**ARSENAL - FC BAYERN 1-3**
0-1 Toni Kroos (7.), 0-2 Thomas Müller (21.), 1-2 Lukas Podolski (55.), 1-3 Mario Mandzukic (77.)

**PORTO - MALAGA 1-0**
1-0 Joao Moutinho (55.)

### N1-DEILD KVENNA

**ÍBV - HK 27-22**
**Mörk ÍBV:** Drífa Þorvaldsdóttir 6, Guðbjörg Guðmannsdóttir 5, Ester Óskarsdóttir 4, Georgeta Grigore 4, Simona Vintila 3, Ivana Mladenovic 3.
**Mörk HK:** Guðrún Erla Bjarnadóttir 7, Brynja Magnúsdóttir 6, Heiðrún Björk Helgadóttir 3, Emma Sardarsdóttir 1, Gerður Arinbjarnar 1.

**FRAM - HAUKAR 34-19**
**Mörk Fram:** Stella Sigurðardóttir 9, Hekla Ámundadóttir 5, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5, Birna Berg Haraldsdóttir 4, Elísabet Gunnarsdóttir 4, Sunna Jónsdóttir 3, Marthe Sördal 2, Ásta Birna Gunnarsdóttir 1, Steinunn Björnsdóttir 1.
**Mörk Hauka:** Marija Gedroit 9, Karen Díönudóttir 3, Viktoría Valdimarsdóttir 3, Gunnhildur Pétursdóttir 3.

**VALUR - SELFOSS 30-22**
**Ekki bárust upplýsingar um markaskorara.**

**FYLKIR - FH 19-26**
**Mörk Fylkis:** Andrea Olsen 8, Thea Imani Sturludóttir 5, Hildur Björnsdóttir 3, Tanja Zamoreva 3.
**Mörk FH:** Ásdís Sigurðardóttir 8, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 6, Steinunn Snorradóttir 4, Birna Íris Helgadóttir 4, Berglind Ósk Björgvinsdóttir 2.

**STJARNAN - AFTURELD. 35-20**
**Mörk Stjörnunnar:** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 7, Kristín Clausen 4, Esther V. Ragnarsdóttir 4, Jóna Ragnarsdóttir 4, Þórhildur Gunnarsdóttir 4.
**Mörk Aftureldingar:** Hekla Daðadóttir 7, Sara Kristjánsdóttir 7, Sigrún Másdóttir 2.

**visir.is**
Nánar um leiki gærkvöldsins.

# Marklínutækni á HM

**Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, tilkynnti í gær að marklínutækni yrði notuð á HM í Brasilíu á næsta ári. Það verður í fyrsta skipti sem slíkur búnaður verður notaður á HM. Skiptar skoðanir eru á þessum breytingum hjá FIFA.**

**FÓTBOLTI** Búnaðurinn sem notaður verður á HM var notaður á heimsmeistaramóti félagsliða í desember og kom vel út. Búnaðurinn verður einnig notaður í Álfukeppninni í sumar. Prófanir hafa farið fram á síðustu árum og eru forráðamenn FIFA sáttir við þann búnað sem verður notaður.

Sepp Blatter, forseti FIFA, hefur verið baráttumaður fyrir því að nota marklínutækni eftir leik Englands og Þýskalands á HM 2010. Þá fór skot Englendingsins Franks Lampard klárlega inn fyrir línuna. Það sáu nokkurn veginn allir nema dómarinn og aðstoðardómarinn sem dæmdu markið ekki gilt.

Þá varð fjandinn laus og umræðan sem varð í kjölfarið hefur leitt til þess að nútímatækni verður til taks á næsta HM. Umdeilanleg atvik á borð við þetta mark ættu því að vera úr sögunni.

FIFA mun nota annaðhvort búnað sem heitir Goalref eða Hawkeye. Goalref er keyrt á skynjurum sem segja til um hvort boltinn fór inn fyrir línuna eður ei. Hawkeye notar aftur á móti margar myndavélar. FIFA notaði báðar græjurnar á HM félagsliða. FIFA mun ákveða í apríl hvaða búnaður verður að lokum notaður.



**„MARKIÐ“ SEM BREYTTI ÖLLU** Skot Franks Lampard í leik Englands og Þýskalands á HM 2010 fór greinilega inn fyrir línuna en markið var ekki dæmt. NORDICPHOTOS/GETTY

Óhætt er að segja að það séu skiptar skoðanir um þessa ákvörðun FIFA. Á meðan margir fagna henni eru aðrir mjög ósáttir við þessa breytingu.

Þeir vilja að fótboltinn sé alls staðar eins og eru á því að mikill sjarmi fari af íþróttinni við að tæknivæða hana á þennan hátt. Aðeins tíminn mun leiða í ljós hvort þessar breytingar falli í kramið eður ei hjá fótboltaaðdáendum. henry@frettabladid.is



**PATREKUR** Hefur staðið sig vel með Austurríki. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Patrekur búinn að framlengja

**HANDBOLTI** Austurríska handknattleikssambandið greinir frá því á heimasíðu sinni í dag að það sé búið að framlengja samning sinn við Patrek Jóhannesson til ársins 2015. Patrekur þjálfar karlalandslið Austurríkis.

Patrekur hefur verið þjálfari hjá Austurríki síðan um sumarið 2011 en þá tók hann við liðinu af Svíanum Magnus Andersson.

Hann mun taka við þjálfun karlaliðs Hauka næsta sumar og sinnir landsliðsþjálfarastarfinu samhliða vinnu sinni hjá Haukum. - hbg

## Bjarni í Val

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson er kominn aftur heim til Vals en hann skrifaði undir þriggja ára samning við félagið í gær.

Hann kemur til liðsins frá Stabæk í Noregi. - hbg

POTTURINN ER TVÖFALDUR
OG STEFNIR Í

1400
MILLJÓNIR

230.000.000
+1170.000.000




Fyrsti vinningur stefnir í 230 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 1170 milljónir.
**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fíton/SÍA


BOOSTER
KJÚKLINGABORGARI
MEÐ DÖKKU KJÖTI*,
SÚRUM GÚRKUM,
MAJÓNESI OG
TÓMATSÓSU.
Nýtt
AÐEINS
399
kr.
KFC
* ÚRBEINAÐ SKINNLAUST UPPLÆRI
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 21.35
### Rita

Danska þáttaröðin Rita hefur slegið í gegn hjá áhorfendum og í kvöld verður mikið um að vera hjá kennslukonunni Ritu. Hún er með nemanda með athyglisbrest og þegar skemmdarverk er unnið í skólanum fellur grunur fljótt á hann. Rita tekur slaginn fyrir nemandann en á sama tíma þarf Jeppe sonur hennar á hjálp að halda.

## Í KVÖLD




### Íslensku tónlistarverðlaunin

**RÚV KL. 19.55** Þá er komið að því að afhenda íslenskum tónlistarmönnum verðlaun fyrir verk sín á árinu 2012 og verður hátíðin sýnd í beinni útsendingu á RÚV. Veitt verða verðlaun í 21 mismunandi flokki og sjá þau Sigrún Hjálmtýsdóttir og Vilhelm Anton Jónsson um að kynna herlegheitin.



### Last Resort

**SKJÁR 1 KL. 21.10** Þá er komið að síðasta þættinum í þessari fyrstu og einu þáttaröð um Marcus Chaplin og áhöfnina hans og allt er á suðupunkti. Kínversk herskip nálgast eyjuna og nú er allt undir. Kemst áhöfnin aftur heim til Washington? Og ef svo fer, hvað bíður hennar þá þar?

**TV.COM** 7,8 **IMDb** 7,6



### Dollhouse

**POPPTÍVÍ KL. 22.10** Í þessum fyrsta þætti annarrar seríu er Echo send að rannsaka vopnasalann Martin Klar. Hún kynnist Klar undir fölsku flaggi en þegar hann verður ástfanginn af henni og biður hana að giftast sér kemur í ljós hversu langt hún er tilbúin að ganga fyrir upplýsingarnar sem hún þarf.

**TV.COM** 8,2 **IMDb** 7,5

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Raddir Afríku **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Fréttir **14.03** Matur er fyrir öllu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Konur **15.25** Skáldkonan Sylvia Plath - líf hennar og ljóð **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Gullfiskurinn **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Okkar á milli **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Inni **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.30 360 gráður** *(e)*
**16.00 Djöflaeyjan** *(e)*
**16.40 Hefnd** *(17:22) (e)*
**17.25 Franklín**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Ekki gera þetta heima** *(2:4) (Ikke gjör dette hjemme) (e)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**19.55 Íslensku tónlistarverðlaunin** BEINT frá afhendingu Íslensku tónlistarverðlaunanna í Silfurbergi í Hörpu. Fram koma Ásgeir Trausti, Daníel Bjarnason, Valdimar, Hamrahlíðarkórinn, Skúli Sverris & Óskar Guðjóns og Retro Stefson.
**21.25 Kiljan**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2013** *(3:10)* Í þáttunum er fylgst með keppni í einstökum greinum, stöðu í stigakeppni knapa og liða, rætt við keppendur og fleiri. Á milli móta eru keppendur og lið heimsótt og slegið á létta strengi.
**22.35 Heldur klúrara en Hollywood** *(Not Quite Hollywood: The Wild, Untold Story of Ozploitation!)* Heimildamynd um ástralska kvikmyndagerð á áttunda og níunda áratugnum þegar mikið bar á kynlífi, ofbeldi, hryllingi og hasar í bíómyndum þar. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.20 Kastljós** *(e)*
**00.35 Fréttir**
**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.00 Gulliver's Travels**
**14.25 Lína Langsokkur**
**15.40 Knight and Day**
**17.30 Gulliver's Travels**
**18.55 Lína Langsokkur**
**20.10 Knight and Day**
**22.00 The Descendants**
**23.55 London Boulevard**
**01.35 Transsiberian**
**03.25 The Descendants**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(11:16)*
**08.30 Ellen** *(100:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(87:175)*
**10.20 Extreme Makeover: Home Edition**
**11.50 Privileged** *(6:18)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 New Girl** *(22:24)*
**13.25 Gossip Girl** *(2:10)*
**14.10 Step It up and Dance** *(8:10)*
**15.00 Big Time Rush**
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(101:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(22:23)*
**19.40 The Middle** *(12:24)*
**20.05 2 Broke Girls** *(2:24)* Önnur þáttaröðin af þessum hressilegum gamanþáttum um stöllurnar Max og Caroline. Við fyrstu sýn virðast þær eiga fátt sameiginlegt en við nánari kynni er það þó fleira en fólk gæti haldið.
**20.25 Go On** *(5:22)* Vinurinn Matthew Perry er hér í hlutverki Ryans King, íþróttafréttamanns sem missir konuna sína. Hann sækir hópmeðferð fyrir fólk sem hefur orðið fyrir ástvinamissi.
**20.50 Grey's Anatomy** *(15:24)* Vinsælir dramaþættir sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg.
**21.35 Rita** *(5:8)* Vandaðir þættir um dönsku kennslukonuna Ritu.
**22.20 Girls** *(3:10)* Önnur gamanþáttaröðin um vinkvennahóp á þrítugsaldri sem býr í draumaborginni New York.
**22.45 NCIS** *(10:24)*
**23.30 Person of Interest** *(17:23)*
**00.15 Breaking Bad** *(11:13)*
**01.05 The Closer** *(8:21)*
**01.50 Damages** *(8:13)*
**02.30 Bones** *(3:13)*
**03.15 The Fallen**
**05.10 Go On** *(5:22)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**16.20 Meistaradeild Evrópu:** Endursýndur leikur
**18.00 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**18.30 Meistaradeildin í handbolta: markaþáttur**
**19.00 Þorsteinn J. og gestir: upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Milan - Barcelona** BEINT frá leik í 16 liða úrslitum.
**21.45 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**
**22.15 Meistaradeild Evrópu: Galatasaray - Schalke**
**00.05 Meistaradeild Evrópu: Milan - Barcelona**
**01.55 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Football League Show** Svipmyndir úr leikjum í næstefstu deild.
**16.50 Man. Utd. - Fulham**
**18.30 Premier League Review Show**
**19.25 Everton - Newcastle**
**21.10 PL Classic Matches: Aston Villa - Liverpool, 1998**
**21.40 PL Classic Matches: West Ham - Sheffield Wed, 1999**
**22.10 Chelsea - Liverpool**

## Stöð 2 krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Lukku-Láki**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ozzy & Drix**
**17.25 Leðurblökustelpan**
**17.50 iCarly** *(17:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(13:22)* Hómer bíður spenntur eftir upphafi nýs tímabils í XFL þar til tilkynning berst um andlát Abrahams Simpson.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu** Á
**18.15 Gossip Girl** *(4:22)*
**19.00 Friends** *(16:24)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(16:24)*
**19.50 Simpson-fjölskyldan**
**20.15 American Dad** *(8:16)* Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.
**20.35 Funny or Die** *(5:12)* Sketsaþættir byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21.05 FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.25 Arrow** *(6:23)* Bandarísk þáttaröð um ungan milljónamæring og glaumgosa sem snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af. Núna er hann í hefndarhug og berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur en viðheldur ímynd glaumgosans á daginn.
**22.10 Dollhouse** *(1:13)* Önnur sería spennuþátta sem gerist í náinni framtíð þar sem undirheimafyrirtæki gera út sérstaka málaliða sem hægt er að breyta og laga að hverju verkefni fyrir sig.
**22.55 American Dad** *(8:16)*
**23.20 Funny or Die** *(5:12)*
**23.50 FM 95BLÖ**
**00.10 Arrow** *(6:23)*
**00.55 Dollhouse** *(1:13)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## STÖÐ 2 GULL

**18.15 Doctors** *(139:175)*
**19.00 Ellen** *(101:170)*
**19.40 Hæðin** *(2:9)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(4:14)*
**21.05 Krøniken** *(4:22)*
**22.05 Ørnen** *(4:24)*
**23.05 Hæðin** *(2:9)*
**23.55 Örlagadagurinn** *(4:14)*
**00.25 Krøniken** *(4:22)*
**01.25 Ørnen** *(4:24)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray**
**08.45 Dr. Phil**
**09.25 Pepsi MAX tónlist**
**14.40 The Voice** *(6:15)*
**17.00 Rachael Ray**
**17.45 Dr. Phil**
**18.25 Once Upon A Time** *(7:22)*
**19.15 Everybody Loves Raymond** *(6:24)*
**19.35 America's Funniest Home Videos** *(43:48)*
**20.00 Will & Grace** *(5:24)*
**20.25 Top Chef** *(11:15)* Bandarískur raunveruleikaþáttur þar sem efnilegir matreiðslumenn þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldshúsinu. Keppendum er boðið í sex rétta máltíð á fínum veitingastað en eiga svo að endurskapa réttina í spennandi keppni.
**21.10 Last Resort** *(13:13)* Hörkuspennandi þættir um áhöfn kjarnorkukafbáts sem þarf að hlýða skipun sem í hugum skipstjórnenda er óhugsandi.
**22.00 Law & Order UK** *(2:13)* Vandaðir þættir um störf lögreglumanna og saksóknara í Lundúnum sem eltast við harðsvíraða glæpamenn. Lögreglan leitar tveggja ára drengs sem var numinn á brott úr hringekju í stórri verslunargötu.
**22.50 Hawaii Five-0** *(19:24)*
**23.35 The Walking Dead** *(3:16)*
**00.25 Combat Hospital** *(9:13)*
**01.05 XIII** *(4:13)*
**01.55 CSI: Miami** *(9:22)*
**02.35 Excused**
**03.00 Last Resort** *(13:13)*
**03.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.45** Northern Trust Open **2013** *(3:4)* **11.15** Golfing World **12.05** Northern Trust Open **2013** *(4:4)* **16.35** Inside the PGA Tour *(8:47)* **17.00** World Golf Championship **2013** *(1:5)* **23.00** PGA Tour - Highlights *(7:45)* **23.55** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Sigmundur Davíð **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Vínsmakkarinn

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun






2 VILD
er snilld
STÓR
RIZZO PIZZA Á 790 KR.
í þremur einföldum skrefum!
1
Skráðu kreditkort fjölskyldunnar á stod2.is
2
Pantaðu allt að 5 stórar pizzur með tveimur áleggstegundum.
3
Sæktu og borðaðu ekta eldbakaða pizzu.
• Kynningartilboðið gildir til 27.febrúar og er aðeins hægt að nýta sér það einu sinni þangað til.
• Þú getur pantað allt að 5 stórar pizzur með tveimur áleggstegundum, 790 kr. hver pizza ef þú sækir.
• Hægt er að skrá allt að 5 kreditkort á hverju heimili. Kortin eru aðeins skráð til að veita sjálfkrafa afslátt hjá samstarfsaðilum, ekki til að skuldfæra áskrift.
• Frá 28. feb. veitir Stöð 2 Vild fastan 25% afslátt af matseðli á Rizzo Pizzeria!
Pizzeria Rizzo
SÍMI 577 7000
Grensásvegi
Opið frá 11-21
nema fös. og lau. til 22
Hraunbæ,
Bæjarlind og Urðarholti
Opið frá 17-21
nema fös. og lau. til 22
KYNNINGARTILBOÐ FRÁ NÝJUM SAMSTARFSAÐILA
AÐEINS FYRIR ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2
RIZZO PIZZA
GRENSÁSVEGI 10
108 REYKJAVÍK
VISA CREDIT
DAGS. 19.02.2013
TÍMI: 12:15
VIÐSKIPTI
ISK
790
UPPHÆÐ 2.190 ISK
STÖÐ 2 VILDAR AFSLÁTTUR 1.400 ISK
TIL GREIÐSLU 790 ISK
SKILABOÐ
STÖÐ 2 AFSLÁTTUR (114)
TIL HAMINGJU
ÞÚ FÉKKST 1.400 KR.
AFSLÁTT VEGNA ÞESS
AÐ ÞÚ ERT Í STÖÐ 2
VILD
KYNNTU ÞÉR AFSLÁTTAR-
KJÖRIN HJÁ SAMSTARFS-
AÐILUM STÖÐ 2 VILD

**BÍÓMYNDIN**



**„The Night of a Hunter frá 1955 er á meðal minna uppáhalds og líka A Mighty Wind, en hún er viðbjóðslega fyndin. Svo verð ég að nefna Todo sobre mi madre eftir Pedro Almodóvar. Hann býr til ótrúlega skemmtileg kvenhlutverk.“**

Maríanna Clara Lúthersdóttir leikkona.

# Felix og Reynir Þór fara Alla leið

## Sérfræðingar skoða öll lögin sem keppa í Eurovision í fimm þáttum á RÚV.

„Við verðum tveir fastir og fáum tvo mismunandi gesti í hvern þátt til að hjálpa okkur. Svo verður fólk í sal sem getur haft áhrif á dóm okkar,“ segir Felix Bergsson. Hann mun sjá um Eurovisionþættina Alla leið þetta árið ásamt Reyni Þór Eggertssyni.

Þættirnir verða byggðir upp á svipaðan hátt og undanfarin ár og munu öll lögin sem keppa í Eurovision í Malmö í maí verða skoðuð. Fyrsti þátturinn fer í loftið laugardaginn 13. apríl og verða þeir svo sýndir næstu fimm laugardaga þar á eftir, eða allt fram að keppni.

Reynir Þór hefur lengi verið tengdur við Eurovision-heiminn og þykir einn helsti spekingur landsins í þeim málum. Áhugi og þekking Felix á Eurovision hefur þó farið hljóðar en hann segist þó vera mikill aðdáandi keppninnar þó þekking hans sé hvergi nærri jafn mikil og Reynis. „Reynir er að finna líkindi með lögum sem eru að keppa í ár og öðrum sem tóku kannski þátt í undankeppnum einhverra landa fyrir mörgum árum síðan. Hann kemur með alls kyns svoleiðis innslög inn í þættina, sem er rosalega gaman,“ segir hann.

Felix er keppninni þó sæmilega kunnur og fór til að mynda með Vinum Sjonna til Düsseldorf árið 2010 sem blaðafulltrúi þeirra. Hann hefur þó aldrei tekið þátt sjálfur, þó það hafi komið til tals á árum áður. „Það voru umræður um það á þeim tíma sem ég var poppstjarna, en það tímabil entist svo stutt að það varð aldrei neitt úr því,“ segir hann og hlær. „Ætli ég sé ekki orðinn of seinn núna, þó það sé aldrei að vita,“ bætir hinn við.



**ÁHUGAMENN UM EUROVISION** Reynir og Felix sjá um Alla leið. FRÉTTABLAÐIÐ/

Uppáhaldslag Felix í Eurovision er sigurlagið frá 1997, Love Shine A Light með Katrinu & the Waves.

# Til heiðurs Biogen

## Tónlistarmenn minnast raftónlistarfrumkvöðuls.

Weirdcore-samsteypan og Möller-forlagið standa fyrir kvöldinu Babel á skemmtistaðnum Dolly laugardagskvöldið 23. febrúar næstkomandi. Babel er raftónlistarkvöld til heiðurs tónlistar- og listamanninum Sigurbirni Þorgrímssyni, sem var einnig þekktur undir nafninu Biogen, en hann lést árið 2011.

Sigurbjörn var einn af frumkvöðlum íslensku dans- og raftónlistarsenunnar, meðal annars sem meðlimur í reifsveitinni Ajax, og gaf út þrjár plötur. Babel var annað listamannsnafn hans.

Fram koma Futuregrapher & Árni Vector, Tanya & Marlon, Bix, Agzilla, Thizone, Beatmakin Troopa og Skurken, ásamt því að leikið verður listamannsspjall við Biogen eftir Hall Örn Árnason.



**BIOGEN** Sigurbjörn Þorgrímsson lést árið 2011.




Hef hafið störf á hársnyrtistofunni
**LaBella, Furugerði 3,**
sími **517 3322.**
Verið velkomin.
LABELLA
HÁRSNYRTI & FÖRÐUNARSTOFA
EYGLÓ JÓNASDÓTTIR



**Nýr Rauðmagi**
**- frá Ólafsvík og Rifi**
**HARÐFISKUR**
- barinn og óbarinn
**LAXAFLÖK**
- beinhreinsuð og flott
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755



Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Það er bannað að mismuna börnum eftir litarhætti




**Í NÝRRI TÓNLEIKARÖÐ** Magnús Trygvason Eliassen spilar með um tuttugu hljómsveitum. Tónleikaröðin Magnús mánaðarins hefst á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Trommar með 20 mismunandi sveitum

## Magnús Trygvason Eliassen er aðalmaðurinn í nýrri tónleikaröð á Kexi Hosteli.

Tónleikaröðin Magnús mánaðarins hefur göngu sína á Kexi Hosteli á sunnudagskvöld. Þar býður trommuleikarinn Magnús Trygvason Eliassen góðum gestum í heimsókn úr þeim fjölmörgu hljómsveitum sem hann starfar með.

Aðspurður segist Magnús vera í um tuttugu hljómsveitum. Hann segist ekki vita hvort einhver sé í fleiri sveitum hér á landi en hann. „Það er alveg til fólk sem vinnur með jafnmörgum og ég. En mikið af þessu fólki sem ég vinn með er rosalega áberandi,“ segir hinn fjölhæfi Magnús, sem hefur haft trommuleikinn sem aðalstarf undanfarin fimm til sex ár. „Sumir segja að tónlistin sé einhvers konar köllun í lífinu og ég get alveg skrifað undir það.“

Fyrir síðustu jól spilaði hann inn á plötur með Moses Hightower, Tilbury, Borko og ADHD. Á meðal annarra hljómsveita sem hann spilar með eru Sin Fang, Mr. Silla, Monotown og K-Tríó.

Magnús, sem á norskan föður, er þekktur fyrir að hafa NBA-derhúfu á höfðinu á tónleikum og býst við því að halda því áfram í Magnúsi mánaðarins. „Ég kem alltaf til dyranna eins og ég er klæddur og ég verð vafalaust með derhúfu. Ég er ekki þekktur fyrir að klæða mig neitt sérstaklega mikið upp en ég er mikill aðdáandi þessara derhúfna sem ég safna,“ segir kappinn sem á ellefu til tólf svoleiðis húfur á lager.

Magnús mánaðarins verður haldin einu sinni í mánuði og hefjast fyrstu tónleikarnir á sunnudag klukkan 20.30. Þá spilar Magnús með Kippa Kaninus en þeir eru að ljúka við plötu saman. „Við ætlum að nýta það að við erum í góðri æfingu.“

freyr@frettabladid.is

# Villur í tveimur kven-Eddum

## María Birta og Sara Dögg fengu verðlaun fyrir besta leik „ársnis“ á Eddunni.

„Ég hafði ekki heyrt af þessu, en það er minnsta málið að kippa þessu í liðinn. Það var farið yfir allar stytturnar fyrir afhendingu, þær pússaðar og gerðar fínar, en þetta hefur farið alveg fram hjá okkur,“ segir Brynhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Eddunnar. Sömu stafsetningarvillu er að finna á tveimur verðlaunastyttum, fyrir bestu leikkonu í aðalhlutverki og í aukahlutverki. Á skildinum stendur „ársnis“ í stað „ársins“.

Handhafar umræddra verðlaunastytta eru leikkonurnar Sara Dögg Ásgeirsdóttir og María Birta Bjarnadóttir. Hvorug þeirra hafði haft samband við Brynhildi þegar Fréttablaðið ræddi við hana. Edduverðlaunin fóru fram með pompi og prakt í Hörpunni á laugardag og þótti hátíðin vel lukkuð. Innt eftir því hvort svona nokkuð hafi gerst áður segir Brynhildur að það þurfi annað slagið að laga styttur. „Við höfum þurft að laga styttur, það er nú orðið frægt þegar styttan hans Ómars [Ragnarssonar] brotnaði, og það hefur einnig komið fyrir að fólk týni hluta af styttunni. Það er alltaf sami maðurinn sem tekur þetta að sér og þetta tekur ekki nema tvo daga.“ Brynhildur tekur þó fram að handhafar þurfi sjálfir að hafa samband við stjórn Eddunnar ef það þarf að lagfæra stytturnar. „Við vitum ekkert nema fólk láti okkur vita, það er augljóst. Þær sem fengu stytturnar mega endilega hafa samband við okkur og þá kippum við þessu í lag.“






**LEIKKONUR „ÁRSNIS“** Stafsetningarvillu má finna á tveimur Edduverðlaunagripum. Á spjaldinu stendur „ársnis“ í stað „ársins“.

# ÚTSALA

## Allt að 40% afsláttur !

| | |
|---|---|
| Heilir sturtuklefar | Verð frá kr.38.900 |
| Sturtuhorn m/botni | Verð frá kr.21.900 |
| Sturtuhurðar | Verð frá kr.16.900 |
| Sturtuveggir 6-10mm | Verð frá kr.21.900 |
| Baðkarshlífar | Verð frá kr.10.900 |
| Sturtustangasett | Verð frá kr.1.900 |

**Baðinnréttingar**
allt að 70% afsláttur
Yfir 40 mismunandi
innréttingar í sýningarsal
Verð frá kr.12.900

**Speglar með ljósum**
allt að 50% afsláttur

www.i-t.is

* Ármúli 31 * 108 Reykjavík * Sími: 588-7332 *

* Opið virka daga frá kl. 9-18 * laugardaga kl. 11 - 15 *

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

# FRÉTTABLAÐIÐ

9 771670 387005

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Villi og Diddú kynnar

Vilhelm Anton Jónsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir, **Diddú**, verða kynnar á Íslensku tónlistarverðlaununum sem verða afhent í 19. sinn í Silfurbergi í Hörpu í kvöld. Veitt verða verðlaun í 23 flokkum. Hluti verðlaunaafhendingarinnar fer fram í beinni útsendingu Sjónvarpsins þar sem fram koma nokkrar af vinsælustu hljómsveitum landsins, Retro Stefson, Valdimar og Ásgeir Trausti, ásamt Daníel Bjarnasyni, Skúla Sverris, Óskari Guðjóns og Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Þorgerður hlýtur jafnframt heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna.



### Snorri snýr aftur

Tónlistarmaðurinn **Snorri Helgason** hefur ekki getað spilað opinberlega síðan í byrjun mánaðarins eftir að hann skar framan af vísifingri og var bannað að spila á gítar í framhaldinu. Snorri þurfti meðal annars að fresta tónleikum á Gljúfrasteini með skömmum fyrirvara, eins og Fréttablaðið sagði frá. Nú virðist Snorri gróinn sára sinna því hann ætlar að koma fram á tónleikum í Iðnó á föstudagskvöld. Þar ætlar hann að hita upp ásamt hljómsveit fyrir góðvini sína í hljómsveitinni Hjaltalín, sem standa fyrir tónleikunum.



- fb, þeb

## Mest lesið vísir

1 Girnist þú vini þína á Facebook? Nýtt forrit slær í gegn
2 Lík af rússneskum stjórnmálamanni fannst steypt niður í olíutunnu
3 Setti á sig gervifæturna til að skjóta Steenkamp
4 Þetta er aðeins of fyndið - Undarlegar geitur slá í gegn
5 Lifði af 82 daga í snjó
6 Fundu tvær 160 ára gamlar járnbrautarlestir á hafsbotni





